


**GUÐJÓN BERGMANN**

*Afmælisveislan alltaf haldin á aðfangadag*

• jólin • koma • bækur

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

**JÓLAGJÖFIN HENNAR**

*Golf, hestamennska og dásamlegt heimadekur*

Sérblaðið Jólagjöfin hennar

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**SVAVA JOHANSEN**

*Merkjavara fyrir milljónir*

Norðmenn og Rússar stórtækir í fatainnkaupum

**FÓLK 38**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

16. desember 2008 — 344. tölublað — 8. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**



**Vex og dafnar með hverjum deginum**

Íþróttafélagið Ægir í Vestmannaeyjum er 20 ára.

**TÍMAMÓT 24**

**Engar lausnir**

Ríkisstjórnin hefur engar lausnir og á að víkja strax, segir Sverrir Jakobsson.

**UMRÆÐAN 20**

**Guðfaðirinn ber af**



Kvikmyndastofnun Bandaríkjanna velur tíu bestu myndir allra tíma í tíu flokkum.

**KVIKMYNDIR 32**



**Ekkert bruðl**

Aron Kristjánsson segir að Haukar séu með ábyrgan rekstur.

**ÍÞRÓTTIR 34**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**HÆGUR** Í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt. Víða él, síst þó norðan og norðaustan til. Frostlaust á annesjum, annars frost 0-8 stig, kaldast inn til landsins.

**VEÐUR 4**

# Umsókn Svartfellinga getur skapað fordæmi fyrir Ísland

**Svartfellingar sem á árunum 1999 til 2002 tóku einhliða upp evru sóttu í gær um aðild að Evrópusambandinu. Viðbrögð sambandsins nú eru talin geta haft fordæmisgildi taki Ísland einhliða upp evru.**

**STJÓRNMÁL** Umsókn Svartfellinga að Evrópusambandinu getur haft fordæmisgildi fyrir Ísland, að sögn Ársæls Valfells, lektors við Háskóla Íslands.

Svartfellingar sóttu í gær formlega um aðild að Evrópusambandinu. Milo Djukanovic, forsætisráðherra Svartfjallalands, greindi frá þessu í París í gær eftir fund sem hann átti með Nicolas Sarkozy, forseta Frakklands, en Frakkar fara nú með forsæti í framkvæmdastjórn sambandsins.

Með upptöku evrunnar á árunum 1999, þegar evran var fyrst notuð í bankaviðskiptum, til 2002, þegar seðlar og mynt var tekin í notkun tóku Svartfellingar einhliða upp evru. Fram að því höfðu þeir, á grundvelli gamalla tengsla, notast við þýsk mörk.

Þá gerðu mörg lönd Evrópusambandsins athugasemdir við að Svartfjallaland tæki upp evruna en í gær fagnaði Ollie Rehn, sem stýrir stækkunarmálum ESB, umsókninni. Sagðist hann vera tilbúinn að hefja viðræðurnar eftir að Evrópuráðið og forsætisnefnd ESB tækju umsóknina til afgreiðslu.

„Mér finnst ekki ólíklegt að Svartfellingar njóti skilnings hjá Evrópusambandinu vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem þar voru,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður utanríkismálanefndar. Hann segir Svartfellinga hafa tekið upp þýskt mark í kjölfar efnahagslegs hruns í landinu og síðan evruna þegar þýska markið vék fyrir evrunni.

Hann segir upptöku Svartfellinga á evru hafa átt sér stað hjá þjóð sem hafi þá ekki verið í sambærilegum tengslum við Evrópusambandið eins og Ísland sé með EES-samningnum.

Aðspurður segir Bjarni að í ljósi efnahagsaðstæðna á Íslandi séu rök fyrir því að eins verði tekið á málum Íslands. „En skilaboðin sem við höfum fengið hafa bent til þess að menn hjá Evrópusambandinu vilji ekki standa frammi fyrir þessu álitaefni. Hvað þeir myndu gera, ef þeir þyrftu að taka á því, er annað mál,“ segir Bjarni.

Ársæll Valfells segir vandamálið liggja hjá íslenskum embættismönnum sem spyrja hvort það megi taka einhliða upp evru. „Einhliða upptaka er eitthvað sem maður gerir, maður spyr ekki að því,“ segir Ársæll.

Hann segir slíkt þó alltaf vera neyðarráð. „Gjaldmiðilshrun á Íslandi er neyðarástand sem gerir það að verkum að þetta er fullkomlega fær leið,“ segir Ársæll.

- ovd




**SÁTU EKKI AÐGERÐALAUS** Þrjátíu til fjörutíu manns tóku í gær þátt í friðsamlegum mótmælum fyrir utan stjórnarráðið. Þátttakendur prjónuðu, saumuðu og lásu meðan á mótmælunum stóð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**EITURGRÆN** Fagurgræn slanga fannst í Asíu. NORDICPHOTOS/AFP

Nýjar dýrategundir:

## Röndótt kanína í Asíu

**LAOS** Meira en þúsund nýrra dýrategunda hafa fundist í suðausturhluta Asíu síðasta áratuginn. Meðal þess er röndótt kanína og risakönguló sem er 30 sentimetrar á breiddina.

Samtals eru nýju tegundirnar 1.068 talsins og hafa fyrst og fremst fundist við Mekong-ána, á svæði sem nær yfir Kambódíu, Laos, Búrma, Taíland og Víetnam. Meðal þess sem fundist hefur eru 519 nýjar plöntur, 217 fisktegundir, 88 froskar, 88 köngulær, 46 eðlur og 22 slöngur.

- ghs

Gunnar Þór Nilsen sýndi snarræði á slysstað í Horsens í Danmörku:

# Íslendingur bjargar lífi Dana

**FÓLK** Ljósmyndarinn Gunnar Þór Nilsen bjargaði lífi ungs Dana eftir alvarlegt bílslys á miðvikudaginn í síðustu viku. Faðir drengsins átti varla orð yfir snarræði Gunnars og hringdi í hann skömmu eftir slysið til að þakka honum fyrir lífgjöf sonar síns.

Slysið átti sér stað rétt fyrir utan Horsens á Jótlandi. Vörubíll hafði reynt framúrakstur með þeim afleiðingum að hann skall á gamalli Toyotu Corolla. Ökumaður bílsins slapp með smávægileg meiðsl en farþeginn reyndist illa slasaður. Vegfarendur sem dreif að stóðu aðgerðalausir þegar Gunnar bar að en hann náði meðal annars að losa tvær tennur sem fest höfðu í koki hins slasaða og voru þess valdandi að hann var næstum kafnaður. Að sögn Gunnars var aðkoman ansi ljót. Hann þakkar fyrstuhjálpar-námskeiðum Rauða krossins fyrir sín skjótu viðbrögð.

- fgg / sjá síðu 38










## SPURNING DAGSINS



*Kristján, er fjölskyldan á hálum ís?*

„Nei, við erum sterk á svellinu.“

Kristján Maack ljósmyndari útbjó 50 fermetra íshokkívöll í bakgarðinum heima hjá sér, þar sem fjölskyldan æfir af kappi.

Ekki lengur hægt að fylgjast með framkvæmdum við tónlistar- og ráðstefnuhús:

# Gestastofu hefur verið lokað

**SKIPULAGSMÁL** Ekki er lengur hægt að fylgjast með framkvæmdum við tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Gestastofunni í Hafnarstræti 20, þar sem henni hefur verið lokað.

Óvíst er hvort Gestastofan verður opnuð aftur. Fer það eftir því hver framtíð hússins verður. Algjör óvissa hefur ríkt um hana, allt frá því að Portus, félagið sem byggði húsið, fór í þrot. Viðræður hafa staðið yfir milli Landsbankans, Austurhafnar, félags í eigu ríkis og borgar, og aðalverktakans, Íslenskra aðalverktaka, um lausn málsins.

Ljóst er að framkvæmdir við húsið stöðvast innan fárra daga, fáist ekki botn í málið. Nú þegar hefur verið hægt verulega á framkvæmdum, meðan beðið er úrlausnar.

Gestastofan átti að gegna því hlutverki að veita upplýsingar um framkvæmdir við tónlistar- og ráðstefnuhúsið sem rís við höfnina.

Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Portus, afhjúpaði í júlí síðastliðnum tíu metra langan útsýnisglugga í Gestastofunni. Við það tækifæri vék hann að efnahagsástandinu í ræðu sinni og sagði meðal annars: „Vonandi harðnar ekki svo á dalnum að við þurfum að breyta áformum okkar hér.“ **- hhs**



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** Stjórnarformaður Portus afhjúpaði tíu metra langan útsýnisglugga Gestastofu í júlí. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Lögreglurannsókn hafin:

# Nýta sér kennitölur skuldara

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan rannsakar nú hvort óprúttnir aðilar nýti kennitölur fólks, sem er í fjárhagslegum erfiðleikum, til að græða peninga.

Í fréttaskýringaþættinum Kompás á Stöð 2 í gærkvöldi var sýnt frá fundi þar sem karlmaður bauð pari, sem þóttist standa illa fjárhagslega, að kaupa nafn þeirra og kennitölu til að hlaða á hana eignum og keyra síðan í gjaldþrot. Í þættinum kom fram að lögreglan mæti þetta sem tilraun til fjársvika. Lögmaður mannsins sem bauð þjónustuna hefur hótað 365 málsókn. **- ovd**

Jólagjafaleikur Fréttablaðsins:

# Heppnir lesendur fá jólagjöf

**ÚTGÁFA Jólagjafaleik Fréttablaðsins er ýtt úr vör í dag. Í boði eru hundrað bókavinningar frá Forlaginu, hundrað bíókort frá Sambíóunum og tuttugu gjafabréf í Þjóðleikhúsið.**

**Leikurinn fer þannig fram að lesendur skrá sig í jólalukkupottinn á vísi.is og verða 25 heppnir lesendur dregnir út á dag, alla daga fram að jólum. Nöfn fyrstu vinningshafanna birtast í blaðinu á morgun en dregið verður út dag hvern fram á aðfangadag jóla.**



**MÓTMÆLI** Lögreglu og mótmælendum lenti saman við Ráðherrabústaðinn í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leyniþjónusta götunnar:

# Varna ráðherrum inngöngu

**MÓTMÆLI** Hópur fólks, sem kallar sig Leyniþjónustu götunnar, hyggst hindra inngöngu ráðherra á ríkisstjórnarfund í dag.

Samkvæmt auglýsingu sem send var á Fésbók ætlar hópurinn að hittast hjá Iðnó klukkan 8.45 í dag og fara þaðan að fundarstað ríkistjórnarinnar. Í auglýsingunni eru þeir sem ekki geta tekið beinan þátt í aðgerðum samt sem áður hvattir til að koma á staðinn og veita aðhald og stuðning með nærveru sinni. Hópurinn hefur áður varnað ráðherrum inngöngu og kom þá til nokkurra átaka milli mótmælenda og lögreglunnar. **- ovd**



**DEILUR VEGNA FRÉTTAR DV** Björgólfur Guðmundsson Sigurjón Árnason og Hreinn Loftsson koma allir fyrir í samtali Reynis Traustasonar, ritstjóra DV, þar sem hann útskýrir fyrir blaðamanni sínum að fjársterkir aðilar hafi hótað tilvist blaðsins birti hann frétt um störf Sigurjóns Árnasonar.

# Íhugar að kæra RÚV

**Reynir Traustason, ritstjóri DV, íhugar að kæra RÚV vegna birtingar trúnaðarsamtals. Hann útilokar ekki uppsögn ef sannast að vera hans rýri trúverðugleika DV. Talsmaður Björgólfs Guðmundssonar aftekur þátt hans með öllu.**

**FJÖLMIÐLAR** Reynir Traustason, ritstjóri DV, íhugar að kæra Ríkisútvarpið fyrir að birta viðtal hans og Jóns Bjarka Magnússonar, fyrrverandi blaðamanns DV, í Kastljósi í gærkvöldi. Hann segir gróflega vegið að starfsheiðri sínum og útilokar ekki að segja starfi sínu lausu ef sannast að vera hans á blaðinu skaði trúverðugleika þess. Hann sé hins vegar ekki þeirrar skoðunar að þess gerist þörf.

Kastljós RÚV spilaði upptöku Jóns Bjarka af trúnaðarsamtali hans við Reyni vegna fréttar sem ritstjórinn ákvað að birta ekki. Í viðtalinu kemur fram að „stórir aðilar úti í bæ“ hafi stöðvað fréttina í krafti fjármagns. Nefndi Reynir Björgólf Guðmundsson, Hrein Loftsson, stjórnarformann Birtings, sem gefur út DV, í því samhengi án þess að segja hreint út hver stæði að baki þeim orðum að DV yrði slegið af, birtist fréttin á síðum blaðsins. Fréttin var um að Sigurjón Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, væri að koma á fót ráðgjafarfyrirtæki í húsnæði Landsbankans. Jón Bjarki sagði upphaflega frá málinu á vefritinu NEI í gær. Ritstjórar og blaðamenn DV sendu frá sér yfirlýsingar vegna málsins þar sem fullyrðingarnar voru vefengdar. Í samtali við Fréttablaðið neitaði Reynir að upplýsa hverjir það væru sem hann vísar til í samtalinu við Jón Bjarka.

Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfsfeðga, segir það fjarri sannleikanum að Björgólfur Guðmundsson hafi skipt sér af fréttaflutningi DV í tengslum við störf Sigurjóns í nóvember, enda hafi samstarfi þeirra þá verið lokið.

Hreinn Loftsson sagði í viðtali við vísir.is í gær, áður en samtalið var spilað í Kastsljósi, að hann hefði ekki gert neina kröfu um að birting fréttarinnar yrði stöðvuð.

Reynir segir það mjög alvarlegt að ritstjórn Kastljóssins hafi ákveðið að birta fréttina, ekki síst vegna þess að viðkvæmar upplýsingar um annað mál koma þar fram. Um fullkominn trúnaðarbrest sé að ræða af hendi Jóns Bjarka og íhugar hann réttarstöðu sína, bæði gagnvart RÚV og blaðamanninum. Reynir gerir sér ekki grein fyrir af hverju þessi frétt olli þvílíkum titringi eins og raun bar vitni. „Þetta var smáfrétt sem skipti engu sérstöku máli. En ég get líka fullyrt að ég hef aldrei stöðvað frétt sem ég taldi þess virði að birta.“ Hann segir að of miklir hagsmunir hafi verið undir til að birta fréttina eins og staðan var. „Það sótti að mér mikinn ugg og ég taldi að það væri sótt að fjölmiðlinum,“ segir Reynir.

Ekki náðist samband við Hrein og Sigurjón við vinnslu fréttarinnar.

**svavar@frettabladid.is**



**MÓTMÆLI** Mótmælendur notuðu meðal annars hveiti, ávexti og vatnsbyssur. NORDICPHOTOS/AFP

Áfram óeirðir í Grikklandi:

# Hentu hveiti í óeirðalögreglu

**GRIKKLAND, AP Hópur ungmenna mótmælti fyrir utan lögreglustöð og dómshús í Aþenu í Grikklandi í gær. Um 2.000 manns voru saman komnir, og mættu óeirðalögreglumönnum, gráum fyrir járnum.**

**Ekki kom til harðra átaka, en ungmennin hentu plastflöskum og ávöxtum í átt að lögreglu. Lögreglan beitti táragasi þegar hópur ungmenna henti hveiti á lögreglumennina. Óeirðir hafa verið í borgum Grikklands í rúma viku, eftir að lögreglumaður skaut fimmtán ára ungling til bana. Mótmælin fóru í kjölfarið að snúast um óvinsæla hægristjórn í landinu.** **- bj**

FME og Seðlabanki:

# Ekki sameinað fyrir áramót

**STJÓRNMÁL** Enn er til athugunar að sameina Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann. Þetta kom fram í svari Geirs H. Haarde forsætisráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar í óundirbúnum fyrirspurnum á Alþingi í gær.

Geir sagði hugmyndina um endursameiningu allra góðra gjalda verð „en eilítið flóknara mál en menn héldu og kallar á lagabreytingar“. Því verði sameiningunni ekki komið við fyrir áramót. Jafnframt kom fram í máli Geirs að Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, leiddi samráðshóp embættismanna vegna efnahagskrísunnar. **- ss**




Fjórir Pólverjar voru í gær dæmdir fyrir barsmíðar í Keilufelli í Breiðholti:

# Dæmdir fyrir hrottalega árás

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær fjóra Pólverja í fangelsi fyrir líkamsárás á samlanda þeirra í Breiðholti.

Árásarmennirnir komu að Keilufelli í Breiðholti á tveimur bílum laugardagssíðdegi eitt í mars á þessu ári. Þar þustu þeir inn í íbúð pólskra verkamanna vopnaðir exi, kylfum, sleggju og bareflum úr steypustyrktarjárni. Létu þeir höggin dynja á sjö mönnum sem voru á neðri hæð hússins.

Bæði aðkomumennirnir og þeir sem fyrir voru í húsinu voru meira eða minna ölvaðir og sumir undir áhrifum fíkniefna og langdrukknir. Tilefni atlögunnar virðist meðal annars hafa verið að einum árásarmannanna hafði verið brigslað um að hafa stolið fartölvu úr íbúðinni.

Samkvæmt framburði heimamanna og gesta fyrirskipuðu árásarmennirnir þeim að bera ekki hendur fyrir sig og veittu þeim sem reyndu að verjast þyngri og fleiri högg. Eftir barsmíðarnar brutu fjórmenningarnir húsmuni og brömluðu.



**SAKBORNINGUR ÚR KEILUFELLI** Einn mannanna sem nú hafa verið dæmdir kemur í Héraðsdóm Reykjavíkur í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hinir ákærðu voru ekki samhljóma í lýsingum sínum og neituðu sumir alfarið sök eða breyttu framburði sínum eftir því sem rekstri málsins miðaði áfram. Dómarinn ítrekaði að árásarmennirnir hafi verið í hópi sem tókst á hendur ferð til þess beinlínis að ráðast á þá sem voru í íbúðinni í Keilufelli. Eitt fórnarlambið mun í kjölfar atburðarins hafa veikst af geðklofa og nýtur nú læknismeðferðar í heimalandi sínu.

Einn mannanna, Tomasz Krysztof Jagiela, var dæmdur til þriggja og hálfs árs fangelsisvistar en Marcin Labuhn, Robert Kulaga og Tomasz Roch Dambski í tveggja og hálfs árs fangelsi. Að auki eiga árásarmennirnir að borga sex fórnarlömbum sínum samtals um 4,7 milljónir króna í skaðabætur og lögmönnum sínum og réttargæslumönnum fórnarlambanna samtals yfir 4,7 milljónir króna. **-gar**

# Tomman af sjónvarpi frá aðeins 3.157 kr.







**Verð aðeins 99.995 kr.**

Verð áður 119.995 kr.

HD ready HDMI

### Palladine 26" EPT2651M

- Upplausn: WXGA 1366 x 768
- Skerpa: 1200:1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)
- Snúningsfótur

HD ready HDMI

### Palladine 19" EPT1950M

- Upplausn: 1440 x 900
- Skerpa: 1.000:1
- HDMI tengi / Scart / Component
- Hægt að tengja við 12V
- Svartími undir 4 ms

**Verð aðeins 59.995 kr.**

Verð áður 79.995 kr.

PIPAR • SÍA • 82207




full HD 1080P HDMI digital

### Palladine 42" Full HD EPT4251MD

- Upplausn: 1920 x 1080 Full HD
- Skerpa: 3000:1
- Birta: 550 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)
- Snúningsfótur

**Verð aðeins 259.995 kr.**

Frí veggfesting fylgir




full HD 1080P HDMI digital

### Palladine 37" Full HD EPT3751MD

- Upplausn: 1920 x 1080 Full HD
- Skerpa: 1600:1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)

**Verð aðeins 199.995 kr.**

Verð áður 229.995 kr.




HD ready HDMI digital

### Palladine 32" EPT3251MD

- Upplausn: WXGA 1366 x 768
- Skerpa: 1600:1
- Birta: 500 cd/m²
- 2 x HDMI tengi (1080p)

**Verð aðeins 149.995 kr.**

Frí veggfesting fylgir

PALLADINE

Eini framleiðandinn sem býður upp á íslenska valmynd

Hátækni

**Opnunartími:** virka daga 9-18 | laugardag 10-17 | sunnudag 10-17
**Endursöluaðilar um land allt.**

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

## GENGIÐ 15.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,59 | 116,15 |
| Sterlingspund | 173,42 | 174,26 |
| Evra | 155,66 | 156,54 |
| Dönsk króna | 20,892 | 21,014 |
| Norsk króna | 16,772 | 16,87 |
| Sænsk króna | 14,546 | 14,632 |
| Japanskt jen | 1,272 | 1,2794 |
| SDR | 175,88 | 176,92 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
203,5171

HEIMILD: Seðlabanki Íslands




Skýringarmynd endurbirt:

# Ávöxtun sparnaðar misjöfn

**BANKAR** Lífeyrissjóðir Landsbanka Íslands, Glitnis og Kaupþings skiluðu mjög misjafnri ávöxtun fyrir eigendur séreignarsparnaðar á fyrstu ellefu mánuðum ársins. Kaupþing kemur best út í samanburði en Landsbankinn síst. Ástæðan var misjöfn áhersla á skuldabréfakaup fjármálafyrirtækja og ríkisskuldabréf, eins og sagði frá í frétt blaðsins á síðu 4 í gær.

Í frétt blaðsins var birt skýringarmynd sem gaf ranga mynd af ávöxtun sjóðanna síðustu ellefu mánuði. Hún er því endurbirt hér.

- shá

# Bankabréfin ráðandi í sjóði Landsbankans

**Skuldabréf Kaupþings og Landsbanka voru um helmingur eigna peningamarkaðssjóðs Landsbankans. Tíund var í bréfum Samsonar og Stoða. Fimmtungur var í ríkisbréfum í fyrra en ekkert nú. Virði sjóðsins var 102 milljarðar fyrir hrun.**

**VIÐSKIPTI** Skuldabréf útgefin af Kaupþingi voru um þriðjungur í peningamarkaðssjóði Landsbankans þegar honum var slitið á dögunum. Bréf útgefin af Landsbanka voru hátt í fimmtán prósent. Þetta kemur fram í yfirliti frá Landsbankanum.

Samanlagt virði sjóðsins fyrir hrun var ríflega 102 milljarðar króna. Þar af voru innlán um 30 milljarðar af sjóðnum. „Innlánin voru að langmestu leyti hjá Landsbanka," segir Sigurður Óli Hákonarson hjá Landsvaka, sem séð hefur um sjóði Landsbankans.

Í heildina voru skuldabréf fjármálafyrirtækja 60 prósent af sjóðnum og skuldabréf ýmissa fyrirtækja 40 prósent.

Mest var af bréfum í Baugi og Eimskip í sjóði Landsbankans, en einnig voru ríflega níu prósent í skuldabréfum Samsonar og FL Group (Stoðum). Samson hefur verið lýstur gjaldþrota og Stoðir eru í greiðslustöðvun til 20. janúar.

Þegar ákveðið var að slíta sjóðnum voru greidd 68,8 prósent af því sem til var fyrir hrun bankanna. Það er heldur lægra útgreiðsluhlutfall en hjá Kaupþingi og Glitni.

Í yfirlýsingu Landsbanka segir að hrun Kaupþings skýri rýrnun sjóðsins að mestu.

Glitnir keypti bréf úr Sjóði 9 fyrir þrettán milljarða og Kaupþing keypti úr sínum sjóði fyrir um sjö milljarða króna.

Nýi Landsbankinn segir ekki hversu mikið var greitt fyrir eignir sjóðsins fyrir útgreiðslur. Aðeins að farið hafi verið eftir verðmati. Nýja bankaráðið hafi farið yfir það og telji að „ekki hafi hallað á hagsmuni peningamarkaðssjóðsins í þeim viðskiptum".

Fram kemur í yfirlýsingu frá Landsvaka að á árunum 2006 til 2007 hafi um fimmtungur af heildareign sjóðsins verið í ríkisskuldabréfum. Ríkisskuldabréf hafi hins vegar verið hverfandi í eignasafninu við hrunið. Framboð á ríkisvíxlum hafi verið takmarkað frá vorinu, og útgáfa innstæðubréfa hafi ekki annað eftirspurn. „Þau ríkisbréf sem í boði voru þóttu ekki á viðunandi kjörum miðað við ávöxtunarviðmið sjóðsins sem var ávöxtun á millibankamarkaði," segir í yfirlýsingunni.

ingimar@markadurinn.is



**BANKASTJÓRARNIR** Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnason stýrðu Landsbankanum. Fram kemur í yfirliti að skuldabréf banka voru uppistaðan í peningamarkaðssjóði bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**SAMSETNING SJÓÐSINS**

| Fyrirtæki | Upphæð* | hlutfall (%) |
|---|---|---|
| **Fjármálafyrirtæki** | **61.584** | **60** |
| Kaupþing | 33.185 | 32,3 |
| Landsbanki | 14.697 | 14,3 |
| Straumur | 13.517 | 13,2 |
| Sparisjóður Bolungarvíkur | 186 | 0,2 |
| **Önnur fyrirtæki** | **41.090** | **40** |
| Baugur | 13.178 | 12,8 |
| Eimskip | 8.625 | 8,4 |
| Samson | 5.311 | 5,2 |
| Atorka | 4.256 | 4,1 |
| FL Group/Stoðir | 4.022 | 3,9 |
| Mosaic | 1.950 | 1,9 |
| Egla | 1.350 | 1,3 |
| Exista | 1.262 | 1,2 |
| Marel | 1.136 | 1,1 |
| **Samtals** | **102.674** | **100** |

* MILLJÓNIR KRÓNA




**STERAR** Innflutningur stera er óheimill og varðar við brot á lyfjalögum en reynt hefur verið að smygla sterum til landsins í ólíklegustu umbúðum.

Sautján steramál á árinu:

# Lagði hald á 10 þúsund töflur

**LÖGREGLUMÁL** **Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur það sem af er ári lagt hald á um 10 þúsund steratöflur og liðlega 1.200 millilítra af sterum í vökvaformi.**

**Fyrstu tíu mánuði ársins komu sautján svokölluð steramál til kasta lögreglunnar en þar af tólf mál síðla sumars og í haust. Um er að ræða stera sem tollayfirvöld fundu í bréfum eða pökkum. Þeir sem stóðu að sendingunum lögðu oft talsvert á sig við að leyna innihaldinu, meðal annars með því að koma þeim í umbúðir af ólíklegasta tagi.**

- ovd

## ÁRÉTTING

Töflu vantaði með frétt á síðu 8 í blaðinu í gær um skuldir landsmanna vegna íbúðalána við bankana og veðsetningarhlutfall íbúðalána hjá bönkunum. Hún birtist hér með.

**VEÐSETNINGARHLUTFALL**

| Veðsetning | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| Undir 50% | 28.696 | 45,6% |
| 50 til 70% | 11.790 | 18,7% |
| 70 til 90% | 15.132 | 24,0% |
| 90 til 100% | 4.154 | 6,6% |
| Yfir 100% | 3.219 | 5,1% |
| **Samtals** | **62.991** | **100%** |

HEIMILD: FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Treholt vill hreinsa nafn sitt:

# Endurupptöku málsins hafnað

**NOREGUR, AP** **Norsk úrskurðarnefnd hefur hafnað kröfu Arne Treholt um að fjalla aftur um mál hans. Treholt var handtekinn árið 1984 og dæmdur í 20 ára fangelsi ári seinna fyrir að njósna fyrir Sovétríkin.**



ARNE TREHOLT

**Treholt hefur ávallt haldið fram sakleysi sínu, og hefur barist fyrir því að hreinsa nafn sitt frá því hann var náðaður árið 1992. Hæstiréttur Noregs hefur tvisvar hafnað því að fjalla um mál hans.**

**Í gær bárust svo fréttir af því að úrskurðarnefnd um endurupptöku glæpamála hafi hafnað því sem gæti orðið lokatilraun hins 66 ára gamla Treholt til að fá málið tekið upp á ný.**

- bj

Innbrot í bíla:

# Jólagjöfum stolið úr bílum

**LÖGREGLUMÁL** Nokkuð hefur borið á innbrotum í bíla að undanförnu.

Í tilkynningu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu segir að þjófum sé ekkert heilagt og þeir steli jafnvel jólagjöfum. Eru eigendur eða umráðamenn ökutækja beðnir um að hafa það hugfast að skilja ekki verðmæti eftir í bílum en sé það óumflýjanlegt er mikilvægt að slíkir hlutir séu ekki í augsýn. Sömuleiðis þykir lögreglunni rétt að benda á mikilvægi þess að skilja bíla frekar eftir á upplýstum bílastæðum, ef þess er nokkur kostur, því þjófum finnist fátt betra en að athafna sig í myrkrinu.

- ovd






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**FROST NÆSTU DAGA**

Almennt verða frosttölur á kortunum næstu daga en mildast verður með ströndum landsins. Éljaloft verður viðloðandi meginhluta landsins í dag en á morgun og fram á helgina má búast við éljum, einkum sunnan til og vestan. Þá verður vindur almennt hægur. Það má því kannski segja að ágætlega horfi til jólagjafakaupa næstu daga.




**Á MORGUN**
Hæg, breytileg átt.

**FIMMTUDAGUR**
5-10 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Amsterdam | 4° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 4° |
| Eindhoven | 3° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 4° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 8° |
| New York | 6° |
| Orlando | 24° |
| Osló | 0° |
| París | 5° |
| Róm | 12° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


DELL™ MÆLIR MEÐ WINDOWS VISTA® HOME PREMIUM
DELL
YOURS IS HERE
Minnsta Dell tölvan á markaðinum
Studio Hybrid tölvan
• Intel® Pentium® dual-core örgjörvi T2390
• Windows Vista Home Premium
• 2GB vinnsluminni
• 320GB harður diskur
• 8xDVD +/- RW geisladrif
• Þráðlaust ísl. lyklaborð og mús
• Hægt að tengja við sjónvarp
• Mál: 7,2 x 19,7 x 21,2cm (h x b x d)
169.900 kr.
hybrid
NÝTT KORTATÍMABIL HEFST 6. DES.
Veldu eitt af 6 mismunandi lituðum hulstrum utan um Studio Hybrid tölvuna þína.
Tölvan kemur með gráu hulstri.
Hvað verður í jólapakkanum þínum?
Meistari margmiðlunar!
XPS M1530
• Intel® Core™2 Duo örgjörvi T9300
• Windows Vista Home Premium
• 2GB vinnsluminni
• 200GB harður diskur
• 8x DVD +/-RW geisladrif
• 15,4" True Life skjár
• 256MB nVidia GeForce 8600M GT skjákort
199.900 kr.
Gæði og gott verð
INSPIRON E530
• Intel® Core™2 Quad Core örgjörvi Q6600
• Windows Vista Home Premium
• 2GB vinnsluminni
• 500GB harður diskur
• 16x DVD +/-RW geisladrif
Skjár á mynd fylgir ekki með
169.900 kr.
Prentar, ljósritar og skannar
V105 ALL-IN-ONE PRENTARI
14.900 kr.
Sjónvarpsflakkari
MVIX 6000R afspilunartæki fyrir tölvu, sjónvarp og skjávarpa
19.900 kr.
24" breiðtjaldsskjár
E248 WFP skjár
68.900 kr.
Fartölvumús
V220 þráðlaus mús
4.990 kr.
Gott Fólk | 37859
Fartölvutaska
Fyrir fartölvu með allt að 15,4" skjá
8.990 kr.
Office Home and Student 2007
Word, Excel, PowerPoint og OneNote
15.990 kr.
Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. Microsoft, Windows, Windows Vista and the Windows Vista logo are trademarks or registered trademarks of Microsoft Corporation in the United States and/or other countries.
intel Core™2 Duo inside™
Do More
EJS
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000
Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands / Eyravegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Kjalfell ehf. / Húnabraut 19, Blönduósi / 452 4567 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrókur / 455 4500 // Tengill ehf. / Aðalgötu 24, Sauðárkrókur / 453 5519 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300
Verð eru tilboðsverð með vsk. og gilda á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú skilning á aðhalds-aðgerðum stjórnvalda?*

| | |
|---|---|
| Já | 34,5% |
| Nei | 65,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú breytingar á skipan ráðherra í ríkisstjórn Íslands?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Vinnsla á síld er hafin á ný í Vestmannaeyjum þrátt fyrir sýkingu:

# Lítill hluti aflans ótækur í frystingu

**SJÁVARÚTVEGUR** Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum byrjaði að vinna síld til manneldis í fyrradag en það er í fyrsta sinn sem það er gert síðan að sýkingarinnar af völdum Ichthyophonus sníkjudýrsins.

Ichthyophonous er ekki hættulegt mönnum en getur valdið slíkum útlitsgalla á síldarflökunum að það sé ekki seljanlegt til manneldis. Vinnslustöðin lætur nú tína slíka flök úr í vinnuferlinu og setja þau í bræðslu. „Það er erfitt að segja til um það hversu mikið hlutfall þetta er sem við þurfum að tína úr en það er tiltölulega lítið,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar. Hann segir enn fremur að þetta sé gert í samkomulagið við kaupendur og að viðbrögðin frá þeim hingað til séu góð.

Friðrik Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands Íslenskra útvegsmanna, sagði þegar sýkingarinnar varð vart að tekjuskerðingin við það að bræða síldina sem þá var eftir að kvótanum í stað þess að vinna hana til manneldis væri líklega um 2,5 milljarðar. Aðspurður hvort útgerðarmenn hafi verð of fljótir á sér að ákveða að ekki mætti vinna síldina til manneldis segir hann, „það tel ég ekki. Menn hafa verið að meta þetta, einir hafa komist að þeirri niðurstöðu að það borgaði sig ekki að fara þessa leið og aðrir eru enn að skoða þetta.“ Hann segir að mörgum þáttum að huga, bæði hvað varðar markaði og vinnslu, svo það komi honum ekki á óvart þó allir komist ekki að sömu niðurstöðu.

HB Grandi kláraði síldarkvóta sinn í gær en allur aflinn hefur farið í bræðslu frá því að sýkingin kom upp. **- jse**



**SÍLDIN KOMIN OG KERIN KLÁR** Silfur hafsins rann í kerin í Vinnslustöðinni í gær. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON




SAMA VERÐ
og í fyrra fyrir alla jólapakka hvert á land sem er

desember 2008

600 kr.

Hámarksþyngd 30 kg, hámarksstærð 0,09 m³ (t.d. 45X45X45 cm)

Við erum sérfræðingar í matvælaflutningum

Upplýsingar um afgreiðslustaði og opnunartíma er að finna á landflutningar.is

Landflutningar SAMSKIP




**ÞEISTAREYKIR** Eftir áramót mun Þeistareykir ehf. hefja viðræður við aðra aðila en Alcoa um mögulega nýtingu orku á svæðinu. Forstjóri Alcoa segir grundvöll fyrir álveri þá brostinn. Skálinn sem sést á myndinni er í eigu sveitarfélagsins. Hann er um 150 metrum frá bornum, sem heitir Jötunn. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Alcoa segir orkuna ekki til skiptanna

**Alcoa telur að verði samið við aðra um orku af háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum verði ekki næg orka eftir í álver. Þeistareykir hf. hafa samþykkt að hefja viðræður við aðra. Alcoa bíður betra efnahagsástands með frekari framkvæmdir.**

**VIRKJANIR** Stjórn Þeistareykja hefur samþykkt að hefja viðræður við aðra aðila um mögulega nýtingu orku á svæðinu. Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa, segir að verði það gert verði ekki næg orka fyrir álver á Bakka.

Franz Árnason, forstjóri Þeistareykja, segir að stjórnin hafi ákveðið að hefja viðræður við fleiri aðila vegna orkunnar á svæðinu. Fyrirtækið muni koma beint að þeim viðræðum, en hingað til hefur Landsvirkjun samið fyrir þess hönd. „Engar viðræður hafa verið hafnar. Við samþykktum þetta á mánudag [fyrir viku] og ekki hefur náðst að koma mönnum saman. Það gerist ekkert hér eftir fyrr en upp úr áramótum geri ég ráð fyrir.“

Franz segir tvö fyrirtæki í sólarkísilframleiðslu hafa lýst yfir áhuga á orkunni og verið í viðræðum við Landsvirkjun. Þá hafi ýmsir aðilar lýst yfir áhuga á orkunni, en óljóst sé hvort fjármagn sé þar á bak við.



**FRANZ ÁRNASON**



**TÓMAS MÁR SIGURÐSSON**

Spurður segir Tómas að verði orka seld annað sé grundvöllur fyrir álveri brostinn. „Jú, það er augljóst og allir gera sér grein fyrir því. Ef menn fara að selja orku núna af þessu svæði þá eru mjög litlar líkur á að álverið verði þarna, það er bara staðreynd.“

Franz segir hins vegar að menn viti ekki hve mikil orka er á svæðinu. Ekkert útiloki að næg orka sé fyrir álver og aðra starfsemi. „Það er ekkert sem segir að það sé ekki mögulegt, en líkurnar hafa þá minnkað.“

Í frétt Fréttablaðsins í gær var sagt að Alcoa hefði ákveðið að fresta framkvæmdum á Bakka í nokkur ár. Tómas segir hins vegar engan tímaramma vera varðandi framkvæmdir. Viljayfirlýsingin hafi ekki verið endurnýjuð 1. nóvember vegna slæmra horfa í efnahagsmálum sem síðan hafi komið á daginn.

Hann segir óljóst hvenær aðstæður breytist. „Við viljum sjá heimsmarkað og sérstaklega fjármagnsmarkaði jafna sig aðeins. Til lengri tíma litið erum við vissir um að menn muni halda áfram að byggja álver á Íslandi. Það er engin spurning. Það er því engan bilbug á okkur að finna og við höfum mikla trú á þessu verkefni.“

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir að ekki þurfi sérstakar rannsóknarboranir hyggist minni aðilar nýta sér orku á svæðinu.

**kolbeinn@frettabladid.is**

Iðnaðarráðherra segir frétt um álverið í Straumsvík ekki rétta:

# Ekki hætt við stækkun álvers

**IÐNAÐARMÁL** Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra segir Jacynthe Côté, forstjóra Rio Tinto Alcan, ekki hafa tilkynnt sér í símtali að hætt hafi verið við stækkun álversins í Straumsvík, eins og kom fram í forsíðufrétt Fréttablaðsins í gær. Côté kom þeim skilaboðum jafnframt á framfæri í gegnum upplýsingafulltrúa fyrirtækisins á Íslandi að fyrirætlanir um stækkun standi samkvæmt áætlun þótt mögulegt sé að tímasetningar verkþátta breytist.

Össur brást við fréttinni í ræðu á Alþingi í gær. „Varðandi það sem háttvirtur þingmaður sagði og vísaði til fregna í dag eru þær fregnir ekki alls kostar réttar. Til dæmis er



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Sagði á Alþingi í gær frétt Fréttablaðsins ekki vera alls kostar rétta.

þar vísað í samtal sem ég átti við forustukonu Alcan í Kanada, Jacynthe Côté, og úr því samtali er haft að hún hafi tilkynnt mér að fyrirtækið hafi hætt við tiltekin áform. Það er hugsanlegt að enskukunnátta mín sé svona slök en ég skildi ekki samtalið á þann veg og þessar upplýsingar voru ekki bornar undir mig til staðfestingar þannig að þær hafa með einhverjum öðrum hætti komist á flot.“

Ólafur Teitur Guðnason, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Alcan á Íslandi, fékk þær upplýsingar frá Jacynthe Côté í gær að hún hefði ekki tilkynnt ráðherra að hætt hefði verið við stækkun álversins í téðu samtali þeirra. Fréttaflutningur blaðsins sé því rangur; haldið verði áfram með framkvæmdir í Straumsvík eins og áætlun gerir ráð fyrir en tímasetningar einstakra verkþátta geti breyst.

**- shá**



Okkar mest seldu bækur á hálfvirði
sparaðu 50%
Ævisaga Harðar Torfa
TABÚ
Aðeins 2.495kr. áður 4.990 kr.
sparaðu 50%
OPERACIÓN VALKIRIA
Kemur í bíó 30. jan. Vertu búinn að lesa hana áður
Aðeins 1.990kr. áður 3.980 kr.
sparaðu 50%
Gerðu besta vininn be
Aðeins 1.940r. áður 3.880 kr.
sparaðu 50%
POLLYANNA
Aðeins 1.995kr. áður 3.990 kr.
sparaðu 50%
STAFAKARLARNIR
Aðeins 1.345kr. áður 2.690 kr.
sparaðu 50%
JACK SPARROW
Stormur í aðsigi
Aðeins 1.245kr. áður 2.490 kr.
HTHT
Office1
Skeifan, Smáralind, Kringlan, Hafnarfjörður, Selfoss, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Akureyri, Ísafjörður
Tilboðin gilda frá 16.12.08 til 19.12.08. Til þess að koma í veg fyrir að samkeppnisaðilar nýti sér tilboðin til innkaupa fyrir eigin verslanir má hver og einn viðskiptavinur aðeins versla þrjár bækur af einstaka titli.

**VEISTU SVARIÐ?**




*1 Hverju kastaði íraskur blaðamaður í áttina að George W. Bush Bandaríkjaforseta á blaðamannafundi á sunnudag?*

*2 Hversu mörg ár hefur læknavaktin á höfuðborgarsvæðinu farið í húsvitjanir?*

*3 Hvaða sundkona kvaddi Fjölni með tveimur Íslandsmetum á EM í Króatíu?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 38

Fréttamaður í varðhaldi eftir að hann kastaði skóm sínum að Bandaríkjaforseta:

# Vilja skókastarann lausan

**ÍRAK, AP** Þúsundir Íraka gengu í gær um götur Bagdad og kröfðust þess að sjónvarpsfréttamaðurinn Muntadar al-Zeidi, sem á fréttamannafundi á sunnudagskvöldið kastaði skóm sínum að George W. Bush Bandaríkjaforseta, yrði látinn laus úr varðhaldi.

„Þetta er kveðjukoss frá írösku þjóðinni, hundur,“ sagði al-Zeidi áður en hann kastaði skóm sínum í átt að forsetanum sem náði að víkja sér undan þeim.

Athæfi mannsins vakti strax blendin viðbrögð í Írak. Á meðan sumir fordæmdu verknaðinn báru aðrir lof á al-Zeidi. Meðal hinna síðarnefndu eru þeir sem kalla hann hetju sem sagt hafi hug írösku þjóðarinnar. Þá sýndu íraskar sjónvarpsstöðvar skókastið ítrekað í fréttatímum sínum í gær og öll helstu dagblöðin sögðu frá því.



**KALDAR KVEÐJUR** Kveðjur Muntadar al-Zeid til Bandaríkjaforseta hafa vakið blendin viðbrögð í Írak en hann kallaði Bush hund áður en hann kastaði skóm sínum að forsetanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fréttamaðurinn er starfsmaður sjónvarpsstöðvarinnar Al-Baghdadia sem er starfrækt í Kaíró í Egyptalandi en í eigu íraskra aðila. Írösk stjórnvöld fordæmdu verknaðinn og kröfðust opinberrar afsökunar frá sjónvarpsstöðinni. Að kalla einhvern hund þykir í Írak afar niðrandi. Þá þykir það að kasta skóm að einhverjum merki um vanvirðingu.

Bush hélt í gær í opinbera heimsókn til Afganistans. Með heimsóknum sínum til Íraks og Afganistans vill forsetinn leggja áherslu á minnkandi átök í löndunum. **- ovd**

Amma allra Norðmanna:

# Vestly er látin

**NOREGUR** Norski rithöfundurinn Anne-Cath. Vestly, stundum kölluð Amma Noregs, er látin. Vestly varð 88 ára gömul og skrifaði meira en 50 barnabækur, að sögn NRK. Hún er meðal annars höfundur bókarinnar Óli Alexander Fili-bomm-bomm-bomm sem kom út hér á landi.

Anne-Cath. Vestly fæddist árið 1920 í Åmot í Noregi. Hún reyndi fyrir sér í leiklist í Osló og var meðal annars með barnatímann í sjónvarpinu. Hún vakti mikla athygli á sjötta áratugnum þegar hún sagði í útvarpinu að storkurinn kæmi ekki með börnin heldur kæmu þau úr maga mömmunnar. Hún fékk morðhótanir í kjölfarið. **- ghs**








**EGILSHÖLL** Eigendur hússins hafa leitað óformlega til Reykjavíkurborgar til að kanna flöt á því að borgin komi nánar að rekstri hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Vilja að Reykjavík kaupi í Egilshöllinni

**Óformlegar viðræður hafa átt sér stað á milli rekstraraðila Egilshallar og Reykjavíkurborgar um kaup sveitarfélagsins á hluta rekstursins. Reksturinn yrði ekki óbreyttur ef af verður. Borgin leigir töluvert húsnæði af einkaaðilum.**

**REYKJAVÍK** Óformlegar viðræður hafa verið á milli Borgarhallarinnar hf., rekstraraðila Egilshallarinnar, og Reykjavíkurborgar um að sveitarfélagið komi á einhvern hátt að rekstri hússins. Nýsir, eigandi Borgarhallarinnar, stendur illa. Borgin leigir tíma fyrir íþróttastarfsemi í höllinni.

Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri framkvæmda- og eignasviðs, staðfestir að menn hafi kastað á milli sín hugmyndum. Það hafi þó allt verið óformlegt. „Borginni hefur ekki verið boðið húsið til kaups með formlegum hætti. Þetta er eitthvað sem menn verða að skoða,“ segir Hrólfur.



HRÓLFUR JÓNSSON

Rekstraraðilar sendu fyrir nokkru erindi til borgarráðs með ósk um að borgin leigði fleiri tíma í húsinu. Það mál er til skoðunar. „Það er klárt mál að það er áhugi hjá borginni fyrir því að tryggja rekstur hússins. Verið er að skoða sameiginlegar hugmyndir um hvernig hægt er að gera það.“

Reykjavíkurborg leigir töluvert af húsnæði af einkaaðilum. Þar er ýmist um fasteignafélög, félagasamtök, góðgerðastofnanir eða jafnvel fyrirtæki í eigu borgarinnar að ræða. Á listanum hér að neðan eru einkaaðilar tíndir til.

Hrólfur segir borgaryfirvöld ekki óttast um samningana nú í kreppunni. Það sé helst Egilshöllin sem þurfi að skoða. „Við höfum í sjálfu sér ekki áhyggjur af þessu. Ef félög eru tekin í þrot tekur við skiptastjóri og hann reynir að tryggja að tekjur berist, þar með talið leigutekjur. Húsnæðið er áfram til staðar og ekkert til vansa með leigu borgarinnar. Hugsanlega gætu þá skapast tækifæri varðandi kaup.“

kolbeinn@frettabladid.is

**LEIGUSAMNINGAR REYKJAVÍKURBORGAR** (VIÐ EINKAAÐILA)

| Húsnæði | Notandi | Eigandi |
|---|---|---|
| Köllunarklettsvegur 4 | Minjasafn Reykjavíkur | Sport ehf. |
| Vatnagarðar 28 | Borgarskjalasafn Reykjavíkur | Xco ehf. |
| Vatnagarðar 28 | Innri endurskoðun | Xco ehf. |
| Landnámsskáli, Aðalstræti 16 | Minjasafn Reykjavíkur | Landic Property hf. |
| Braggar Þórðarhöfða 6-10 | Borgarbókasafn og ýmis starfsemi | Árland ehf. |
| Hraunbær 115 | Velferðarsvið | Miðjan hf og Eignarhaldsfélagið Ögur ehf. |
| Borgartún 12-14 | Ýmsar skrifstofur borgarinnar | Höfðatorg ehf. |
| Kirkjustétt 2-6 v. frístundaheimilis | Íþrótta- og tómstundaráð | Smáragarður ehf. |
| Frostaskjól 2 v. félagsmiðstöðvar | Íþrótta- og tómstundaráð | KR |
| Gufunes - smíðavellir | Íþrótta- og tómstundaráð | Rjáfur ehf. |
| Pósthússtræti - Hitt húsið | Íþrótta- og tómstundaráð | Landic Property |
| Seljavegur - brettafélagið | Íþrótta- og tómstundaráð | Seljavegur ehf. |
| Egilshöll | Íþrótta- og tómstundaráð | Borgarhöllin hf. |
| Íþrótta- og sýningahöllin | Íþrótta- og tómstundaráð | Íþrótta- og sýningahöllin hf. |
| Hraunbær 119 - Borgarbókasafn - útibú | Menningar- og ferðamálasvið | Bréfabær |
| Hólmaslóð 4 - Listasafn Reykjavíkur - geymsla | Menningar- og ferðamálasvið | Gómur ehf. (Slétt ehf.) |
| París - Frakkland - Listasafn Reykjavíkur - geymsla | Menningar- og ferðamálasvið | Miotto |
| Austurstönd 1 - Höfuðborgarstofa - geymsla | Menningar- og ferðamálasvið | Hlér ehf. |
| Aðalstræti 2 - Rvk.borg, Höfuðborgarstofa og UMFR | Menningar- og ferðamálasvið | Landic Property |
| Aðalstræti 10 Sýningarhúsnæði | Menningar- og ferðamálasvið | Minjavernd |
| Álfabakki 12 - þjónustumiðstöð Breiðholt | Velferðarsvið | Álfabakki ehf og Axel Eiríksson |
| Skúlagata 21 - þjónustumiðstöð Miðb. & Hlíða | Velferðarsvið | Sætún ehf. |
| Langarimi 21 - Miðgarður þjónustumiðstöð | Velferðarsvið | KS fasteignir ehf. |
| Hjarðarhagi 47 - Vesturgarður þjónustumiðstöð | Velferðarsvið | Stoðir ehf. |


Íslenski lífeyrissjóðurinn

SJÓÐFÉLAGAFUNDUR ÍSLENSKA LÍFEYRISSJÓÐSINS

Íslenski lífeyrissjóðurinn boðar til kynningarfundar fyrir sjóðfélaga á Grand Hótel (Gullteigi), í kvöld 16. desember kl. 20:00, í Sigtúni 38, Reykjavík.
Þar verður fjallað um áhrif atburða á fjármálamörkuðum á rekstur og afkomu sjóðsins.

DAGSKRÁ:

19:45 Húsið opnar.

20:00 Fundarsetning.
Ávarp stjórnarformanns.
Ingólfur Guðmundsson,
stjórnarformaður Íslenska lífeyrissjóðsins.
Upplýsingar um rekstur og afkomu sjóðsins.
Davíð Harðarson,
framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins.
Umræður og fyrirspurnir.

21:30 Áætluð fundarlok.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.
Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins.

# NÓATÚN

# Hangikjötsborð Nóatúns




## AÐEINS ÞAÐ BESTA



Úr kjötborði
**1798** kr. kg
Húsavíkurhangilæri
Verð áður 2.398



Úr kjötborði
**979** kr. kg
Húsavíkur hangiframpartur
Verð áður 1.398



Úr kjötborði
**2158** kr. stk.
Húsavíkur hangilæri tvíreykt
Verð áður 2.698

Hvort sem þú vilt taðreykt eða tvíreykt, úrbeinað eða á beini. Þá færðu hangikjötið þitt í Nóatúni.



**1758** kr. stk.
Húsavíkur sauða hangilæri
Verð áður 2.198



**3998** kr. stk.
Tvíreykt kindainnlæri
Nýtt í Nóatúni



**2298** kr. kg.
Húsavíkur hangiframpartur úrbeinaður



**2998** kr. kg.
Húsavíkur hangilæri úrbeinað

EXPO • www.expo.is




## Uppskriftirnar eru á www.noatun.is



**RISAPÓSTKASSI** Vegfarendur í Tókýó í Japan veita 20 metra háum póstkassa litla eftirtekt. Póstkassinn, sem er líka inngangur að einni af neðanjarðarlestarstöðvum borgarinnar, var útbúinn til að taka á móti nýárskveðjum borgarbúa en japanski pósturinn hóf í gær að taka við kveðjunum sem bornar verða út á nýársdag. NORDICPHOTOS/AFP

Skipulagsstofnun féll frá kröfu um endurauglýsingu skipulagstillögu á Álftanesi:

# Vinnubrögð sögð ámælisverð

**SVEITARSTJÓRNIR** „Það er mál að linni í þessu ótrúlega máli, sem eingöngu er unnið út frá afar kjánalegum tilraunum forseta bæjarstjórnar til þess að afmá lóðina Miðskógar 8, sem er lóðin sunnan hans húss,“ segir Guðmundur Gunnarsson, oddviti minnihluta Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Álftaness.

Á fundi bæjarstjórnar á fimmtudag var lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun um að auglýsa beri aftur formlega nýtt deiliskipulag á Vestur-Skógtjarnarsvæði vegna þess að svo miklar breytingar hafi verið gerðar á skipulaginu frá auglýstri tillögu.



**GUÐMUNDUR GUNNARSSON** Oddviti sjálfstæðismanna á Álftanesi varar við hugsanlegum kærumálum á hendur sveitarfélaginu vegna meðferðar á tilmælum Skipulagsstofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

Jafnframt var lagt fram minnisblað frá skipulagsstjóra Álftaness sem kvaðst hafa gengið á fund fulltrúa Skipulagsstofnunar og fengið þá til að fallast á að ekki þyrfti að auglýsa skipulagið að nýju ef bæjaryfirvöld uppfylltu ákveðin skilyrði.

„Ég tel það algerlega fráleitt og mjög ámælisvert að við móttöku bréfsins ákveði fulltrúar Á-lista að óska eftir fundi með fulltrúum Skipulagsstofnunar og fara fram á að meginniðurstöðu stofnunarinnar sé breytt,“ segir Guðmundur og bætir við að sér finnist algerlega ómögulegt að forseti bæjarstjórnar Álftaness, Kristján Sveinbjörnsson, bjóði upp á að hagsmunaaðilar á svæðinu leiti réttar síns á grundvelli bréfs Skipulagsstofnunar. **- gar**

Sex mánaða fangelsi:

# Sló konu í andlit með krús

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir að slá konu í andlitið með kaffikrús úr keramiki. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða konunni 300 þúsund krónur í skaðabætur. Konan slasaðist nokkuð við árásina. Hún nefbrotnaði og hlaut skurð á nefi við árásina.

Maðurinn réðst á konuna á heimili hennar og sló hana fyrirvaralaust með krúsinni sem splundraðist við höggið. Lögregla var kvödd til og var konan flutt á slysadeild. Lögregla fann svo manninn undir rúmi konunnar. **- jss**



**BÍLAR** Reykjavíkurborg vill draga úr hlutfalli nagladekkja í umferðinni. Talið er að þau auki svifryksmengun sem meðal annars hefur slæm áhrif á þá sem þjást af lungnasjúkdómum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Notkun nagladekkja:

# Um þriðjungur bíla á nöglum

**UMHVERFISMÁL Bílum sem ekið er á nagladekkjum fækkar um þrjú prósent milli ára miðað við mælingar Reykjavíkurborgar.**

**Árleg talning var framkvæmd 4. desember síðastliðinn og reyndist þá 35 prósent ökutækja vera á negldum dekkjum. Til samanburðar voru 38 prósent ökutækja á nöglum á sama tíma í fyrra.**

**Reykjavíkurborg hefur undanfarin ár bent ökumönnum á sterkt samband milli nagladekkja og svifryksmengunar í borginni þar sem naglarnir spæna upp malbikið. Á árinu hefur svifryksmengun 25 sinnum farið yfir heilsuverndarmörk.** **- ovd**

# Vill enn meiri niðurskurð

**Varaformaður fjárlaganefndar segir ástæðu til að ætla að ekki sé nóg tekið á hallarekstri ríkissjóðs. Stjórnarandstaðan gagnrýnir að ekki liggi nógu miklar upplýsingar fyrir til að ræða fjárlög næsta árs.**

**STJÓRNMÁL** „Ég hef ástæðu til að ætla að ekki sé nógu mikið tekið á hallanum á ríkissjóði,“ sagði Kristján Þór Júlíusson, varaformaður fjárlaganefndar, á Alþingi í gær við aðra umræðu um fjárlagafrumvarpið. Hann sagði afar brýnt að flestir horfist í augu við þann vanda sem við blasi og niðurskurður á hallarekstri verði hvorki einfaldur né sársaukalaus. Hann sagði að hvorki væri hægt að verja atvinnustigið í landinu á kostnað ríkissjóðs né þjónustustigið.

Stjórnarandstaðan gagnrýndi harkalega að ekki liggja allar upplýsingar fyrir sem nauðsynlegar eru til að afgreiða fjárlög. Ekki sé gert ráð fyrir nýrri þjóðhagsspá fyrr en í janúar, þá vanti tekjuáætlun ríkisins, lánakjör og upplýsingar um greiðsluáætlun og stöðu ríkisstofnana. „Á þetta að vera eitt allsherjar djók?“ spurði Siv Friðleifsdóttir.

Lauslega reiknuð fjármögnunarþörf ríkisins út árið 2009, sagði Magnús Stefánsson, er um 1.700 milljarðar, þar af reiknaði hann skuldir vegna Icesave-reikninga allt að 660 milljörðum. „Við þessar aðstæður er velferðarkerfið í hættu,“ sagði Magnús.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sagði að að stofni til væri verið að leggja nýtt fjárlagafrumvarp fyrir fyrstu umræðu og spurði því hvort verið væri að fara á svig við þingsköp, því fjárlagafrumvarpið fengi ekki nema eina og hálfa umræðu í stað þriggja.

Þá kom fram í máli Jóns Bjarnasonar að ný útgáfa fjárlagafrumvarpsins hafi nánast ekkert verið rædd í fjárlaganefnd, heldur hafi tillögur ríkisstjórnarinnar, sem lagðar voru fram á fimmtudag, verið látnar ganga til Alþingis.



**GUNNAR SVAVARSSON** Formaður fjárlaganefndar mælti fyrir breytingu á framlögðu fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar, og Kristján Þór hvöttu stjórnarandstöðuna til að koma með sparnaðartillögur þegar forgangsröðun meirihlutans í niðurskurði var gagnrýnd. Var meðal annars lagt til að leggja niður greiðslur vegna Varnarmálastofnunar, NATO og ýmissa sendiráða. Jón Magnússon lagði til dæmis til að öll sendiráð á Norðurlöndunum, utan Kaupmannahafnar, yrðu lögð niður, svo og sendiráð í Suður-Afríku og Washington.

svanborg@frettabladid.is





Skíðapakkar
20% afsláttur
Skíðadeildin er í Glæsibæ

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

Réttar mælingar eru allra hagur
Verum á verði – þekkjum miðann!




Í viðskiptum eiga vogir og eldsneytisdælur að mæla rétt og vera löggiltar. Löggildingarmiði Neytendastofu staðfestir hvort löggilding sé í gildi. Ábendingar um útrunna löggildingu eða ólöggiltar vogir og eldsneytisdælur má senda í gegnum Rafræna Neytendastofu, á vefnum www.neytendastofa.is

Neytendastofa • Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100
Bréfasími 510 1101 • postur@neytendastofa.is • www.neytendastofa.is

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið



# Jóla glaðningur



2.695 kr. | 2.928 kr. | 3.309 kr. | 2.143 kr.

**Weleda gjafapokar**

Lavender baðmjólk og sturtusápa

Cítrus baðmjólk og sturtusápa

Hafþyrnir húðmjólk og sturtusápa

Villirós baðmjólk og sturtusápa



1.932 kr.

**Mabeline maskarakassar**

Blandaðar gjafaöskjur með Mabeline möskurum og girnilegum glossum.



4.499 kr.

**Clarins body care Coffret gjafasett**

Bodylotion , mýkjandi body scrub, nagla- og handáburður.



2.889 kr.

**Naomi Campell - Naomi Elixir**

Gjafakassi með Edt.15 ml, sturtugeli 50 ml og bodylotion 50 ml.



stk. 1.224 kr.

2.990 kr.

**Hot make-up**

Hot make-up Eyeliner í öllum regnbogans litum.
Hot make-up á augu og varir.



3.599 kr.

**L´Oréal Men Expert gjafaaskja fyrir herra**

Nýtt og spennandi andlitskrem fyrir herra með gelkenndri áferð sem smýgur hratt inn í húðina og gefur sérstaklega mikinn raka, ásamt hreinsigeli fyrir andlit.



5.789 kr.

**Oliver Strelli**

Glæsilegur gjafakassi frá Oliver Strelli – ilmvatn og sturtusápu.




**Gjafakort á heilsufarsmælingar - jólatilboð!**

Við mælum blóðfitu, blóðþrýsting, blóðsykur, beinþéttni og öndun. Fæst í Lágmúla og Smáratorgi.

Jólatilboð
3.890 kr.

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 44380 12/08



**LJÓSAHÁTÍÐ** Maður í gervi töframanns tekur þátt í skrúðgöngu á ljósahátíð í San José á Kosta Ríka á sunnudag. Þúsundir tóku þátt í hátíðinni, sem markar upphaf jólahátíðarinnar í landinu. NORDICPHOTOS/AFP

Menntamálaráðuneytið á að spara þrjá milljarða á næsta ári:

# Minna fé í skóla og rannsóknir

**EFNAHAGSMÁL** Menntamálaráðuneytið á að hagræða um þrjú prósent, eða sem nemur þremur milljörðum króna, samkvæmt sparnaðaraðgerðum ríkisstjórnarinnar. Rannsóknaframlagi upp á 800-900 milljónir er frestað og gerð þriggja prósenta hagræðingarkrafna á háskóla og framhaldsskóla. Hún á að skila samtals 900 milljónum króna.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir að sparnaðaraðgerðirnar reyni á þanþol skólakerfisins. „Allir gera sér grein fyrir að þetta er áhlaup og verður erfitt alls staðar. Í kreppu er ekkert undanskilið en við reynum að láta þetta verða sársaukaminna fyrir velferðarkerfið og menntakerfið,“ segir hún.



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

Háskólar landsins verða með sama rannsóknarfjármagn á næsta ári og á þessu ári því nýjum framlögum er frestað. „Við þurfum að þjappa í skólana. Við þurfum að halda skólunum opnum en nú þurfa þeir að sýna fram á að þeir geti þjappað og breytt í sínum rekstri,“ segir hún.

Þorgerður Katrín segir að haldið verði áfram með nýja skóla, til dæmis í Mosfellsbænum og við utanverðan Eyjafjörð.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, LÍN, stendur vel. Hann á að spara milljarð. Þorgerður Katrín vonast til að geta nýtt eigið fé sjóðsins. „Það er eins skiptis aðgerð og því er spurning hvort við blöndum vaxtahækkun saman við en hún skilar sér ekki fyrr en eftir átta til tíu ár. Við þurfum að koma með tillögur sem leysa vandann á næstu tveimur árum.“ - ghs

KÍ ályktar um menntun:

# Stöndum vörð um skólastarf

**MENNTUN** Stjórn og kjararáð Kennarasambands Íslands (KÍ) og stjórnir og samninganefndir aðildarfélaga KÍ hafa sent stjórnvöldum áskorun um að staðinn verði vörður um skólastarf og menntun.

Eiríkur Jónsson, formaður KÍ, segir gríðarlega mikilvægt að skólarnir starfi á sama hátt og áður. „Árið 1992 var farið í flatan niðurskurð í skólakerfinu og það var skelfileg aðgerð sem tók langan tíma að vinna úr. Við óttumst ýmislegt í stöðunni en í vitum ekki hver staðan verður fyrr en fjárlög og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga liggja fyrir.“ - kóp








**VANDI** Viðskiptavinir skoða sýningarsal í Toyota-umboði í Tókýó. Talið er að Toyota muni tapa um 1,1 milljarði Bandaríkjadala frá miðju ári 2008 fram í mars 2009. NORDICPHOTOS/AFP

Vandræði bandarískra bílaframleiðenda:

# Japanar óttast gríðarlegan skaða

**JAPAN, AP** Japanskir bílaframleiðendur óttast að verða fyrir gríðarlegum skaða fari einhverjir af þremur stærstu bílaframleiðendum Bandaríkjanna í þrot. Talsmenn þeirra harðneita því að japanskir bílaframleiðendur græði á vanda bandarískra starfsbræðra.

Japanskir bílaframleiðendur reiða sig mjög á Bandaríkjamarkað og notast mikið við sömu framleiðendur íhluta og bandarískir bílaframleiðendur. Gjaldþrot þeirra bandarísku myndi án efa keyra framleiðendur íhluta í þrot, og það óttast japönsku framleiðendurnir.

General Motors, Ford og Chrysler hafa óskað eftir fjárhagsaðstoð frá bandarískum stjórnvöldum og segjast forstjórar General Motors og Chrysler aðeins hafa rekstrarfé til nokkurra vikna.

Reikna má með að um 2,5 milljónir Bandaríkjamanna missi vinnuna fari þessir þrír stærstu bílaframleiðendur Bandaríkjanna í gjaldþrot, þegar tekið hefur verið tillit til allra þátta. Japanskir bílaframleiðendur óttast þá stöðu mjög, þar sem það muni draga verulega úr eyðslu bandarískra neytenda.

Ljósið í myrkrinu er að fari stóru bandarísku bílaframleiðendurnir í þrot gætu japanskir framleiðendur aukið við markaðshlutdeild sína eftir ár eða áratugi. - bj


Lagadeild

www.lagadeild.hi.is

Lagadeild Háskóla Íslands, Lögmannafélag Íslands og RSE:
**Málstofa í alþjóðlegum fjármálum**
Í dag, þriðjudaginn 16. desember kl. 12:15-13:30
Stofu 101 í Lögbergi í Háskóla Íslands.

## Skuldsetning ríkja í fjármálakreppu: Söguleg viðhorf og framtíðarhorfur

***Lee C. Buchheit meðeigandi Cleary Gottlieb, Steen & Hamilton LLP***



Í erindi sínu fjallar lögmaðurinn Lee C. Buchheit um skuldsetningu og greiðsluerfiðleika ríkja í kjölfar fjármálakreppu. Mun hann rekja fjölmörg dæmi úr sögunni til að varpa ljósi á kenningar um hvernig ríkjum er komið til hjálpar í fjármálakreppu og hvernig þær kenningar hafa þróast. Buchheit mun svo ræða við málstofugesti um ástandið í dag, stöðu ríkja eins og Íslands og hvernig haga beri endurskipulagningu skulda til að koma í veg fyrir þjóðargjaldþrot.

*Buchheit er sérfræðingur í endurskipulagningu skulda og fjárhagslegri endurreisn ríkja eftir fjármálakreppur. Hann hefur gegnt stöðum við fjölmarga virtustu háskóla Bandaríkjanna og haldið erindi á þessu sviði víða um heim. Ennfremur hefur hann ritað bækur og mikið magn fræðigreina um efnið. Buchheit hefur verið fjölda ríkisstjórna til ráðgjafar í fjármálakreppum, s.s. í Mexíkó (1982-85), á Filippseyjum (1983-92), í Ekvador (1992-2000), Rússlandi (1997-98), Uruguay (2003), Nígeríu (2006) og Írak (2004-08).*

HÁSKÓLI ÍSLANDS Lögmannafélag Íslands RSE


Minnisvarði reistur á Akureyri:

# Umferðarlagabrot sem breytti landinu

**SAMFÉLAGSMÁL** Minnisvarði á horni Byggðavegar og Þingvallastrætis á Akureyri var afhjúpaður í gær en þar var Jón Kristinsson stöðvaður fyrir meint umferðarlagabrot árið 1984. Það átti hins vegar eftir að verða til þess að skilið var á milli dóms- og umboðsvalds á Íslandi en það hafði aðeins verið gert í Reykjavík.



ARNAR JÓNSSON

„Hann var dæmdur en vildi ekki una dómnum og enn síður vildi hann una því að sami maðurinn tæki hann og dæmdi,“ segir Arnar Jónsson, sonur þess dæmda. „Og þar sem hann er hæfilega þrjóskur þá var hann til í að fara með þetta mál til Hæstaréttar og jafnvel eins langt og til þurfti. Það endaði í Strassborg og varð íslenska ríkið að breyta réttarskipan landsins í kjölfarið.“

Hann segir að lagadeild Háskólans á Akureyri hafi átt hugmyndina að minnisvarðanum og komið því í verk að setja hann upp í samvinnu við bæjaryfirvöld á Akureyri. „Þeir eru afskaplega uppteknir af mannréttindum í lagadeildinni og eiga heiður skilinn líkt og bæjaryfirvöld,“ segir Arnar sem las texta minnisvarðans þegar hann var afhjúpaður í fyrradag. - jse


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
POLO RALPH LAUREN
FINUCCI
collezione
bugatti
MABRUN
BELLINI
collezione
LLOYD
SARAR
PAL ZILERI
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
50%
til 70%
afsláttur
af öllum
vörum
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )

# MAGNAÐ LA-Z-BOY TILBOÐ

## 3 verð - veldu þér lit!



**PINNACLE LA-Z-BOY STÓLL**
grænn eða blár

60% AFSLÁTTUR

LAZBOY

**39.980**
verð áður 99.980

**PINNACLE LA-Z-BOY STÓLL**
vínrauður

40% AFSLÁTTUR



NÚNA 30%
**JUBEE BARNALÍNAN**



NÚNA 45% AFSLÁTTUR



NÚNA 45%
**LARISSA SÓFASETT**

**59.990**
**ARINN 1800** hvítur eða mahogny
Verð áður: 109.980

**89.980**
**LARISSA** 3. sæta sófi
Verð áður: 169.980

**79.980**
**LARISSA** 2. sæta sófi
Verð áður: 149.980

**LARISSA** stóll kr. **59.980** áður kr. ~~99.980~~

## OPIÐ TIL KL. 22.00 ÖLL KVÖLD FRAM AÐ JÓLUM

HÚSGAGNAHÖLLIN



59.980

verð áður 99.980

**PINNACLE LA-Z-BOY STÓLL**
brúnn, millibrúnn

30% AFSLÁTTUR

69.980

verð áður 99.980



NÚNA 50% MOES BORÐSTOFUSTÓLAR

17.490

**MOES** borðstofustólar verð frá: Verð áður: 34.980



NÚNA 80% BODUM PROVENCE

## RESTIN AF BODUM PROVENCE

VERÐDÆMI:

**PROVENCE** buffet fat 25 cm — 999 — Verð áður: 5.980

**PROVENCE** buffet skál 25 cm — 499 — Verð áður: 3.980



**ZONE** kertastjakar 3 stk. — 1.980 — Verð áður: 3.290



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

bodum

**SANTOS** kaffikanna 8 bolla — 5.980 — Verð áður: 9.980

## „ORÐRÉTT“

### Ungur nemur

**„Það voru bönd eins og Jesus and Mary Chain, Velvet Underground og Suicide sem fengu mig til að vilja stofna hljómsveit. En auðvitað er maður alltaf að uppgötva eitthvað nýtt, og gamalt.“**

HENRIK BALDVIN BJÖRNSSON, SÖNGVARI OG GÍTARLEIKARI HLJÓMSVEITARINNAR SINGAPORE SLING, RÆÐIR UM ÁHRIFAVALDA SÍNA Í HELGARVIÐTALI.
**Fréttablaðið, 30. nóvember.**

### Gamall temur

**„Ég á engar aðrar sérstakar fyrirmyndir aðrar í módelbransanum, frekar að mér þyki leikkonur eins og til dæmis Angelina Jolie og Charlize Theron flottar.“**

ÁSDÍS RÁN GUNNARSDÓTTIR FYRIRSÆTA RÆÐIR UM ÁHRIFAVALDA SÍNA Í HELGARVIÐTALI.
**Fréttablaðið, 13. desember.**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SVEINN KJARVAL ÚTRÁSARVÍKINGUR

## *Síminn gerir mér lífið leitt*



„Það er allt gott að frétta af mér, fyrir utan það að Síminn er að gera mér lífið leitt þessa dagana,“ segir Sveinn Kjarval útrásarvíkingur, eins og hann er skráður í símaskránni.

Sveinn segir vandræðin hafa komið þannig til að hann þurfti að niðurhala nokkrum gígabætum af efni, sem hann hafi að sjálfsögðu keypt löglega. „Fyrir vikið hefur rignt inn einhverjum hótunarbréfum frá Símanum um að nettengingin mín verði klippt í tætlur ef ég hætti ekki tafarlaust að nota hana. Þeir vísa stöðugt í einhverja heilaga skilmála sem segja að það megi varla nota súper últra háhraðatenginguna sem ég borga dýrum dómum fyrir nema að eiga á hættu að sæta alls kyns hræðilegum miðaldarefsingum. Skilmálarnir eru þó ekki heilagri en svo að Síminn breytir þeim reglulega eins og þeim sýnist. Ég náttúrlega hef bara verið að segja þeim að „ét'ann sjálfir“ að landsfeðrasið og hef haldið áfram að niðurhala mínum eigum.“

Í fyrradag fékk Sveinn svo tilkynningu frá Símanum. „Þessir svíðingar sögðu mér að þeir væru byrjaðir að kyrkja tenginguna mína. Núna er internetið mitt svo hægt að það tekur mig hálftíma að opna heimabankann og með þessu áframhaldi sé ég hreinlega ekki fram á að ég hafi tíma til að borga símreikninginn minn um næstu mánaðamót. “

Sveinn tekur fram að þeir sem vilji leggja honum lið í frelsisbaráttu sinni geti mætt á á mótmælafund gegn óréttlætinu á Austurvelli næsta laugardag klukkan 15.

## SMJÖRKLÍPA:
### KLÍNT Á KÖTTINN



■ Orðið smjörklípa er orðið landsmönnum tungutamt. Það er notað þegar menn ata einhvern aur, í óbeinni merkingu, til að beina athyglinni frá einhverju sem skiptir meira máli. Þessi notkun orðsins á uppruna sinn hjá Davíð Oddssyni, sem sagði frá því í sjónvarpsviðtali að frænka hans hefði gjarnan klínt smjörklípu á óstýrilátan kött sinn. Kötturinn hefði þá gleymt sér við þrifin og hún fengið frið. Davíð sagði þessa aðferð hafa gefist sér vel í stjórnmálunum.


Jólatilboð
20-30% afsláttur
af öllum kommóðum





www.hirzlan.is
Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040


# Sárþjáður í jólaskapinu

**Ólafi S. K. Þorvaldz leikara er annt um áhorfendur sína. Svo annt að hann ákvað að fresta uppskurði á hné til að geta sinnt hlutverki sínu í fjölskylduleikritinu Lápur, Skrápur og jólaskapið yfir jólin, sárþjáður með spelkur og á sterkum verkjalyfjum.**



**VÍÐA LEITAÐ FANGA** Leit Láps og Skráps að jólaskapinu beindi þeim meðal annars í Útvarpshúsið um helgina, þar sem þeir voru teknir í viðtal af þeim Atla og Jóa og rákust á bróður sinn, jólasveininn Stúf, þar innanhúss.

„Það koma sýningar þar sem ég verð að bíta ansi fast á jaxlinn til að varna því að öskra. Hnéð læsist reglulega og á það líka til að smella í og úr lið og fleira í þeim dúr. Það lítur því stöku sinnum út fyrir að Stekkjastaur sé á sviðinu í minn stað. Það er ýmislegt á sig lagt til að koma blessuðum börnunum í jólaskap,“ segir Ólafur S. K. Þorvaldz leikari, sem fer með hlutverk Skráps í jólaleikritinu Lápur, Skrápur og jólaskapið í Borgarleikhúsinu. Ólafur reif liðþófa í hné á æfingu fyrir frumsýningu verksins í lok nóvember og hefur verið með spelku á vinstri löppinni síðan. Hann lætur meiðslin þó ekki aftra sér frá því að sinna starfi sínu í leikhúsinu, þótt sárþjáður sé og undir áhrifum sterkra verkjalyfja.

Ólafur segir þetta fyrirkomulag hafa gengið ágætlega upp hingað til og vonast til að hnéð haldi fram yfir áramótin, þegar sýningum á Lápi og Skrápi lýkur. „Ég festist í baki við æfingar á öðru leikriti nú í haust og svo lenti ég illa á æfingu fyrir Láp og Skráp og reif þá liðþófann. Það hefur því ýmislegt gengið á og líkaminn í hálfgerðu lamasessi. Eftir seinni meiðslin heimsótti ég bæklunarlækni og hann vildi fá mig umsvifalaust í uppskurð á hnénu. En börnin ganga fyrir. Uppskurður hefði þýtt að ég hefði ekkert getað leikið um jólin og slíkt var hreinlega ekki til umræðu. Ég kíki til læknisins á nýju ári,“ segir leikarinn og hlær við.



**LEITIN AÐ JÓLASKAPINU** Jólaleikritið Lápur, Skrápur og jólaskapið er sýnt samhliða í Borgarleikhúsinu og hjá Leikfélagi Akureyrar. Orri Huginn Ágústsson og Ólafur S. K. Þorvaldz fara með titilhlutverkin.

Barna- og fjölskylduleikritið Lápur, Skrápur og jólaskapið eftir Snæbjörn Ragnarsson er sett upp samhliða í Borgarleikhúsinu og hjá Leikfélagi Akureyrar, hvort með sínum leikara- og aðstandendahópnum á hvorum stað. Er það nýlunda í íslensku leikhúslífi að tvær uppsetningar á sama verkinu séu sýndar á sama tíma. Guðjón Þorsteinn Pálmarsson leikstýrir verkinu á Akureyri en Anna Bergljót Thorarensen sunnan heiða. Ólafur segir viðtökur almennings hafa verið frábærar á báðum stöðum. „Lápur og Skrápur eru synir Grýlu sem fá þó ekki að vera jólasveinar, vegna þess að þá þyrfti að breyta öllu heila jólaskipulaginu. Grýla sendir félagana að heiman og harðbannar þeim að koma heim fyrr en þeir hafi fundið jólaskapið. Eðli málsins samkvæmt lenda þeir í hinum ýmsu ævintýrum.“

Að sýningum loknum gefst áhorfendum færi á að hitta sögupersónurnar, ásamt því að bragða á piparkökum og Malti og Appelsíni, hinni opinberu leyniuppskrift jólanna.

„Hittingurinn eftir sýningar er nú með því skemmtilegra við þetta allt saman. Krakkarnir hafa mikinn áhuga á risavöxnum nefunum á Lápi og Skrápi, og ekki minni áhugi ríkir á því að hitta sjálfa Grýlu augliti til auglitis, þótt sumir séu hræddir við hana. Mig grunar að sumir séu að leita staðfestingar á því að Grýla sé ekki til í alvörunni, að hún sé í rauninni bara plat,“ segir Ólafur. **kjartan@frettabladid.is**




Gorenje
ísskápur
Orkunýtni A+
Gorenje ísskápur
RK60358DE
Ryðfrítt stál.
Nýtanlegt rými kælis 230 l.
Nýtanlegt rými frystihófs 86 l.
Hljóðstig 40 dB(A).
Bráðnunartími við straumrof: 18 klst.
Frystigeta: 4 kg/dag.
Mál (BxHxD): 180 x 60 x64 cm.
RÖNNING
Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200
PIPAR • SÍA • 82311


Forseti Íslands opnaði vefinn bjartsýni.is:

# Vefur sem ber ekki böl

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, opnaði vefinn bjartsýni.is en forsetinn á nokkurn þátt í tilurð hans. Markmiðið með vefnum er að koma á framfæri jákvæðum sögum, hugmyndum og ábendingum úr íslensku atvinnulífi. Hægt er að senda slíkt inn en sérstök ritstjórn fer yfir innsendan texta og gætir þess að bölsögur birtist ekki.

Reyndar var það Hrannar Baldursson sem er upphafsmaðurinn að öllu saman en hann vildi láta til sín taka þegar forsetinn kom í vinnustaðaheimsókn til Marels rétt eftir að kreppan skall á, hélt ræðu en spurði svo starfsmenn hvort þeir hefðu einhverjar hugmyndir um að snúa óheillaþróun við. „Ég stóð þá upp án þess að hafa ákveðið hvað ég ætlaði að segja en endaði með því að leggja til að svona vefur yrði hannaður,“ segir Hrannar sem jafnframt er verkefnisstjóri vefjarins.

„Mér varð vissulega hugsað til þess að Marel varð til fyrir um 25 árum þegar nemendur í verkfræði í Háskóla Íslands stofnuðu fyrirtæki í kringum vog sem þeir hönnuðu en síðan hefur það nú aldeilis vatt upp á sig. Marel hefur þó oft lent í kröppum dansi en þegar sú staða kemur upp er reynt að koma með nýja uppfinningu svo það er unnið á vandanum með kollinum sem er það sem þjóðin verður að gera núna.“



**FORSETINN OPNAR VEFINN** Ólafur Ragnar Grímsson opnar vefinn sem á upphaf sitt að rekja til Marels en saga þess fyrirtækis hæfir vef þessum afar vel.

- jse

# Jólalagersalan heldur áfram

## Aðeins 8 dagar eftir







Koja m/ skrifborði
og skápum
Verð áður: ~~74.980.-~~
Lækkað verð: ~~23.990.-~~
Nú m/afsl: 19.269.-

Rúm m. gestarúmi
Verð áður: ~~29.980.-~~
Lækkað: ~~9.990.-~~
Nú m/afsl: 8.024.-



Rúm m/ skrifborði
Verð áður: ~~57.980.-~~
Lækkað verð: ~~19.990.-~~
Nú m/afsl: 15.984.-



Bangsimon
Náttborð
Verð: ~~3.990.-~~
Nú m/afsl: 3.205.-



Formúlu
Fataskápur
Verð áður: ~~25.990.-~~
Verð nú: ~~8.990.-~~
Nú m/ afsl: 7.720.-

**Síðasta áfylling**
**á nýjum vörum**
**Ný húsgögn**
**Nýjar vörur**



Bangsimon
Bókahilla
Verð: ~~4.790.-~~
Nú m/afsl: 3.847.-

## 20% auka afsláttur af húsgögnum

# Mikið úrval af vörum frá 100-500 kr





2-play Jigsaw
Púsluspil
Verð: 990.-



Bangsimon
Talnapúsl
Verð: 490.-



Bangsimon
Talnagrind
Verð: 1.290.-

DVD Teiknimyndir
Verð: 499.-





Star Wars
Verð: 499.-



LEGO
Skólatöskur
Verð :3.999.-



**Lagersalan er að Miðhrauni 2 - við brúna hjá IKEA**

**Opnunartími:**
**Virka daga: 12-18**
**Laugardaga: 12-16**
**Sunnudagur 21 des: 12-16**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
375 **+0,71%**

**Fjöldi viðskipta:** 113
**Velta:** 641 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EXISTA** | +16,67% | **STRAUMUR-B.** | -3,38% |
| **FØROYA BANKI** | +1,65% | | |
| **BAKKAVÖR** | +0,62% | | |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** 203,2 -0,64%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,00 +0,00% ... Bakkavör 3,26 +0,62% ... Eimskipafélagið 1,31 +0,00% ... Exista 0,07 +16,67% ... Icelandair Group 13,20 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 76,10 +0,53% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 2,57 -3,38% ... Össur 97,00 +0,41%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*



### Innherjinn

Íslenskir ráðuneytisstarfsmenn verða sennilega seint sakaðir um að skorta kímni. Enda þótt einn æðsti maður stjórnsýslunnar liggi undir ámæli fyrir að selja hlutabréfin sín í Landsbankanum, rétt fyrir hrun, en rétt eftir afdrifaríkan fund með fjármálaráðherra Breta, þá taka samstarfsmenn hans málinu af alkunnum léttleika embættismannakerfisins. Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, hefur nefnilega fengið nýja einkunn hjá samstarfsfólki sínu. Heyrst hefur að gárungar á göngum ráðuneytisins kalli hann innherjann.

### Frumherjinn

Bjarni Ármannsson sigldi austur um haf, með allt sitt fé á fæti. Hluthafar og viðskiptavinir Glitnis greiddu starfslokasamning og höfðu áður borgað fyrir umdeilda launa- og kaupréttarsamninga. Skammt er síðan að Bjarni hafði uppi varnaðarorð um hálaunamenn í samfélagslegu samhengi. Í viðtali við Euromoney í nóvember 2002 sagði hann, í tilefni af heimkomu Björgólfsfeðga, að hér væri lítil fátækt og engir milljarðamæringar. „Þetta skapar jafnvægi sem nú kynni að vera ógnað. Ég held að þeir verði að fara mjög varlega.“ Spyrja má hvort Bjarni hafi síðan orðið sporgöngumaður eða frumherji.

## Hækkun milligjalds óheimil

Samkeppniseftirlitið heimilar kortafyrirtækinu Valitor ekki að hækka svonefnt milligjald á innanlandsmarkaði fyrir kreditkortaviðskipti, þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að hækkunin falli undir undanþáguákvæði samkeppnislaga. Úrskurður þar að lútandi var birtur í gær.

Í yfirlýsingu Kortaþjónustunnar er úrskurðinum fagnað og hækkunaráform Valitors talin „óforskömmuð tilraun fyrirtækisins til að nýta sér stöðu sína sem vinnsluaðili kortaútgefanda til að neyða samkeppnisaðila sinn á sviði færsluhirðingar, Kortaþjónustuna, til að hækka gjaldskrá sína verulega“. **- óká**

# Afkomuviðvörun vegna XL Leisure

Eimskip gjaldfærir 207 milljónir evra á yfirstandandi ársfjórðungi vegna ábyrgðar sem fyrirséð er að falli á félagið vegna gjaldþrots XL Leisure. Félagið sendi frá sér afkomuviðvörun í gær.

„Nokkur óvissa hefur verið um kröfuna eftir að Samson eignarhaldsfélag ehf. var úrskurðað gjaldþrota,“ segir í tilkynningu, en þar hafði lánið verið fært til bókar. Fram kemur að Eimskip vinni jafnframt að því að ná samkomulagi um kröfuna við eiganda hennar, sem samkvæmt heimildum blaðsins er Landsbankinn.

Auk gjaldfærslu vegna XL ábyrgðar eru áætlaðar gjaldfærslur vegna virðisrýrnunar eigna og ábyrgða vegna leigugreiðslna XL flugvéla. „Fjárhæðir ábyrgðanna liggja ekki enn fyrir en viðræður við kröfuhafa standa yfir. Loks er að geta að vegna óhagstæðrar gengisþróunar, einkum styrkingar Bandaríkjadollars gagnvart Kanadadollar, mun gengistap á fjórða ársfjórðungi vera töluvert hærra en búist var við,“ segir í tilkynningu Eimskips. Endanleg upphæð virðisrýrnunarfærslunnar á fjórðungnum liggur því enn ekki fyrir. „Ljóst er þó að hún mun ganga stórlega á eigið fé félagsins og munar þar mest um gjaldfærslu vegna XL ábyrgðar.“



**GYLFI SIGFÚSSON**

Fjárhagslegri endurskipulagningu Eimskips á að ljúka á fyrri helmingi næsta árs, en áhersla hefur verið lögð á sölu eigna sem ekki tengjast kjarnastarfsemi. Fram kemur að sölu eigna í Norður-Ameríku ætti að ljúka um mánaðamótin janúar/febrúar. Þá er reiknað með að aðhald í rekstri spari félaginu 2,4 milljarða króna á ári. „Lausafjárstaðan er góð og grunnrekstur Eimskips er traustur,“ segir í afkomuviðvöruninni. **- óká**









**ÖRT DREGUR ÚR SMÁSÖLU** Enda þótt örtröð sé oft á Oxford-stræti dregur úr smásölu í Bretlandi. Atvinnuleysi eykst og húsnæðisverð er í frjálsu falli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Spá þriðjungslækkun bresks fasteignaverðs

**Barclays-banki býst við að húsnæðisverð í Bretlandi lækki um þriðjung frá hæsta punkti. Atvinnuleysi fer vaxandi í Bretlandi og skuldir heimila aukast.**

„Þetta er líklega komið hálfa leið, svo við reiknum með því að húsnæðisverðið lækki enn um tíu til fimmtán prósent til viðbótar fyrir lok næsta árs,“ segir John Varley, yfirmaður Barclays-banka, í viðtali við Sky-fréttastöðina.

Húsnæðisverð hefur þegar fallið töluvert frá því það náði hápunkti sínum. Varley gerir ráð fyrir því að heildarlækkunin frá hæsta punkti verði um þriðjungur.

Skuldir breskra heimila fara einnig vaxandi. Samkvæmt athugun Englandsbanka eiga æ fleiri heimili í vandræðum með reikningana um hver mánaðamót. Margir aðspurðir sögðust eiga minna og minna milli handanna og legðu minna fyrir en þeir hugðust gera. Um 2.500 voru spurðir í könnun bankans. Ekki hafa fleiri kvartað jafn mikið undan skuldabyrði í sambærilegum könnunum síðan um miðjan tíunda áratuginn.

Horfur á breskum vinnumarkaði eru líka slæmar. Barclays býst við því að á næstu tólf mánuðum verði atvinnuleysið komið í 7,5 prósent. „Ég held að það sé ekki óvarlegt að áætla að 700 þúsund manns eigi eftir að missa vinnuna á næstunni,“ segir Varley.

Sumir búast við því, að sögn breska ríkisútvarpsins, að brátt verði allt að tvær milljónir Breta án atvinnu.

Breska ríkisútvarpið hefur eftir Mike Stevens hjá KPMG að breskur vinnumarkaður sé á hraðri niðurleið. „Vinnuveitendur í svo til öllum geirum hafa hætt við ráðningar og reyna eins og þeir geta að fækka verktökum og starfsmönnum sem hafa verið ráðnir tímabundið,“ segir Stevens.

Það dregur úr smásölu. Samkvæmt nýjustu könnun KPMG minnkaði hún um 0,4 prósent í síðasta mánuði, miðað við sama mánuð í fyrra. Einnig dró lítillega úr smásölu í Bretlandi í október. Það er í fyrsta sinn frá því í janúar 1995 sem samdráttur verður í smásölu tvo mánuði í röð, að sögn breska ríkisútvarpsins. **- ikh**

# Svikamylla upprætt

Nokkrir af umsvifamestu bönkum Evrópu tilkynntu um helgina að sjóðir á þeirra vegum hefðu tapað rúmum sjö milljörðum dollara, jafnvirði 800 milljarða króna, í svikamyllu sem tengist bandaríska fjárfestinum Bernard Madoff.

Maddoff, sem er er einn af forvígismönnum nýjunga í bandarískum hlutabréfaviðskiptum og fyrrum stjórnarformaður Nasdaq-hlutabréfamarkaðarins í New York, var handtekinn í síðustu viku og sakaður um að hafa hannað svikamyllu í kringum leynilegt fjárfestingafélag. Það voru synir Maddoffs sem áttuðu sig á svindlinu og komu upp um hann.

Svikin fólu í sér að ráðgjafarfyrirtæki á hans vegum greiddi hluthöfum arð með því fé sem sett var í félagið. Gat fór að myndast þegar efnahagskreppan olli því að fjárfestar tóku að halda að sér höndum og vildu taka út fjárfestingu sína.



**BERNARD MADOFF**

Félagið var með 24 milljarða dala í eignastýringu þegar upp komst um svikin. Tapið nemur fimmtíu milljörðum dala, jafnvirði tæpum 5.900 milljörðum íslenskra króna, samkvæmt Bloomberg.

Þetta er langstærsta svikamál á fjármálamörkuðum sem einstaklingur tengist og má segja að einungis Enron-málið, sem sprakk með látum í netbólunni um síðustu aldamót, standi því jafnfætis. **- jab**



**EVRUTURNINN Í FRANKFURT** Risastórt evrumerki er fyrir framan höfuðstöðvar Seðlabanka Evrópu í Frankfurt í Þýskalandi. Viðskiptaráð vill hefja viðræður um aðild að Evrópusambandinu og Myntbandalagi Evrópu. NORDICPHOTOS/AFP

# Vilja hefja aðildarviðræður við ESB



FINNUR ODDSSON

„Það eru augljósir kostir og gallar við aðild að Evrópusambandinu. Við þurfum að láta reyna á hverjir þeir eru með aðildarviðræðum," segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Stjórn Viðskiptaráðs samþykkti í síðustu viku ályktun sem kveður á um að sótt verði um aðild að Evrópusambandinu (ESB). Í tilkynningu Viðskiptaráðs kemur fram að stjórnin hafi ályktað um málið vegna þeirrar stöðu sem nú sé uppi í efnahagsmálum og vegna mikilvægis þess að sem fyrst verði komið á meiri vissu um framtíðarskipan peningamála hér.

Stjórnin segir mikilvægt að opin umræða eigi sér stað um lausnir á efnahagsvandanum og að í þeim efnum megi ekki útiloka tiltekna valkosti. „Í því sambandi verður ekki hjá því litið að raunverulegir efnahagslegir kostir fylgja aðild að myntbandalagi Evrópu og Evrópusambandinu," segir í ályktun stjórnarinnar.

Stjórnin mælist til þess að þegar í stað verði skilgreind samningsmarkmið og að sótt verði um aðild að ESB í kjölfarið.

Eins og Finnur bendir á verði kostir landsins ekki skoðaðir til hlítar nema með því að sækja um aðild að sambandinu, ekki síst þeir sem snúa að sérstökum íslenskum hagsmunum, einkum þeim sem lúta að nýtingu og stjórnun auðlinda. „Með aðildarumsókn að ESB er hægt að taka afstöðu til þess hvort samningar okkar verði hagfelldir," segir Finnur, en í ályktun stjórnarinnar kemur fram að hún muni taka afstöðu til aðildarsamnings þegar hann liggi fyrir.

- jab










IBM®

STOP
THINKING ABOUT THE NEXT STEP.
START
A NEW SAP CAREER IN NORWAY.

IBM is the world's largest SAP supplier and is currently working on a wide range of global and local projects. We are experiencing a great demand for SAP services in Norway where we can offer you the very best challenges, development and teams.

**IBM NORWAY IS LOOKING FOR EXPERIENCED SAP CONSULTANTS. Come and visit us in Reykjavik at The Hotel Radisson SAS 1919, on December 19th-21st.**

We would like to meet you for an interview and to discuss what it would be like joining our SAP team in Norway. Find out more about the SAP positions we are looking for and make sure you book a time slot in our meeting schedule the weekend before Christmas.

For more information, please contact Rolf Gunnar Larsen, phone: +47 934 28 482, mail: rolf.g.larsen@no.ibm.com, or Hans Petter Førrisdal, phone: +47 928 68 017, mail: hans.petter@no.ibm.com.

Start your journey at **ibm.com/start/no**

START@IBM

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samstarf ríkisstjórnarflokkanna:

## Skortir viljann?

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Annað verður ekki ráðið en heilindi hafi ríkt í samstarfi forystumanna ríkisstjórnarflokkanna. Margvíslegar yfirlýsingar ráðherra, þingmanna og stuðningsmanna beggja flokkanna að undanförnu eru hins vegar vísbending um veikleika í samstarfinu.

Með hæfilegri einföldun má segja að rætur vandans séu tvenns konar: Fyrr á þessu ári fór stuðningur við stjórnarsamstarfið dvínandi í baklandi Samfylkingarinnar. Ef að líkum lætur hefur það valdið tortryggni í röðum sjálfstæðismanna með vaxandi efasemdum um að samstarfið myndi halda. Þá verða menn varir um sig í málamiðlunum.

Að sama skapi má ráða að innan Samfylkingarinnar hafi mönnum þótt sem Sjálfstæðisflokkurinn væri seinn að bregðast við áleitnum spurningum um að endurreisa traust á yfirstjórn peningamálanna. Af því hlýst pólitískt óþol. Ólgan í þjóðfélaginu hefur svo alið á því. Misvísandi gengi í skoðanakönnunum hlýtur einnig að hafa áhrif í þá veru.

Erfitt er að greina hvor rótin er orsök og hvor afleiðing. Í sjálfu sér skiptir það heldur ekki öllu máli. Veruleikinn er sá að þessi atriði endurvarpa mynd veikleika en ekki styrkleika. Það er sú mynd sem blasir við þeim sem á horfa.

Komist gagnkvæm tortryggni í stjórnarsamstarfi á ákveðið stig geta slit þess verið besti kosturinn. Rétt er því að spyrja hvort svo hátti til við ríkjandi aðstæður. Gild rök hníga að því gagnstæða. Báðir flokkarnir eiga sterkt bakland í verkalýðshreyfingunni og atvinnulífinu. Samstarf þeirra er því líklegra en aðrir kostir til að ná breiðri samstöðu um þá stefnumörkun um endurreisn sem ekki má bíða.

Tvö stór mál hafa einkum og sér í lagi skilið á milli stjórnarflokkanna frá upphafi. Annars vegar er það framtíðarstefnan í peningamálum og hins vegar nýting orkulinda til meiri verðmætasköpunar. Þegar til stjórnarsamstarfsins var stofnað benti flest til að stjórnin væri ekki í tímakreppu með þessi mál. Í byrjun þessa árs varð hins vegar deginum ljósara að svo var.

Flest bendir til að stjórnarflokkarnir geti eftir landsfund Sjálfstæðisflokksins í janúar mótað skýra stefnu í peningamálum og sett markmið um stöðu landsins í samfélagi þjóðanna. Í orkunýtingarmálum eru misvísandi skilaboð enn ímynd stjórnarstefnunnar. Því þarf að breyta án undandráttar. Markaðserfiðleikar á því sviði gera það enn brýnna en áður.

Athyglisvert er að Sjálfstæðisflokkurinn virðist ekki opinberlega að minnsta kosti hafa sett fram kröfur um nýja stefnumörkun um orkunýtingu. Það er merkileg mildi í ljósi þess að flokkurinn er að endurskoða hagsmunamat sitt í peningamálum og Evrópumálum í átt að ríkjandi stefnu Samfylkingarinnar. Það sýnir á hinn bóginn að rými er fyrir frekari málamiðlanir.

Stjórnarflokkarnir hafa þegar stigið fyrstu skrefin í endurreisn ríkisfjármálanna. Þeir eiga meiri möguleika en aðrir að ljúka ábyrgri stefnumörkun á því sviði.

Niðurstaðan er þessi: Skorti gagnkvæman vilja til áframhaldandi samstarfs á það að koma fram strax. Sé viljinn hins vegar fyrir hendi þarf að sýna merki hans svo ekki verði um villst. Það er besti kosturinn. Pólitísk óvissa er ávísun á meiri upplausn í þjóðarbúskapnum. Hver vill bera þá ábyrgð?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lögmálið

Menntamálaráðherra lagði til við Alþingi fyrir skömmu að það samþykki tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu sem opinbera stefnu í málum er varða íslenska tungu. Í tillögunum segir að tryggja þurfi lagalega stöðu íslenskunnar sem þjóðtungu Íslendinga enda lagagrundvöllurinn ekki nógu traustur. Nefnd eru dæmi því til stuðnings, til dæmis að hvergi í stjórnarskrá eða lögum er kveðið á um það að íslenska sé hið opinbera tungumál lýðveldisins Íslands og hvergi er í lögum kveðið á um það að íslenska skuli notuð í störfum Alþingis Íslendinga.

### Siv sletti

Þessa handvömm færði Siv Friðleifsdóttir sér í nyt í ræðustól Alþingis í gær þegar hún gagnrýndi vinnubrögð við fjárlög harðlega og spurði hvort þetta ætti að vera „eitt allsherjar djók“. Siv slapp með skrekkinn í þetta sinn en mögulega eru þetta síðustu forvöð fyrir þingmenn að sletta; innan skamms verða þeir mögulega víttir fyrir svona munnsöfnuð. Nema orðabókaritstjórinn Mörður Árnason komist aftur á þing og í stól forseta. Þá getur Siv djókað að vild. Og sagt sjitt ofan í kaupið.



### G eða ekki g

Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að borgarráð hefur samþykkt tillögur um nafngiftir nýrra gatna á slippasvæðinu í Reykjavík. Meðal nýrra götunafna á svæðinu eru Slippagata, Hlésgata, Lagargata, Rastargata og Græðisgata. Það er sjálfsagt tímanna tákna að sumir telja að um prentvillu sé að ræða í síðasta nafninu – þar hljóti að vanta eins og eitt g.

bergsteinn@frettabladid.is



# Engar lausnir



**SVERRIR JAKOBSSON**

**Í DAG** | Kreppan

Ríkisstjórnin hefur lekið út andlitslyftingu um áramótin – ráðherrum verður skipt út og aðrir settir inn í staðinn. Hugsanlega mun hrókunin ná til Seðlabankans líka enda líta margir á formann bankastjórnar sem tákngerving kreppunnar. Ekki er hægt að segja að slík uppstokkun breyti miklu; þetta er táknræn aðgerð af hálfu ríkisstjórnar sem þykist vera á móti slíkum aðgerðum. Vandi stjórnarinnar felst nefnilega ekki í því að einstakir ráðherrar hafi verið starfi sínu illa vaxnir umfram aðra. Hann felst ekki heldur í getuleysi embættismannanna í Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu sem létu öll hættumerki fram hjá sér fara. Því að ríkisstjórnir vildu heldur ekki sjá nein hættumerki, hvorki sú sem nú situr né heldur hin sem kom á undan. Allar valdastofnanir samfélagsins brugðust þegar kom að því að sjá fyrir bankahrunið, líka fjölmiðlarnir. Það er sú blinda sem ætti að vera helsta rannsóknarefni okkar núna því ef við leitumst ekki við að skilja hana erum við vanbúin til þess að takast á við verkefni framtíðarinnar.

### Hugmyndafræðileg blinda

Við mat á orsökum kreppunnar má ekki líta fram hjá tveimur þáttum. Í fyrsta lagi að hún er alþjóðlegt fyrirbæri en í öðru lagi að afleiðingar hennar hafa orðið verri á Íslandi en víða annars staðar. Undanfarna áratugi hefur ríkt alræði auðhyggjunnar í vestrænum samfélögum. Gefnar voru út digurbarkalegar yfirlýsingar um endalok sögunnar og að nú væri einungis einn valkostur í boði – óheftur kapítalismi. Þessi hugmyndafræðilega einstefna breytti eðli stjórnmálanna víða um heim þar sem stjórnmálamenn kepptu nú ekki lengur um hylli almennings á grundvelli hugmynda. Þvert á móti hafa kosningar í flestum vestrænum samfélögum verið samkeppni þar sem valdaklíkur takast á um metorð en ekki málefni. Þar sem einstefnan hefur gengið lengst hefur regluverkið orðið æ veikara og auðmenn haft stjórnmálamenn í hendi sér. Þess vegna hafa stjórnmálamenn á Vesturlöndum ekki haft kjark til að takast á við markaðsöflin heldur hafa lýðræðislegar stofnanir vaxið saman við auðvaldið.

Á Íslandi var frekar auðvelt að greina þessa þróun þar sem stjórnmálamenn einkavæddu fjármálastofnanir og færðu þeim jafnframt mikil völd. Á ótrúlega skömmum tíma urðu ráðherrar og þingmenn að eins konar kynningarfulltrúum bankanna sem létu flytja sig á milli landa til „að kynna hinar réttu forsendur á bak við útrásina“, eða öllu heldur þann sannleika sem greiningardeildir bankanna vildu að væri boðaður. Fjölmiðlarnir fluttu boðskap greiningardeildanna gagnrýnislaust eins og þar væru óháð vísindi á ferð en ekki kynningarstarf fyrirtækja á markaði.

### Getulaus ríkisstjórn

Þegar ríkisstjórn Íslands stóð frammi fyrir hruni íslenska bankakerfisins og afleiðingum af eigin blindu kaus hún auðveldu leiðina til að takast á við afleiðingarnar – að taka lán. Ólíkt flestum erlendum lánum er þetta lán hins vegar ekki ætlað almenningi til hagsbóta. Það á ekki að nota til að efla innlent atvinnulíf, rannsóknir eða háskólastarf. Tilgangurinn með því er einvörðungu að halda andliti ríkisstjórnarinnar gagnvart alþjóðlegu auðvaldi með því að gangast í ábyrgð fyrir skuldir bankanna erlendis. Hér erum við að tala um skuldir einkafyrirtækja sem enginn hafði svo mikið sem rætt um að gætu fallið á íslenskan almenning. Líka um ábyrgðina sem á að hafa myndast með EES-samningnum sem að sögn íslenskra ráðamanna fól ekki í sér neinar alvarlegar skuldbindingar fyrir þjóðina.

Afleiðingin er sú að ríkisstjórnin hefur fórnað öllum úrræðum til að takast á við kreppuna. Á meðan ríkisstjórnir um allan heim eru að lækka vexti þannig að þeir eru nú í sögulegu lágmarki þá hækkar ríkisstjórn Íslands vexti að boði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Annars staðar reyna ríkisstjórnir að efla opinberar framkvæmdir til að hægja á samdrættinum; á Íslandi eru allar slíkar framkvæmdir stöðvaðar. Annars staðar er veðjað á framtíðina með því að efla háskóla og rannsóknir; á Íslandi er fjármagn til háskóla skorið niður umfram aðra hluti.

Það er vinsæl en jafnframt innihaldslaus klisja að þeir sem gagnrýna ríkjandi stjórn bjóði ekki upp á neinar lausnir. Núna sitjum við hins vegar uppi með ríkisstjórn sem er búin að afsala sér öllum lausnum; fyrst til íslenskra banka en nú til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þessi ríkisstjórn á sér ekki viðreisnar von; hún verður að víkja – og það sem allra fyrst.

# Fjármálaeftirlitið og Fiskistofa

**UMRÆÐAN**

Þórður Ásgeirsson skrifar um skrítinn samanburð



**ÞÓRÐUR ÁSGEIRSSON**

Tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins og einn ráðherra hafa nýlega, í blaðagrein og blaðaviðtali, borið saman starfsmannafjölda Fjármálaeftirlitsins og Fiskistofu. Það er mér hulið hvað þessi samanburður á að þýða, ég kem ekki auga á hvað geti verið sambærilegt í starfsemi þessara stofnana. Þjónar það einhverjum tilgangi að bera saman starfsmannafjölda í Fjármálaeftirlitinu og fjölda veiðieftirlitsmanna Fiskistofu til sjós og lands? Ég get ekki séð það, en get upplýst að eftirlitsmenn Fiskistofu, í almennu eftirliti, á aðalskrifstofunni, á 6 starfsstöðvum úti á landi og í fullvinnsluskipum, eru samtals 42.

Er þá e.t.v. raunhæft að bera saman starfsmannafjölda í Fjármálaeftirlitinu og fjölda þeirra starfsmanna Fiskistofu sem vinna við útgáfu og flutning veiðiheimilda, upplýsingasöfnun, úrvinnslu og veitingu upplýsinga úr sjávarútvegi, m.a. til alþingismanna, tölvuþjónustu fyrir Hafrannsóknastofnun o.s.frv.? Er ekki álíka gáfulegt að bera starfsmannafjölda Fjármálaeftirlitsins saman við fjölda starfsmanna Landhelgisgæslunnar, Lögreglunnar, Samkeppniseftirlitsins eða fjölda meindýraeyða?

Ég verð að viðurkenna að ég botna bara ekkert í því hvert Illugi Gunnarsson og Bjarni Benediktsson eru að fara þegar þeir segja í annars ágætri grein í Fréttablaðinu, 13. des., að Fjármálaeftirlitið sé aðeins með 60% af þeim mannafla sem Fiskistofa hefur.

Og að lokum skulu alþingismenn, og aðrir sem haldið hafa því fram að starfsmenn Fiskistofu séu 200 talsins, upplýstir um að heildarfjöldi starfsmanna Fiskistofu er 82, auk tveggja eftirlitsmanna í hlutastarfi í Hull og Grimsby. Fyrir 5 árum voru starfsmenn Fiskistofu 96 talsins. Síðan þá hafa 5 ný störf orðið til hjá Fiskistofu. Á móti hafa 12 störf verið flutt frá Fiskistofu til Matvælastofnunar. Starfsmönnum Fiskistofu hefur því í raun fækkað um 7 á síðastliðnum 5 árum.

Fækkun starfsmanna Fiskistofu kemur ekki til af því að verkefnin hafi skroppið saman heldur hefur hún náðst fram með hagræðingu, betra skipulagi og aukinni rafrænni stjórnsýslu. Þessu má einnig þakka þá staðreynd að Fiskistofa hefur aldrei, í þau 16 ár sem stofnunin hefur starfað, farið fram úr fjárheimildum sínum.

*Höfundur er fiskistofustjóri.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**TÓNLEIKAR** með Garðari Cortes og píanóleikaranum Robert Sund verða haldnir á Kjarvalsstöðum í hádeginu í dag. Yfirskrift tónleikanna er Hvít jól og hefjast þeir klukkan 12.15 og standa yfir í um 40 mínútur. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.






Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447




Guðjón Bergmann ásamt syni sínum, Daníel Loga Bergmann, 6 ára, sem er að sögn föðurins mikið jólabarn. Þess skal getið að Guðjón gaf út sína tíundu bók í nóvember, Dropann, sem er jafnframt hans fyrsta barnabók en hún snýst um hringrás vatnsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Jólagjafir á afmælinu

**Afmæli Guðjóns Bergmann ber upp á einum hátíðlegasta degi ársins, eða sjálfan aðfangadag. Hann á sér ýmsar skemmtilegar minningar frá afmælisdeginum, meðal annars um kökuát langt fram eftir nóttu.**

Aðfangadagur hefur alveg sérstaka þýðingu fyrir Guðjón Bergmann, jógakennara, rithöfund og fyrirlesara með meiru, þar sem afmæli hans ber einmitt upp á þeim degi.

„Þetta er náttúrlega spes dagur. Líka fyrir þá sem ekki eiga afmæli þar sem flestir telja niður að honum," segir Guðjón hlæjandi og þvertekur fyrir að tímasetningin skemmi fyrir. „Alls ekki. Jólin verða bara sérstakari fyrir vikið. Margir eiga afmæli á þriðjudegi án þess að nokkur muni eftir því og halda svo kannski upp á það á laugardegi. Nú svo fæ ég alltaf uppáhaldsmatinn minn á afmælisdaginn, kalkún."

Guðjón minnist þess að á sínum yngri árum hafi fjölskylda hans gripið til ýmissa ráða til að fyrirbyggja að afmælið færi fyrir ofan garð og neðan. „Þegar ég var lítill var yfirleitt haldið upp á afmælið mitt einhvern sunnudaginn í aðventu, oftast um miðjan mánuðinn. Svo var ég líka vakinn upp á sjálfan afmælisdaginn með afmælisköku og fyrri parturinn var helgaður afmælinu. Síðan skellti maður sér bara í sparifötin seinnipartinn og þá voru komin jól."

Guðjón er fæddur klukkan 1.15 aðfaranótt aðfangadags og fjölskyldan tók því upp á því að halda upp á afmælið á þeim tíma þegar hann varð unglingur. „Þá voru súkkulaðikaka og aðrar kræsingar teknar fram sem við gæddum okkur á."

Hann viðurkennir þó að hafa stundum saknað þess að geta ekki boðið í afmælið á sínum yngri árum. Það hafi hins vegar breyst eftir að hann kynntist eiginkonu sinni, Jóhönnu Bóel. „Við Jóhanna bjuggum til þann sið að bjóða alltaf í kaffi milli klukkan 12 og 16 á aðfangadag. Þá geta þeir kíkt í kaffi sem hafa tíma og tækifæri til þess."

Guðjón, sem verður nú 36 ára, ætlar að halda í hefðina í ár og hafa opið hús milli klukkan 12 og 16. „Svo geri ég eitthvað sniðugt á fertugsafmælinu. Er það annars ekki þannig að flestir halda upp á afmælið sitt með afgerandi hætti á fimm ára fresti eftir 35 ára afmælið?" *roald@frettabladid.is*


Púl er kúl
kúlu fyrir kúlu verður byrjandinn að meistara



Hágæða 6 vasa púlborð á einstöku verði
www.billiard.is
Suðurlandsbraut 10 Reykjavík
Sími 568 3920 & 897 1715




ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI
Að samræma hollt mataræði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri



System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 29.900.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Íslenskt barnaefni á DVD
Fæst í öllum betri verslunum




Íslenskar þjóðsögur og ævintýri
Loksins eru þjóðargersemar okkar Íslendinga komnar út á DVD mynddiski. Hér er að finna fjöldann allan af þjóðsögum og ævintýrum, þar á meðal Bakkabræður, Gilitrutt og 18 barna faðir í Álfheimum.
Einvala lið leikara er að finna á disknum og má þar nefna Örn Árnason, Árna Tryggvason, Ragnheiði Steindórsdóttur, Sigurð Sigurjónsson og Þröst Leó Gunnarsson svo einhverjir séu nefndir.
Móðurfélagið ehf.
Hægt er að panta á modurfelagid@simnet.is eða í síma 891-6075.

VERÐHRUN
Patti húsgögn
landsins mesta úrval af sófasettum
verð nú kr. 239.900.-



Sófasett 3+1+1
verð áður 359.900
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

DESEMBER
Kafbátur mánaðarins
TÚNFISKBÁTUR
Gleðilega hátíð
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur
329 kr.
Gildir í desember 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli
SUBWAY



**BÓKIN Á NÁTTBORÐINU** segir alltaf svolítið um þann sem það á. Þetta á líka við þó að bókin sé engin eða þegar margar bækur um hin ýmsu efni eru í stórum stafla á borðinu.



# Vildi skrifa alvörubók

**Eyrún Ýr Tryggvadóttir Húsvíkingur er glænýr rithöfundur á glæpasenu íslenskra bókmennta. Hún sendi nýverið frá sér krimmann Hvar er systir mín?, en bókaútgáfan Salka gefur bókina út.**



Eyrún Ýr Tryggvadóttir rithöfundur sendi frá sér bókina Hvar er systir mín? nú fyrir jólin. Bókin segir frá Andreu sem fær neyðarkall frá tvíburasystur sinni og flækist inn í undarlega atburðarás þar sem morð og fjölskylduleyndarmál fléttast saman. MYND/BRYNJA DRÖFN TRYGGVADÓTTIR

„Þetta er glæpasaga með örlitlu rómantísku ívafi,“ segir Eyrún Ýr Tryggvadóttir rithöfundur um nýútkomna bók sína, Hvar er systir mín? „Einhver kallaði þetta fjölskyldudrama en sagan fjallar um morð og gömul fjölskylduleyndarmál.“

Spurð hvort sagan eigi sér einhverja stoð í raunveruleikanum neitar hún því hlæjandi. „Þetta er allt algerlega upplogið.“

Eyrún er ættuð frá Húsavík og býr þar með fjölskyldu sinni. Hún er forstöðukona bókasafnsins og segist mikill bókaormur, finna megi ameríska og norræna krimma á náttborðinu. En hvað kom til að hún ákvað sjálf að skrifa bók?

„Ég hef alltaf verið að skrifa eitthvað smávegis gegnum tíðina, ljóð og smásögur, bara fyrir sjálfa mig. Ég skrifaði stutta bók fyrir nokkrum árum sem var gefin út í um þrjátíu eintökum. Svo varð ekkert meira úr því en mig langaði alltaf að vita hvort ég gæti gert alvöru bók.“

Bókina Hvar er systir mín? skrifaði Eyrún meðfram vinnu sinni á bókasafninu og hóf skrifin árið 2005. Spurð hvort hún eigi sér fyrirmyndir úr röðum glæpasagnarithöfunda segist hún ekki eiga sér neina sérstaka.

„Þarna er enginn þunglyndur miðaldra karlmaður nema svona rétt til málamynda,“ segir hún hlæjandi. „Ég á auðvelt með að skrifa þegar ég hef frið til þess og er aðeins byrjuð á næstu bók sem er líka glæpasaga. Þar koma persónur úr Hvar er systir mín? við sögu svo þetta mun tengjast.“

*heida@frettabladid.is*




























**JÓLASTELLIÐ** er ekki seinna vænna að fara að draga fram. Það er erfitt að komast hjá jólaskapinu þegar borðað er af jólalegum diskum og drukkið úr bollum í stíl.



# JÓLIN KOMA



Siðurinn að setja skó út í glugga á rætur að rekja til helgisagna um erkibiskupinn Nikulás sem greina frá því hvernig gjafir hans bjarga lífi ungmenna. NORDICPHOTOS/GETTY

## Skórinn út í glugga

**Hugmyndin á bak við það að setja skóinn út í glugga á jólunum tengist sögunni af heilögum Nikulási.**

Sá siður að setja skóinn út í glugga á sér ekki langa sögu á Íslandi, heldur má rekja hann aftur til 3. áratugs 19. aldar. Hann á upptök sín í pápísku og tengist erkibiskupnum Nikulási, sem var uppi á 3. og 4. öld og var tekinn í dýrlingatölu eftir dauða sinn vegna kraftaverka sem honum voru eignuð.

Vegna helgisagna, sem greina frá því hvernig gjafir Nikulásar björguðu lífi ungmenna, breiddist sá siður út hjá kaþólskum að gefa börnum gjafir á messudegi hans, 6. desember. Seinna fóru börnin sjálf að hengja upp sokka við dyr, glugga eða arininn til að fá gjafir. Sokkurinn vék svo fyrir skó eða körfu sem notuð var í sama tilgangi.

Nikulás varð síðar fyrirmyndin að hinum alþjóðlega jólasveini. Sögur af honum bárust til Ameríku á 17. öld með hollenskum innflytjendum sem kölluðu hann Sinter Klaas, sem var seinna snúið yfir í Santa Claus. Jólakort sem sýndu Nikulás íklæddan purpuralitri kápu nutu mikilla vinsælda. Seinna var fatnaði hans breytt í rauða og hvítbryddaða búninginn fyrir tilstuðlan auglýsinga Coca Cola. Sjá www.visindavefur.is. *- re*



## Þjóðlegt á græna grein

**Litfagur þjóðfáninn og stoltir víkingar minna á norræn jól og íslenskar hefðir.**



Þetta þjóðlega og undurfagra jólaskart er sérhannað og -saumað fyrir Litlu jólabúðina á Laugavegi. Það er einkar vandað í allri gerð, úr dúnmjúku sléttflaueli, með snúningssnúrum og stirnandi glitefni og hefur fallið vel að smekk landsmanna, sem nú þjappa sér saman sem aldrei fyrr, sem og erlendum ferðamönnum sem vilja eignast eitthvað virkilega íslenskt og virðulegt á jólatréð. *- þlg*





Gjafakort
Gjöf konunnar
MISTY
Laugavegi 178
Sími 551 3366
www.misty.is

Magnaða moppuskaftið
Dagar skúringafötunnar eru taldir
Alltaf tilbúið til notkunar
Gólfin þorna á augabragði
Fljótlegt og þægilegt



Sölustaðir: Húsasmiðjan - Pottar og prik Akureyri - Fjarðarkaup - Byko - Áfangar Keflavík - Eyjatölvur - Miðstöðin Vestmannaeyjum - Litabúðin Ólafsvík - Skipavík Stykkishólmi - SR byggingavörur Siglufirði - Rafsjá Sauðárkróki - Nesbakki Neskaupsstað - Núpur Ísafirði - Vélaleiga Húsavíkur - Servida - Verkfæralagerinn - Óskaþrif Hólmavík -
Ræstivörur ehf Stangarhyl 4 Reykjavík sími 567 4142



# jólagjöfin hennar

ÞRIÐJUDAGUR 16. DESEMBER 2008




NORDICPHOTOS/GETTY




# Ævintýri í Ölpunum

„Ég væri alveg til í að fá skíði og í raun líka skíðaskó og stafi, bara allan pakkann," segir Sólveig Guðmundsdóttir leikkona spurð hvaða jólagjöf hana langi mest í núna í ár.

Sólveig segist hafa verið mikil skíðamanneskja á árum áður, en svo hafi dregið úr því með tímanum. „Kannski af því að ég á ekki skíði. Fengi ég þau í jólagjöf hefði ég enga afsökun til að fara ekki," segir hún hlæjandi og rifjar upp skemmtilega skíðaferð sem hún fór í eftir útskrift úr menntaskóla.

Öflug 900w 4,3l hrærivél með 4,3l skál úr ryðfríu stáli, breytilegum hraðastilli, blandara, safapressu, sítruspressu, hakkavél, þeytara, hnoðara og hrærara. CD diskur með 90 uppskriftum fylgir.
TILBOÐ 49.995 FULLT VERÐ 59.995
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
Heimilistæki
ht.is
EYRARVEGI 21 SELFOSSI SÍMI 480 3700
GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK SÍMI 464 1600
GLERÁRGÖTU 36 AKUREYRI SÍMI 460 3380
SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK SÍMI 569 1500

# Gefins þrotabú

**UMRÆÐAN**

Margrét Sverrisdóttir skrifar um samfélagsástandið



MARGRÉT SVERRISDÓTTIR

Nú berast almenningi fréttir af því að „nýju" bankarnir hafi verið að endurselja aðilum sem farnir eru í þrot, gömlu fyrirtækin þeirra á bakvið luktar dyr. Ekkert auglýst! Ekkert uppi á borðum! Í Kastljósi 10. desember síðastliðinn var fjallað um að Apple-verslanirnar, hérlendis og á Norðurlöndunum, hefðu ekki verið auglýstar til sölu, heldur hefði verið samið við fyrrum eigendur um kaup á þrotabúinu. Að sögn skiptastjóra lá svo mikið á af því verslanirnar máttu ekki loka svo verðmæti færu ekki forgörðum. Þá má spyrja: Gat bankinn ekki rekið verslanirnar í nokkrar vikur á meðan reynt var að fá gott verð fyrir þær, hvort sem væri hér innanlands eða erlendis? Eiga þeir aðilar sem fóru með félag í þrot allt í einu nóga peninga til að kaupa þrotabúið?

Svipað var upp á teningnum nokkrum dögum fyrr, þegar fyrirtækið BT var selt. Þá keyptu Baugsmenn fyrirtækið á bakvið luktar dyr. Annað tilboð barst reyndar í verslanirnar frá fyrrum starfsmönnum sem vildu reyna að tryggja sem flestum áframhaldandi vinnu og rekstur verslananna. Sagan segir að tilboði starfsmannanna hafi verið tekið af miklu tómlæti og fyrirtækið verið sett undir Haga sem hafa nú lokað öllum verslunum BT nema tveimur (einni í Reykjavík og annarri á Akureyri) og hafa ekki tekið ákvörðun um hvort verslanirnar verði reknar áfram. Ætli þeir hafi kannski hugsað sér að selja núverandi lager um jólin, loka síðan og græða á öllu saman?

### Ekki boðleg vinnubrögð

Við sjáum öll að svona vinnubrögð ganga ekki. Það verður að tryggja að allt sé uppi á borðum og að almenningur geti fylgst með því hvernig mál eru afgreidd. Þessi og önnur viðskipti sem eru væntanlega í farvatninu, þarf að rannsaka strax, því við þurfum að tryggja að spillingunni linni. En raunveruleikinn er víst annar. Það á aðeins að rannsaka aðdraganda og orsök bankahrunsins „svo draga megi lærdóm af því sem gerðist". Núna á að koma út þeim fyrirtækjum sem bankarnir hafa eignast og eins og Lúðvík Bergvinsson talaði um í Kastljósi 9. desember síðastliðinn þá liggur mikið á og það verða örugglega gerð fjölmörg mistök í ferlinu. Við erum nú heldur betur farin að fá nasasjón af því. Lúðvík mælti jafnframt með að farin yrði „Sænska leiðin" sem að hans sögn var þannig að þegar bankakreppa reið yfir Svíþjóð og fyrirtæki voru komin í þrot, þá var samið við viðkomandi aðila um áframhaldandi rekstur. Ætti þá ekki að fá sænska sérfræðinga með reynslu til að stýra aðgerðum? Ónei, okkur verður eflaust boðið upp á heimatilbúið „íslenskt" afbrigði af „sænsku" aðferðinni.

### Óviðunandi hagsmunatengsl

Ekki fer þetta vel af stað og alla ábyrgð ber auðvitað viðskiptaráðherra sem ætti að taka af miklu meiri hörku á vinnubrögðum bankanna og skipta út lykilfólki sem var í nánum samskiptum við fyrirtæki og stærri viðskiptavini gömlu bankanna. Jafnframt þarf að rannsaka tengsl starfsmanna bankanna við þessa aðila. Hverjir hafa t.d. þegið utanlandsferðir, laxveiðiferðir eða snekkjusiglingar á kostnað þeirra fyrirtækja sem nú þurfa að ná samningum við nýju bankana? Það sama á við um þá útrásarvíkinga sem hafa skuldsett þjóðina til margra áratuga. Þeir eiga ekki að fá að kaupa neitt fyrr en mál þeirra hafa verið rannsökuð. Hverjum steini þarf að velta við og allt á að vera uppi á borðum. Það er óþolandi að hlusta á viðskiptaráðherra og aðra ráðherra nota sömu gömlu innihaldslausu frasana um að þetta hafi verið ákveðið „á viðskiptalegum forsendum" sem á að hljóma mjög gáfulega, en hljómar miklu frekar eins og viðkomandi ráðherra viti ekkert um málið.

### Stöðvum innherjasukkið strax

Að lokum langar mig að rifja upp skrif Jóns Steinssonar lektors í hagfræði við Columbia háskólann í New York í Fréttablaðinu 3. desember síðastliðinn. Þar segir hann: „... að stjórnvöld þurfi að taka alvarlega hættuna á að innherjar rýri verðmæti þeirra fyrirtækja sem ríkisbankarnir eru lánadrottnar í með óeðlilegum viðskiptaháttum". Jafnframt segir hann: „... að stjórnvöld verði að tryggja að þeir sem taka ákvarðanir um skuldaniðurfærslur láti ekki undan þrýstingi innherjanna og færi skuldirnar of langt niður". Ég dreg ekki í efa að þessar ráðleggingar byggi Jón á rannsóknum sem gerðar hafa verið á hvað hefur gerst í öðrum löndum þegar svipaðar aðstæður hafa komið upp og til þess eru vítin að varast þau.

*Höfundur er varaformaður Íslandshreyfingarinnar.*




# Við þurfum samvinnu

**UMRÆÐAN**

Eygló Harðardóttir skrifar um samvinnustefnuna



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Á götum úti heyrist kallað eftir nýrri hugsun og nýjum hugmyndum fyrir nýtt Ísland.

Vinstri grænir segja að best sé að gera ekki neitt, á meðan Samfylkingin telur að Evrópusambandið leysi öll heimsins vandamál. Sjálfstæðisflokkurinn neitar að gera upp við frjálshyggjuna og skilur ekki hvað hugtakið að axla ábyrgð þýðir og Frjálslyndi flokkurinn veit ekki hvort hann er að koma eða fara. Eini flokkurinn sem virðist ætla að svara kalli almennings eftir endurnýjun og uppgjör við fortíðina er Framsóknarflokkurinn.

Ný forysta verður valin í janúar og sú forysta verður að endurspegla gildi samvinnustefnunnar um sjálfshjálp, sjálfsábyrgð, lýðræði, jafnrétti, sanngirni og samstöðu. Móta þarf stefnu flokksins upp á nýtt og byggja hana á áherslum um sjálfsábyrgð hvers og eins, lýðræðislegum vinnubrögðum og jafnrétti þar sem allir hafa málfrelsi og jafnan atkvæðisrétt, sjálfstæði einstaklinganna, mikilvægi menntunar og fræðslu, samvinnu og umhyggju fyrir samfélaginu. En hvernig útfærir maður falleg orð yfir í stjórnmálastefnu?

Samvinnustefnan leggur mikla áherslu á ábyrgð einstaklinganna á sjálfum sér og sínu lífi. Er það meitlað í stein að skólar eða heilsugæsla eigi að vera rekin af hinu opinbera, þótt þeir séu fjármagnaðir með skattfé? Foreldrar og kennarar sem hafa áhuga á mótun skólastarfs í sínu samfélagi eiga að geta stofnað skóla. Þetta hefur verið gert í nágrannalöndum okkar, þar á meðal Bretlandi og Svíþjóð. Þar hafa verið stofnuð samvinnufélög um skólana þar sem meðlimir velja fulltrúa í stjórn og nemendur, kennarar og foreldrar taka þannig virkan þátt í stjórnun þeirra. Námið er svo skipulagt í samræmi við þarfir viðkomandi samfélags á grunni hugsjóna um sjálfshjálp, samfélagslega vitund og sanngirni.

Ýmsir möguleikar eru varðandi þróun heilbrigðisþjónustu þar sem hægt er að byggja á samvinnu og samfélagslegri vitund. Þannig er hægt að hætta að einblína á „hagræðingu" og „styttingu biðtíma" og fara í staðinn að hugsa um val sjúklinga og möguleika þeirra til að hafa áhrif á þá þjónustu sem þeir fá. Heilbrigðisstarfsmenn og almenningur gætu þannig tekið sig saman og stofnað t.d. heilsugæslu, fæðingarheimili, mæðravernd eða endurhæfingarstöðvar. Sjúkratryggingar Íslands settu svo kröfur fyrir greiðslu, sem gætu m.a. verið að eigendur yrðu meðlimir í samvinnufélagi, en ekki hluthafar, lýðræði ríkti meðal meðlima og þeir tækju virkan þátt í rekstrinum miðað við framlag þeirra. Tilgangur samvinnufélagsins væri þannig að hámarka þjónustu, en ekki bara hagnað.

Jafnrétti og jafnræði hefur alltaf verið ofarlega í huga samvinnumanna og hefur sú stefna endurspeglast mjög skýrt í stefnu Framsóknarflokksins. Eitt stærsta skrefið í átt að jafnrétti á vinnumarkaði var tekið með lögum um Fæðingarorlofssjóð auk þess sem mikil áhersla er lögð á jafnrétti í öllu flokksstarfi, sem hefur m.a. leitt til þess að nú eru konur í meirihluta í þingflokki Framsóknarflokksins. En betur má ef duga skal. Útrýma þarf kynbundnum launamun, jafna hlut karla og kvenna á vinnumarkaði og auka fræðslu um jafnréttismál. Samvinnuhugsjónin er öflugt tæki til þess.

Til að ná árangri þurfum við að gera samvinnu og samstöðu að lykilhugtökum í íslensku samfélagi.

*Höfundur er þingmaður Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi.*

# Hrímaðar kveðjur

**UMRÆÐAN**

Björg Magnúsdóttir skrifar um LÍN



BJÖRG MAGNÚSDÓTTIR

Á gráum og votum haustdögum tóku stúdenta- og námsmannahreyfingar landsins höndum saman og sameinuðust um óskir til ríkisstjórnar. Helsta beiðnin var sú að fjármagn til LÍN yrði ekki skert enda vissum við öll af hættunni: að sneiðar Lánasjóðsins og háskólanna frá ríkinu yrðu minni en vonir stæðu til. Fáir gerðu ráð fyrir þeim óðaniðurskurði tveggja fyrrnefndra eininga sem nýjustu fjárlög gera ráð fyrir. Ríkisstjórn mælir fyrir 1.360 milljóna niðurskurði hjá LÍN nú þegar hlutverk sjóðsins er margfalt brýnna en í góðæri. Hvernig sú ákvörðun ætlar að mæta þeirri fjölgun stúdenta sem neyðast til að taka námslán á komandi misserum er óskiljanlegt. Nú þegar hefur óðaverðbólga étið upp hækkun námslána síðan í vor og útlit fyrir góða Lánasjóðssamninga næsta vor er sótsvart.

Það er enginn að segja að stúdentar eigi að vera súkkulaðikleinur í allsherjarniðurskurði þjóðarkökunnar, enda skella á námsmönnum hærri skattar, gjöld og skuldbindingar eins og öðrum þjóðfélagsþegnum. Það sem við bendum á er að ríkisstjórn hyggst draga saman LÍN-seglin m.a. með því að reikna með 5% aukningu þeirra sem sækja um námslán þegar fyrirliggjandi gögn reikna með 20-30% aukningu. Þegar öllu er á botninn hvolft eru þetta lán sem námsfólk greiðir ríkinu til baka, annað en til dæmis atvinnuleysisbætur.

Stúdentaráð gerir einnig athugasemd við 951 milljónar niðurskurð á starfsemi Háskóla Íslands sem kemur til með að bitna allverulega á rannsóknarsamningi sem HÍ gerði við menntamálaráðherra við hátíðlega athöfn og átti að hjálpa skólanum að ná í sæti meðal topp 100 háskóla í heimi. Það er auðvelt að ímynda sér hvernig starfslið og sögulega margir stúdentar HÍ munu líða fyrir niðurskurðinn: setið verður frammi á gangi í stórum námskeiðum, námsleiðir verða lagðar niður, aðstöðu fer hrakandi og kennarar lækka í launum. Fulltrúar stúdenta hafa ítrekað bent á að varnir gegn efnahags- og atvinnuáföllum eru efling menntunarstigs þjóðar, rannsókna og nýsköpunar en á það virðist ekkert hlustað sem eru vægast sagt hrímaðar kveðjur til ríflega 20.000 námsmanna.

Fyrir hönd stúdenta á Íslandi auglýsi ég hér með eftir stefnu ríkisstjórnar og þingflokka í menntamálum íslenskra stúdenta. Fyrir kosningar lofa allir stjórnmálaflokkar að efla lánasjóðskerfið og halda hugmyndum um mennta- og nýsköpunarsamfélag á lofti en þegar í harðbakkann slær eru sárafáir tilbúnir að fylgja þeirri stefnu eftir. Hvernig hyggist þið mæta þeim gríðarlega fjölda sem sækir um námslán frá LÍN á næstu önn? Vitið þið að skráning í Háskóla Íslands í grunn- og framhaldsnám er sexföld miðað við vorönn í fyrra? Finnst ykkur allt í lagi að stúdentar neyðist til þess að fá yfirdrátt á 20% vöxtum frá ríkisbönkum fyrir eftirágreiddu láni? Og síðast en ekki síst – viljið þið að stór hópur námsmanna segi skilið við landið af því að ríkisstjórn hugsaði ekki lengra en góðærinu nam?

*Höfundur er formaður Stúdentaráðs.*

# Fyrir veiðimanninn í fjölskyldunni þinni



**Scierra fleece samfestingur.**
Hlýr og góður samfestingur undir veiðigallann, skíðagallann og í alla útivist.
**Verð aðeins 12.995**



**Simms Freestone dömu vöðlupakki**
Simms Freestone öndunarvöðlur með kvensniði ásamt sterkum Simms skóm.
**Fullt verð 44.800 – Jólatilboð aðeins 34.900**



**Simms L2 Gore tex vöðlupakki**
Vandaðar Simms Gore-tex vöðlur ásamt Simms skóm.
**Fullt verð 56.800 – Jólatilboð aðeins 45.800**



**DAM öndunarvöðlur með stígvélum**
Þriggja laga öndunarvöðlur með áföstum stígvélum
**Verð aðeins 29.995**



**Ron Thompson vöðlupakki**
Vandaðar neoprenvöðlur ásamt vatnsheldum veiðijakka með útöndun.
**Fullt verð 27.990 – Jólatilboð aðeins 21.995**



**Ron Thompson vöðlutaska**
Vatnsheldur botn. Motta til að standa á. Lok með loftun
**Verð aðeins 4.995**



**Felugallar úr þrívíddarcamo**
Án efa besti felugallinn á markaðnum. Notast yfir kulda og / eða regngalla. Buxur og jakki.
**Fullt verð 18.995 – Jólatilboð aðeins 15.995**



**Rjúpnavesti**
Vinsæl og sterk vesti með mörgum vösum fyrir bráðina, skotfæri, gps tækið, samlokuna og fleira.
**Verð aðeins 12.995**



**MAD felulitavöðlur**
Neoprenvöðlur í felulitum fyrir skotveiðimanninn.
**Fullt verð 24.900 – Jólatilboð aðeins 15.995**



**DAM öndunar-vöðlupakki**
Vinsælar öndunarvöðlur ásamt vöðluskóm.
**Fullt verð 35.990 – Jólatilboð aðeins 27.995**



**Okuma SLV fluguhjól**
**Vinsælt hjól á frábæru verði**
**Verð aðeins frá 10.995**



**Simms Guide veiðivesti**
Eitt besta vestið á markaðnum.
**Verð aðeins 14.995**



**Scierra IC3 fluguhjól**
**Large arbour hjól. 3 aukaspólur og hjólataska.**
**Verð aðeins 14.995**



**Ron Thompson reykofn**
Töfraðu fram veislumáltíð á fáeinum mínútum. Þrjár stærðir. Eigum einnig reyksag.
**Verð aðeins frá 6.995**



**DAM hnífasett**
Vandaðir aðgerðarhnífar ásamt stáli og skurðarbretti. Nauðsynlegt í veiðitúrinn
**Verð aðeins 4.995**



**MAD skotveiðijakki.**
Vatnsheldur jakki með útöndun. Innri flíspeysa fylgir
**Fullt verð 35.995 – Jólatilboð aðeins 24.995**



**Mad Duffel Bag**
Stór taska í felulitum.
**Fullt verð 12.995 – Jólatilboð aðeins 9.995**



**Gerviandasett**
12 stokkendur. Blýsökkur og bönd fylgja. Góður poki undir allt settið fylgir með.
**Fullt verð 12.995 – Jólatilboð aðeins 9.995**



**Gervigæsir**
12 grágæsaskeljar í kassa. Þrjár stellingar. Festijárnin fylgja með. Nauðsynlegt í gæsaveiðina
**Fullt verð 12.995 – Jólatilboð aðeins 9.995**



**DAM sjóveiðipakki**
6 feta sterk DAM sjóstöng ásamt DAM sjóveiðihjóli með raðara og dýptarmæli
**Fullt verð 27.995 – Jólatilboð aðeins 16.995 (takmarkað magn)**



**Mad sólarhleðslutæki**
Þetta tæki gerir þér kleift að hlaða gsm símann, mp3 spilarann eða önnur smátæki með dagsbirtunni
**Verð aðeins 10.995**



**Öryggishólf**
Nettir skápar fyrir skotfæri eða verðmætin á heimilinu. Digital læsing.
**Fullt verð 12.995 – Jólatilboð aðeins 9.995**



**Beretta skotveiðibakpoki**
Vinsælir bakpokar meðal skotveiðimanna. Festing fyrir byssu. Vatnsheld veðurhlíf í felulitum fylgir pokanum.
**Verð aðeins 16.995**



**Norconia útsýnissjónauki**
Fyrir veiðimanninn, í stofugluggann eða sumarbústaðinn. 18-36 x stækkun. Þrífótur fylgir
**Fullt verð 35.880 – Jólatilboð aðeins 29.900**

## Munið vinsælu gjafabréfin okkar

Veiðimaðurinn 1940 | SPORTBÚÐIN | VEIÐIHORNIÐ

Veiðibúðin á netinu
veidimadurinn.is

Krókhálsi 5 - Sími 517 8050
sportbudin.is

Síðumúla 8 - Sími 568 8410
veidihornid.is

✝



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og kveðjur við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigursteins Heiðars Jónssonar**
Sólvangsvegi 3, Hafnarfirði.

Þökkum starfsfólki Sólvangs fyrir einstaka umhyggju og kærleiksríka umönnun. Guð blessi ykkur öll og gefi ykkur gleðileg jól.

**Ágústína Berg Þorsteinsdóttir**
**Heiðdís Sigursteinsdóttir** **Vilhjálmur Þórðarson**
**Hafdís Sigursteinsdóttir** **Jón Tryggvi Kristjánsson**
**Snorri Hallgrímsson**
**afa- og langafabörn.**

✝



*Hjartkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Svanur Geirdal**
fyrrverandi yfirlögregluþjónn á Akranesi, Fjarðargötu 19, Hafnarfirði,

lést föstudaginn 12. desember. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 19. desember kl. 14.00.

**Una Guðmundsdóttir**
**Linda Björk Svansdóttir**
**Hrafnhildur Svansdóttir** **Guðmundur Rúnar Skúlason**
**Guðmundur Rafn Svansson** **Guðrún Adolfsdóttir**
**Arnar Svansson** **Jenný Þórkatla Magnúsdóttir**
**Halla Svansdóttir** **Jóhannes Þór Harðarson**
**og barnabörn.**

**JANE AUSTEN**
**FÆDDIST ÞENNNAN DAG ÁRIÐ 1775.**



*„Þeim sem ekki kvarta er aldrei vorkennt.“*

***Jane Austen var enskur rithöfundur, þekkt fyrir sögur sínar um miðog yfirstéttarkonur. Frægasta verk hennar er Hroki og hleypidómar (Pride and Prejudice) sem kom fyrst út árið 1813.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

✝



*Ástkær móðir okkar, systir, amma og langamma,*

**Fríða Valdimarsdóttir**
Lindargötu 57, Reykjavík,

andaðist föstudaginn 12. desember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 18. desember kl. 13.00.

**Fyrir hönd annarra vandamanna,**

**Sæmundur Jóhannsson**
**Sylvía B. Ólafsdóttir**
**Jón Gestur Ólafsson**
**Sigurbjörg Sigurðardóttir**
**Ólöf Eyrún Gísladóttir**
**Páll Gíslason**
**Fríða Sædís Gísladóttir**
**og barnabarnabörn.**

✝



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásta Hansdóttir**
frá Hömrum, Reykholtsdal,

lést á nýrnadeild Landspítalans aðfaranótt laugardagsins 13. desember. Útför hennar fer fram frá Reykholtskirkju laugardaginn 20. desember kl. 14.00.

**Þorsteinn Pétursson**
**Pétur Þorsteinsson**
**Ágúst Þorsteinsson** **Anna Þ. Halldórsdóttir**
**Kári Þorsteinsson**
**Guðbjörg Þorsteinsdóttir**
**Jakob Þorsteinsson** **Íris Árnadóttir**
**Skúli Þorsteinsson** **Lilja Þrastardóttir**
**Sigrún A. Þorsteinsdóttir** **Helgi Þór Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



**VEL HEPPNUÐ AFMÆLISVEISLA** Kristín Ósk Óskarsdóttir, formaður Ægis, tók við blómum frá tómstundaráði Vestmannaeyja í nýafstaðinni afmælisveislu. Á veggnum fyrir aftan hana má sjá jólakort eftir liðsfélagana Þórhall Þórarinsson og Katrínu Helenu Magnúsdóttur. MYND/ÓSKAR

**ÆGIR:** FAGNAR 20 ÁRA AFMÆLI

## Blómstrandi starf

Íþróttafélagið Ægir, íþróttafélag fatlaðra í Vestmannaeyjum, er 20 ára en það var stofnað hinn 12. desember árið 1988 að undirlagi Rannveigar Traustadóttur sem þá starfaði sem talkennari í Barnaskóla Vestmannaeyja ásamt því að vinna á dag- og skammtímavistun fyrir fatlaða. Unnur Baldursdóttir var fyrsti formaður félagsins, Lóa Skarphéðinsdóttir fyrsti gjaldkerinn og Ólöf Aðalheiður Elíasdóttir fyrsti þjálfarinn.

Þroskaþjálfarinn Kristín Ósk Óskarsdóttir tók við formennsku í félaginu árið 2006 en hún hóf störf sem þjálfari ári áður. Frá þeim tíma hefur fjöldi þeirra sem æfa með félaginu tvöfaldast og eru liðsfélagar nú fimmtán. „Starfið hjá okkur vex og dafnar með hverjum deginum og hreinlega blómstrar,“ segir Kristín Ósk. Liðsfélagar æfa flestir boccia en sumir einnig sund. Í báðum greinum er æft í eldri og yngri flokkum. Þá er boðið upp á fótbolta, frjálsar íþróttir og golf yfir sumartímann.

„Í eldri hópnum er kjarni sem hefur æft saman um margra ára skeið og er mjög samstilltur. Við keppum bæði á einstaklings- og sveitamótum og ef allt gengur að óskum förum við með fjögur lið á næsta sveitamót í boccia sem er algert met. Í fyrra rétt náðum við að koma saman þremur liðum,“ segir Kristín sem hefur verið í góðu samstarfi við félagsþjónustuna í Vestmannaeyjum og þannig fengið fleira fólk til liðs við félagið. „Í október var farið á fyrsta einstaklingsmót í boccia í lengri tíma og stóðum við uppi með einn Íslandsmeistara og annað sæti auk þess sem einn liðsfélaga komst upp um deild,“ segir Kristín, sem er að vonum stolt af sínu fólki.

Í tilefni afmælisins var haldið veglegt sælkerakvöld í Týsheimilinu við Hástein síðastliðinn föstudag. Þangað komu vinir og velunnarar færandi hendi og styrktu félagið með margvíslegum hætti ásamt því að skemmta sér konunglega. „Það er sannarlega vert að minnast á óeigingjarnt framlag foreldra, velunnara og styrktaraðila félagsins en þeir gera starf okkar mögulegt,“ segir Kristín og minnist um leið á nýafstaðna jólakortasamkeppni á meðal félaga. „Okkar helsta fjáröflunarleið er að selja jólakort frá Íþróttasambandi fatlaðra en í tilefni afmælisins ákváðum við að gera okkar eigin.“ **vera@frettabladid.is**

✝



*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýju við fráfall og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, sonar, tengdaföður og afa,*

**Haralds Ragnarssonar**
Auðbrekku 32, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk LSH og heimahjúkrun sem sinntu honum í veikindum hans.

**Perla María Hauksdóttir**
**Harpa Lind Haraldsdóttir**
**Berglind Haraldsdóttir**
**Ragnar Haraldsson**
**Halla Ósk Haraldsdóttir** **Róbert Örn Albertsson**
**Sigrún Elín Haraldsdóttir**
**Sigrún Einarsdóttir** **Ragnar Haraldsson**
**og barnabörn.**

✝



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og afi,*

**Guðmundur Páll Þorvaldsson**
Furuvöllum 14, Hafnarfirði,

andaðist á heimili sínu þann 13. desember. Útför hans auglýst síðar.

**Helga Aðalbjörg Þórðardóttir**
**Þóra Dröfn Guðmundsdóttir**
**Þórður Rafn Guðmundsson**
**Jakob Darri**
**Markús Blær**
**og aðrir aðstandendur.**

✝



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigurbjörg Guðmundsdóttir**
frá Hurðabaki, Ártúni 17, Selfossi,

lést á heimili sínu laugardaginn 13. desember. Útförin auglýst síðar.

**Guðmundur Kristinn Þórmundsson** **Katla Kristinsdóttir**
**Þuríður Þórmundsdóttir** **Bjarnfinnur Ragnar Jónsson**
**Gunnar Þórir Þórmundsson** **Sólrún Ragnarsdóttir**
**Anna Kolbrún Þórmundsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

✝



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Helga Þorsteinssonar**
fyrrum skólastjóra og bæjarritara á Dalvík, Skálagerði 4, Akureyri.

**Þórunn Bergsdóttir og fjölskyldur.**

✝



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þuríður Jónasdóttir**
frá Flateyri, áður Ásvallagötu 49,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum 14. desember. Útförin verður auglýst síðar.

**Helgi Sv. Sigurðsson**
**María Sigurðardóttir** **Böðvar Gíslason**
**barnabörn, tengdabörn og barnabarnabörn.**

✝



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurlína Hólmfríður Sigfúsdóttir**
Villingadal, Eyjafjarðarsveit,

sem lést fimmtudaginn 4. desember, verður jarðsungin frá Hólakirkju Eyjafjarðarsveit laugardaginn 20. desember kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeir sem vilja minnast hennar láti líknarstofnanir njóta þess.

**Ingibjörg Jónsdóttir**
**Gunnar Jónsson** **Rósa Eggertsdóttir**
**Guðrún Jónsdóttir** **Árni Sigurlaugsson**
**Hjálmar Sigurjón Gunnarsson** **Ingveldur Sigurðardóttir**
**Eggert Rúnar Gunnarsson**
**Jón Þorlákur Árnason**
**Sigurður Tómas Árnason**
**Gunnar Hólm Hjálmarsson**

✝



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Garðars Rafns Ásgeirssonar**
Svarfhóli.

**Ragnhildur Einarsdóttir**
**Jósef Jóhann Rafnsson** **Líney Traustadóttir**
**Sólrún Anna Rafnsdóttir** **Jón Finnsson**
**Ásgeir Rafnsson** **Rebekka Guðnadóttir**
**Hrafnhildur Jónína Rafnsdóttir** **Nelson Patricio De Brito**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

OPIÐ
TIL 22:00
alla daga
til jóla

# Mesta úrvalið

## af snyrtivöru gjafakössum




**Burberry Brit konur**
Edp. 50 ml og body lotion




**Burberry Brit herrar**
Edp. 50 ml ilmur og sturtusápa




**Burberry London konur**
Edp. 100 ml, body lotion og sturtusápa




**Burberry The Beat**
Edp. 50ml ilmurog body lotion




**Burberry London herrar**
Edt. 50 ml og sturtusápa




**Cartier Délices**
Edt. 50ml og body lotion 100 ml






**Cartier Déclaration**
Edt. 50ml og sturtusápa




**Jean Paul Gaultier Ma Dame**
Edt. 50ml og body lotion 100 ml




**Issey Miyake L´EAU D´ISSEY**
Edt. 75ml og deo stick fyrir herra




**Givenchy Ange ou Demon**
Edp. 50ml, body lotion og sturtusápa

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



## Mjúka gjöfin fyrir börnin

Hjá Lín Design færðu mjúku íslensku sængurverin fyrir börnin.
Í barnarúmfatnaðinum sameinast íslensk hönnun, gæðalín og litríkt mynstur. Einstaklega falleg og lífleg rúmfatalína fyrir íslensk börn.

Lín DESIGN

Íslensk hönnun er jólagjöfin í ár

Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið | Sími 533 2220 | www.lindesign.is





## Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur






# Í Markaðnum á morgun

**LITLA ÍSLAND - MARKAÐURINN RÝNIR Í ÆTTARTENGSL NÝJU BANKANNA.**

**HVAÐ VERÐUR UM EIGNIR FL GROUP?**

**ER FRAMTÍÐ Í KORTUM KAUPHALLARINNAR?**

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun




NOKKUR ORÐ
**Alma Guðmundsdóttir**

# Með þrautseigjuna að vopni

Í vetur hef ég fylgst með bresku X-factor-þáttunum og um helgina lauk fimmtu seríunni. Með árunum hefur dramatíkin farið vaxandi og forsögur þátttakendanna virðast þurfa að vera þeim mun bitastæðari til að vekja samkennd áhorfenda. Þá er allt dregið fram í dagsljósið í stuttum og hnitmiðuðum viðtölum og Hoppípolla með Sigur Rós spilað undir, en svo er skipt yfir í O Fortuna úr Carmina Burana þegar viðkomandi stígur á svið og dramatíkin nær hámarki.



Í þessari þáttaröð vöktu nokkrar sögur athygli. Þar á meðal var maður að nafni Daniel Evans sem missti konu sína af barnsförum og lét draum hennar verða að veruleika ári síðar með því að taka þátt. Hin 26 ára Rachel komst einnig langt, en hún eignaðist sitt fyrsta barn af fimm aðeins þrettán ára gömul og ákvað að umturna lífi sínu eftir að hún þurfti að sitja í fangelsi eftir fíkniefnabrot og missti börnin frá sér.

Hin tvítuga Alexandra Burke hefur ekki heldur átt sjö dagana sæla. Hún er alin upp við fátækt í lítilli félagsíbúð í Norður-London þar sem hún deildi herbergi með systur sinni og þrátt fyrir gífurlega sönghæfileika virtist heppnin aldrei vera með henni. Tólf ára gömul lenti hún í öðru sæti í hæfileikakeppninni Star for a Night á eftir Joss Stone sem síðan varð heimsfræg og árið 2005 tók hún svo þátt í X-factor, en var dæmd úr leik áður en sjónvarpskeppnin hófst, öllum til mikillar undrunar. Hún lét þó ekki deigan síga og mætti aftur til leiks í ár og viti menn – hún vann! Tárin flóðu og fagnaðarlátunum ætlaði aldrei að linna þegar úrslitin voru kunngerð og Simon Cowell tilkynnti að stjarna væri fædd.

# myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

TENGIST VIÐ ALLA FLAKKARA

### WD TV MARGMIÐLUNARSPILARI

WD TV er nýr fullkominn 1080p HD margmiðlunarspilari með tengikví frá Western Digital sem gerir þér kleift að nota USB flakkarann þinn til að spila bíómyndir, tónlist og ljósmyndir

Full HD 1080P · DOLBY DIGITAL · HDMI · H.264

**BEINT Í SJÓNVARP**
Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu

**WESTERN DIGITAL**
Western Digital spilarinn er í hæsta gæðaflokki og er WD einn virtasti framleiðandinn í heiminum í dag

**SPILAR ALLA STAÐLA**
Spilar allar tegundir kvikmynda frá AVI til MKV háskerpumynda, alla tónlist og styður SRT texta.

**39.990**

### 2GB SD MINNISKORT

MicroSD með SD breytistykki fyrir myndavélar, síma o.fl

**2.490**

### MANHATTAN TASKA

Flott hörð Manhattan taska fyrir allt að 96 CD eða DVD diska

**1.490**

### MSI KORTALESARI

MSI 72 in 1 USB kortalesari fyrir bæði SIM og Smart minniskort

**3.990**

### HP 3010 SKANNI

Ljósmyndaskanni með 4800 x 9600 dpi upplausn, 48-bit, skannar filmur

**22.990**

### LEIKIR Í ÚRVALI OG Á BETRA VERÐI

PC - PS3 - PS2 - PSP - XBOX

### HP DESKJET D4360

4800x1200dpi. Prentar allt að 30 bls svörtu og 23 bls í lit á mín

**14.990**

### HP LJÓSMYNDAPAPPÍR

HP Premium Plus ljósmyndapappír 10 x 15cm, 25 stk

**1.290**

### HP PHOTOSMART C4480 FJÖLNOTATÆKI

Fjölnotatæki með kortalesara sem prentar í 4800x1200dpi upplausn, allt að 30 bls svörtu og 23 bls lit á mín. Skannar og ljósritar

**19.990**

### 25STK PHILIPS CD-R

25 stk Philips áprentanlegir CD-R í spindli, 700MB

**1.990**

### OLYMPUS FE20

8.0MP upplausn, 3x Optical Zoom, 36-108mm, hristivörn, 2.5" LCD skjár

**22.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |

*11.00 Jólasveinarnir koma við á* ***Þjóðminjasafninu við Suðurgötu****, alla daga fram að jólum. Í gær var það Þvörusleikir sem kom til byggða en í dag er röðin komin að bróður hans Pottaskefli. Aðgangur ókeypis.*

**menning**
menning@frettabladid.is

# Gefa út Stjána saxófón

Hljómsveitin Pjetur og Úlfarnir hefur gefið út plötuna Pjetur og Úlfarnir 1978-1982. Hún hefur að geyma lög af tveimur fjögurra laga plötum sem sveitin gaf út á sínum tíma. Þar á meðal er lagið Stjáni saxófónn sem naut mikilla vinsælda.

Hljómsveitin var stofnuð árið 1977 af fjórum nemendum í Menntaskólanum í Hamrahlíð, þeim Eggerti Pálssyni, Kjartani Ólafssyni, Kristjáni Sigmundarsyni og Pétri Jónassyni. Nokkru síðar bættist Haraldur Baldursson í hópinn.

„Það eru þrjátíu ár síðan fyrri platan kom út. Við vorum að velta því fyrir okkur að það væri gaman að bjarga þessu á varanlegra form,“ segir Pétur. „Hún er alveg ófáanleg sú fyrri og það er líka erfitt að vita hvar hin er niðurkomin.“

Pjetur og Úlfarnir er enn starfandi þrátt fyrir að hún hafi ekki gefið út nýtt efni í háa herrans tíð. Inni á milli æfinga spilar Eggert með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Haraldur er flugstjóri, Kjartan er tónskáld, Kristján er forstöðumaður og Pétur er klassískur gítarleikari, búsettur á Spáni. „Við erum alltaf að spila annað slagið. Ef það er farið mjög vel að okkur þá spilum við stundum og þá finnst okkur alveg rosalega gaman,“ segir Pétur. **- fb**



**PJETUR OG ÚLFARNIR** Hljómsveitin Pjetur og Úlfarnir hefur gefið út átta laga plötu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 16. desember**

### Uppákomur

12.34 **Lifandi jóladagatal í Norræna húsinu við Sturlugötu**. Í dag verður sextándi glugginn opnaður. Í gær var Ófeigur Sigurðsson ljóðskáld í glugganum. Hver skyldi vera þar í dag?



### Sýningar

**Hin árlega jólasýning** hefur verið opnuð í Þjóðarbókhlöðunni í Þjóðdeildinni. Þar er einnig sýning um Harald Níelsson guðfræðiprofessor,háskólarektor og áhugamann um sálarrannsóknir. Opið virka daga kl. 8.15-22, lau. 10-17 og sun. 11-17. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Landsbókasafn Íslands við Arngrímsgötu.

Í **Gerðarsafni** hefur verið opnuð sýning á verkum úr safneign. Meðal verka eru nýleg aðföng, vatnslitamyndir og veggmyndir úr vinnustofu **Kjarvals**. Opið alla daga kl. 11-17 nema mánudaga. Aðgangur ókeypis. Gerðarsafn, Hamraborg 4, Kópavogi.

### Markaðir

**Jólamarkaður** hefur verið opnaður í gamla Byko-húsinu við Hringbraut þar sem boðið er upp á margs konar varning frá ýmsum verslunum og einstaklingum. Markaðurinn er opinn alla daga frá kl. 12-19.

### Myndlist

**Tolli** sýnir í Reykjavík Art Gallerý á Skúlagötu 30. Opið alla daga nema mánudaga kl. 14-17.

**Karl Jóhann Jónsson** hefur opnað sýningu í sýningasalnum Hurðir, Virtus á Laugavegi 170, 3. hæð. Sýningin er opin alla daga frá 09-17.

**Guðmundur R. Lúðvíksson** hefur sett upp sýningu á teikningum sem birst hafa í Víkurfréttum ásamt áður óbirtu efni. Sýningin er opin alla daga frá kl. 13 - 17. Gallerí Kötturinn Kósý í Svarta Pakkhúsinu Keflavík.

**Freyja Dana** hefur opnað sýningu í Listhúsi Ófeigs, Skólavörðustíg 5. Opið á almennum verslunartíma í miðbænum.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**









# ÓMISSANDI GLÆSIKASSAR

Kassa- og ferilspakkagerð hefur verið í miklum blóma á Íslandi síðustu misserin, ekki síst vegna mikils metnaðar hjá útgáfufyrirtækjum. Þeir hjá Senu eru duglegir, sem er mikilvægt því fyrirtækið hefur yfir að ráða nærri öllum „bakk-katalók“ íslenskrar poppsögu. Hvert á eftir öðru fá stærstu böndin og söngvararnir viðeigandi meðferð í glæsilegum og vönduðum viðhafnarútgáfum.

### Tímabær lúxusmeðferð

Á Algjörum sjúkheitum fær Pétur Kristjánsson löngu tímabæra lúxusmeðferð. Þetta er stútfullur pakki, tveir diskar, nokkuð þykkur bæklingur, fullt af skemmtilegum rokkmyndum og góður texti eftir Steinar Berg. Ef það er eitthvað sem vantar upp á er það ef til vill meiri og dýpri texti, góð úttekt á ferli Péturs, hvað hann hlustaði á, hvaðan hann sótti áhrif og þess háttar.

Þessi aðfinnsla er þó algjört smámál því lögin 42 tala sínu máli. Frægustu lögin sem Pétur söng eru hér í bland við minna þekkt lög og heil átta sem ekki hafa heyrst opinberlega fyrr. Lögunum er raðað eftir tímabilum, þó ekki í réttri tímaröð. Frægustu og bestu lögin með P-böndunum, Pelican og Paradís, koma fyrst, en síðan fjögur lög eftir Einar Vilberg. Þau lög, sem voru það fyrsta sem Pétur söng inn á plötu, áttu upphaflega að koma út á tveimur smáskífum, en á sínum tíma (árið 1970) komu bara tvö þeirra út. Mikill fengur er að fá loksins að heyra hin tvö. Á seinni disknum má heyra safaríka blöndu laga, meðal annars lög með þungarokkssveitunum Svanfríði og Start, lög af Kim Larsen-plötunni og lög úr samstarfinu með Bjartmari. Frábær pakki!

### Umvafinn rokki

Söngvar um lífið 1966-2008 varð síðasta útgáfan sem Rúnar Júlíusson setti saman. Þetta er fjarskalega vel heppnaður ferilspakki og mjög flott heimild um Hr. Rokk. Rúnar og synir hans sáu um lagavalið og 72 lög varða leiðina. Diskarnir þrír eru í tímaröð. Fyrsti diskurinn tekur á gullöldinni, stakri snilld sem Rúnar flutti með Hljómum og Trúbrot, og alveg fram til ársins 1983. Næsti diskur byrjar 1991, þegar Bubbi hafði rifið Rúnar úr slappleika níunda áratugarins og sett á sinn réttmæta stall. Þriðji diskurinn hefst árið 2000 og býður upp á bestu lög Rúnars fram á síðustu stund.

Rúnar var afkastamikill og gerði sólóplötur árlega frá 1995 ásamt því að vinna með öðrum. Þessi pakki hefði auðveldlega getað verið fimmfaldur en feðgarnir skera lipurlega við trog svo pakkinn er mátulega sneisafullur af frábærum lögum. Þetta er tónlistin sem mun halda merki Rúnars á lofti langt inn í eilífðina.

Mjög vel er í lagt og umbúðir flottar. Jónatan Garðarsson skrifar upplýsandi ferilsskrá og sérstakur fengur er af ljósmyndum Þorfinns Sigurgeirssonar í brakandi ferskum svart-hvítum tónum. Þær eru teknar í upptökuheimili Rúnars, Geimsteini í Keflavík, og sýna manninn sem lifði og dó í eilífu rokki á heimavelli, bókstaflega umvafinn ástríðu sinni. „Það er nú ekki mikið rokk og ról í þessu,“ sagði ég við Rúnar í síðasta skipti sem ég hitti hann og benti á mynd af inniskóm Rúnars, sem prýða eina blaðsíðuna. „Jú, þetta ER rokk og ról,“ sagði hann þá og glotti. Auðvitað!

### Ómur tímans

Með blik í auga er stærsta og yfirgripsmesta safn af lögum Hauks Morthens sem út hefur komið. Þar er safnað saman á þremur diskum 66 lögum sem Haukur söng. Þarna eru vitanlega öll frægustu lögin hans og ógrynni af öðrum, sem Haukur gerir að sínum með sinni þýðu og kumpánalegu söngrödd. Það er eitthvað við þessa tónlist sem fær mann til að vera stoltur af þjóðerni sínu og nánast klökkur. Tilfinning sem ekki er annars mikið af þessa dagana. Ómur tímans, gleði og sorgir kynslóðarinnar í erfiða litla landinu, náttúran og eilífðin: allt endurspeglast þetta í þessari tónlist – eða þannig er að minnsta kosti mín upplifun af henni.

Gullaldartímabil Hauks var 6. og 7. áratugurinn og hér er langmest frá þeim tíma. Ferðin endar á nokkrum lögum sem Haukur gerði með meðlimum Mezzoforte árið 1980. Tónvinnslan er til fyrirmyndar. Stundum fundust ekki upprunalegu teipin og þá þótti rétt að finna minnst rispuðu plöturnar og taka lögin af þeim. Sum lögin eru þess vegna aðeins „rispuð“, en það er allt í lagi – eykur bara á fortíðarupplifunina.

Þótt tónlistin sé fullkomlega ómótstæðileg finnst mér að útlit pakkans hefði getað orðið enn betra. Bæklingurinn er óþarflega rýr og aðeins er boðið upp á stuttan og áður birtan texta um Hauk eftir Trausta Jónsson. Eitthvað er af ljósmyndum, en þær hefðu að ósekju mátt vera miklu fleiri og einnig hefði mátt sýna gömul plötuumslög og kynningarefni frá gullöldinni. En þetta eru líklega smáatriði í hugum annarra en poppfræðinörda, tónlistin talar og segir allt sem segja þarf.

Stundum er sagt að plötur séu „skyldueign á hverju tónlistarheimili“. Sjaldan hefur sú lýsing átt eins vel við og þegar litið er til þessara þriggja vönduðu útgáfna. Þær eru svo sannarlega skyldueign á hverju tónlistarheimili!

**Dr. Gunni**



**TÓNLIST**
**Algjör sjúkheit**
Pétur Kristjánsson
★★★★★




**Með blik í auga**
Haukur Morthens
★★★★★



**Söngvar um lífið 1966-2008**
Rúnar Júlíusson
★★★★★



# Taktu betri myndir með flassi – það fylgir með í kaupauka.





**Jólagjöfin frá Nikon!**

Kauptu Nikon D60 og þú færð aukalega flass-pakka sem inniheldur: SB-400 flassljós, linsuklút og  og hálsól að verðmæti kr. 30.000.

Verð kr.
**109.995***




*Með AF-S DX VR NIKKOR 18-15mm linsu með innbyggðri titringsjöfnun (VR).

## Vertu betri ljósmyndari - notaðu flass!

Flassljós gerir gæfumunin þegar taka á góða mynd. Flestir ljósmyndarar staðhæfa að lýsingin skipti öllu máli! – sem er til marks um hversu mikilvægt flassið er. Þú sérð hvernig skuggarnir jafnast eðlilega út, þegar þú notar ásett flassljós á borð við SB-400. Ljós sem er látið endurkastast frá lofti gefur ljósmynd, sem tekin er innanhúss, eðlilegri blæ. Einnig getur þú stjórnað lýsingunni betur við nærmyndatöku. Flassljós er, með öðrum orðum, mikilvægt fyrir þig! Kaupir þú Nikon D60 hjá viðurkenndum söluaðila Nikon á Íslandi, þá færðu ekki bara SB-400 flassljós í kaupauka heldur einnig, linsuklút og hálsól frá Nikon. Ekki missa af þessu tilboði sem gildir til 31. desember 2008.

MAX RAFTÆKI · BECO · FOTOVAL

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Heimilistæki
www.ht.is
REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK SELFOSS

*At the heart of the image* Nikon

## > ENDURKOMA EKKI LÍKLEG

Engin áform eru uppi um að upprunalegir meðlimir Guns N´Roses snúi aftur í sveitina. Orðrómur hefur verið uppi um að gítarleikarinn Slash og bassaleikarinn Duff McKagan hyggi á endurkomu en hann er ekki á rökum reistur. „Það eru engin áform uppi um endurkomu. Viðræður um slíkt hafa ekki heldur verið uppi," sagði umboðsmaður sveitarinnar. „Áður en fjölmiðlar birta fréttir af Guns N´Roses í framtíðinni er lágmark að þeir hafi staðreyndirnar á hreinu." Hann vildi heldur ekki staðfesta að Axl Rose og félagar færu í tónleikaferð á næsta ári til að fylgja plötunni Chinese Democracy eftir.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# U2-plata í febrúar

No Line on the Horizon, tólfta hljóðversplata U2, kemur í búðir 23. febrúar á næsta ári. Tónlistarverslunin HMV greindi frá þessu. Mikil eftirvænting er eftir plötunni, sem fylgir eftir How to Dismantle an Atomic Bomb sem kom út fyrir fjórum árum við miklar vinsældir.

Harry Crosbie, eigandi O2-tónleikahallarinnar í London og góðvinur U2, segir plötuna þá bestu í sögu sveitarinnar. „Ég held að þetta sé það besta sem þeir hafa gert og ég er ekki bara að segja þetta af því að þeir eru vinir mínir," sagði hann. „Þetta er virkilega skapandi gripur og mér finnst útkoman minna mig á Bítlana þegar þeir voru upp á sitt besta. Þetta er ótrúlega góð plata."

Á meðal fleiri platna sem HMV hefur tilkynnt að komi út á næsta ári eru nýjasta plata Depeche Mode sem kemur út 20. apríl og plata Courtney Love, Nobody´s Daughter, sem kemur út 9. febrúar. Einnig eru væntanlegar plötur frá Black Eyed Peas, Dr. Dre, Blur og Aerosmith.



**U2** Rokkararnir í U2 gefa út sína tólftu hljóðversplötu eftir rúma tvo mánuði.

# Bang Gang með tónleika

Hljómsveitin Bang Gang heldur sína fyrstu tónleika í Reykjavík í um tvö ár á skemmtistaðnum Nasa á fimmtudagskvöld. Bang Gang hefur spilað á yfir þrjátíu tónleikum víðs vegar um Evrópu að undanförnu til að fylgja eftir sinni nýjustu plötu, Ghosts From the Past. Meðal annars hitaði sveitin upp fyrir Air á tvennum tónleikum í París.

Miðaverð á tónleikana á Nasa er 999 krónur. Í kaupbæti fylgir annaðhvort plata Bang Gang, Something Wrong eða plata Barða, Haxan. Hljómsveitin Our Lives sér um upphitun.

# Ekki áhugi á söngleik

Leikkonan Cameron Diaz hefur ekki áhuga á að leika í söngleiknum Shrek á sviði. Diaz, sem talar fyrir prinsessuna Fionu í teiknimyndunum Shrek, er engu síður hrifinn af söngleiknum, sem var frumsýndur á Broadway fyrir skömmu.



**CAMERON DIAZ**

„Nei, alls ekki," sagði Diaz spurð hvort hún vildi leika í söngleiknum. „Það sem þeir gera þarna á sviðinu er ómögulegt fyrir mig að leika eftir. Þeir standa sig ótrúlega vel og hafa lagt virkilega hart að sér."

Fjórða Shrek-myndin er væntanleg árið 2010 þar sem Diaz, Mike Myers og Eddie Murphy verða áfram í aðalhlutverkunum.


# vera
tískuvöruverslun



-20%

OPIÐ ÞRIÐJUDAG 10 - 22
laugavegur 49 | sími 552 2020




**BLÚNDA** Svört blúnda var áberandi hjá Isabel Marant á tískuvikunni í París í haust.



**LÉTT** Létt hvít skyrta Isabel kom vel út við svart blúndupils.



**SUMARLEGT** Hvítir, léttir kjólar verða án efa vinsælir næsta vor og sumar.



**LÁTLAUST** Strákalegur jakki við víðar, uppbrettar buxur verður vinsæl samsetning á komandi mánuðum.

# Fágað og frjálslegt í sumar

**Fatnaður Isabel Marant er eflaust ofarlega á óskalista margra kvenna, ef marka má viðtökurnar sem vor- og sumarlína hennar fyrir árið 2009 hlaut í haust. Strákalegir jakkar, lausar buxur og blúndur voru áberandi í línunni, sem sameinar götutísku Parísarborgar við hátískuna.**

alma@frettabladid.is

# Á toppnum í Makedóníu

**Nýjasta lag Brynjars Más Valdimarssonar, Runaway, er það vinsælasta í Makedóníu í dag. Lagið fór beint í efsta sætið á vinsældalista útvarpsstöðvarinnar Radio 106, sína fyrstu viku á lista, sem er einstakur árangur. Sló það við lögum með stjörnum á borð við Tinu Turner, Boyzone, Duffy, Beyonce, Pink og Leona Lewis.**



**BRYNJAR MÁR VALDIMARSSON**
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**Radio 6 er vinsælasta útvarpsstöð Makedóníu og birtir í hverri viku lista yfir tuttugu vinsælustu lögin. Runaway er á svokölluðum „Power Play"-lista á stöðinni sem þýðir að það er spilað fjórtán sinnum á dag. Nýr vinsældalisti var birtur í gærkvöldi og leit allt út fyrir að Runaway héldi toppsæti sínu.**

# Höfundur Pulp í vanda

Roger Avary, sem vann Óskarsverðlaunin ásamt Quentin Tarantino fyrir handritið að Pulp Fiction, segist vera saklaus af ákærum um manndráp og að hafa ekið undir áhrifum áfengis.

Avary ók bíl sínum á símastaur í Kaliforníu í janúar síðastliðnum og lést farþeginn, Andreas Zini, sem hafði komið í heimsókn frá Ítalíu. Eiginkona Avary slasaðist einnig í árekstrinum. Verði hann fundinn sekur á hann yfir höfði sér allt að ellefu ára fangelsi. Auk Pulp Fiction hefur Acary skrifað handrit að myndunum Beowulf, Killing Zoe og Rules of Attraction.


MJÓLKA ER GÓÐ!





RÉTT EFTIR AÐALRÉTT

Njóttu alls þess besta um hátíðarnar og bjóddu upp á nýju og girnilegu **skyrterturnar frá Mjólku**.

MJÓLKA
www.mjolka.is

01 - 12251

# „Einstaklega holl og upplífgandi lesning“

JAKOBÍNA DAVÍÐSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐIÐ

1. prentun uppseld
2. PRENTUN KOMIN




„Með **bjartsýni, lífsgleði og kannski fyrst og fremst einlægni,** tekst Bryndísi að hrífa lesandann með sér og miðla til hans af þekkingu og tilfinningu ... **Einstaklega holl og upplífgandi lesning.“**

JAKOBÍNA DAVÍÐSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐIÐ

„Bryndís er **framúrskarandi sögumaður** ... hefur hins vegar með árunum þróað með sér lipran og læsilegan stíl, sem ásamt húmor, hlýju og hæfilegri visku gerir þessa bók að **margréttaðri veislu.“**

HRAFN JÖKULSSON, MORGUNBLAÐIÐ

Fjörug og leikandi frásögn sem yljar og gleður.

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI

GLEÐILEG BÓKAJÓL

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH STOOD | kl. 6D - 8D - 10:20D | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8 - 10:20 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:50 síð sýn. | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT DIGITAL | kl. 6 - 8 - 10:30 | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 6 - 8 - 10:30 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 DIGITAL | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8:30 DIGITAL | L |
| W | kl. 10:10 | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | sýnd á lau. og sun. | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 | 12 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 10:20 | 16 |
| TRAITOR | kl. 8 | 12 |
| BODY OF LIES | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CITY OF EMBER | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 8 | 12 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | |
| PASSENGERS | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DAY THE EARTH... | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8 | L |
| NICK AND NORAH'S... | kl. 10 | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE DAY THE EARTH... LÚXUS D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.45 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SAW 5 | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 -10.30 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 8 - 10 | 7 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SAW 5 | kl. 8 og 10 | 16 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6, 8 og 10 | 7 |
| MADAGASCAR 2 | kl. 6 | L |
| ZACH AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 6 og 8 | 16 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 10 | 16 |

AUKAKRÓNUR

# Sagan endalausa



Aldrei bjóst ég við því að hin upprunalega Saw myndi geta af sér fjórar framhaldsmyndir, og hvað þá að þær kæmust allar með tölu í kvikmyndahús. Saw þótti mér góð skemmtun og í raun tók hún mann smá í bakaríið með góðum endaspretti. Í þessum fjórum framhaldsmyndum hefur áherslan verið á að ganga fram af áhorfendum og reyna að rugla þá sem mest í ríminu.

Þrátt fyrir að vera stein-steindauður skildi þrautakóngurinn Jigsaw eftir sig slóð þrauta og nýjan lærling. Rannsóknarlögreglan Strahm reynir að fletta ofan af lærlingi hans og er ekki lengi að átta sig á því að Jigsaw hefur ekki sagt sitt síðasta (m)orð.

Þeir áhorfendur sem höfðu gaman af fyrri framhaldsmyndunum af þessari blóðmjólkuðu kvikmyndaseríu geta gengið að því vísu að þeir fá meira af því sama og áður; pyntingar, lélegan leik og endi sem ekkert er hægt að botna í.

Nokkru eftir áhorf er ég enn þá að reyna að átta mig á endinum, enda þvílík steypa og vitleysa að það tæki mig fleiri tíma að reyna að setja saman hvað gerðist í raun og veru í myndinni. Saw-seríunni og þessari endalausri vitleysu virðist aldrei ætla að linna.

**Vignir Jón Vignisson - Topp5.is**

**KVIKMYNDIR**

**Saw V**

Leikstjóri: David Hackl.

★

Meira af sama ruglinu.

# The Godfather númer eitt

**Kvikmyndastofnun Bandaríkjanna hefur sett saman lista yfir bestu myndir allra tíma í landinu í tíu flokkum. Ekki kemur á óvart að mafíumyndin The Godfather náði einu af toppsætunum.**



**THE GODFATHER** Hin sígilda mafíumynd The Godfather er í efsta sæti á lista Kvikmyndastofnunar Bandaríkjanna yfir bestu glæpamyndirnar.

Tíu myndir voru valdar í hvern þeirra tíu flokka sem voru í boði. Auk The Godfather komust á toppinn stórvirki á borð við The Wizard of Oz, 2001: A Space Oddissey, Vertigo og Lawrence of the Arabia.

Athygli vekur að meistari spennumyndanna, Alfred Hitchcock, á fjórar myndir í Ráðgátu-flokknum og að City Lights eftir Charles Chaplin var valin besta rómantíska gamanmyndin. Bar hún þar sigurorð af vinsælum myndum á borð við Annie Hall, When Harry Met Sally og Sleepless in Seattle. Einu myndirnar frá þessum áratug sem komst á listann voru The Lord of the Rings: The Fellowship of the Ring, Shrek og Finding Nemo.

„Það er út af þessu sem listar sem þessir eru svona mikilvægir. Þeir halda þessum myndum inni í menningarlegri umræðu," sagði Bob Gazzale, forseti stofnunarinnar. „Þegar City Lights er heiðruð sem besta rómantíska gamanmyndin munu milljónir manna gefa henni gaum og horfa á hana."

Leikarar, kvikmyndagerðarmenn, gagnrýnendur og aðrir í Hollywood tóku þátt í að velja myndirnar. Kvikmyndastofnunin hefur einnig valið tíu bestu bandarísku myndir þessa árs. Þær eru: Wall-E, Milk, The Dark Knight, Frost/Nixon, The Wrestler, Gran Torino, Iron Man, The Curious Case of Benjamin Button, Frozen River og Wendy and Lucy.

## BESTU MYNDIRNAR

**TEIKNIMYNDIR**

1. Snow White and the Seven Dwarfs (1937)
2. Pinocchio (1940)
3. Bambi (1942)
4. The Lion King (1994)
5. Fantasia (1940)

**FANTASÍUR**

1. The Wizard of Oz (1939)
2. The Lord of the Rings: The Fellowship of the Ring (2001)
3. It's a Wonderful Life (1946)
4. King Kong (1933)
5. Miracle on 34th Street (1947)

**GLÆPAMYNDIR**

1. The Godfather (1972)
2. Goodfellas (1990)
3. The Godfather Part II (1974)
4. White Heat (1949)
5. Bonnie and Clyde (1967)

**VÍSINDASKÁLDSKAPUR**

1. 2001: A Space Odyssey (1968)
2. Star Wars: Episode IV - A New Hope (1977)
3. ET the Extra-Terrestrial (1982)
4. A Clockwork Orange (1971)
5. The Day The Earth Stood Still (1951)

**VESTRAR**

1. The Searchers (1956)
2. High Noon (1952)
3. Shane (1953)
4. Unforgiven (1992)
5. Red River (1948)

**ÍÞRÓTTAMYNDIR**

1. Raging Bull (1980)
2. Rocky (1976)
3. The Pride of the Yankees (1942)
4. Hoosiers (1986)
5. Bull Durham (1988)

**RÁÐGÁTUR**

1. Vertigo (1958)
2. Chinatown (1974)
3. Rear Window (1954)
4. Laura (1944)
5. The Third Man (1949)

**RÓMANTÍSKAR GAMANMYNDIR**

1. City Lights (1931)
2. Annie Hall (1977)
3. It Happened One Night (1934)
4. Roman Holiday (1953)
5. The Philadelphia Story (1940)

**RÉTTARDRAMA**

1. To Kill a Mockingbird (1962)
2. 12 Angry Men (1957)
3. Kramer vs Kramer (1979)
4. The Verdict (1982)
5. A Few Good Men (1992)

**SÖGULEGAR MYNDIR**

1. Lawrence of Arabia (1962)
2. Ben-Hur (1959)
3. Schindler's List (1993)
4. Gone With the Wind (1939)
5. Spartacus (1960)



**GOLLUM** Ein af þremur myndum frá þessum áratug á listanum er fyrsta myndin í þríleiknum The Lord of the Rings.

# Friðelskendur á Icesave-túr

Tónleikaferð Mugisons um Evrópu, sem gengur undir nafninu Icesavetúrinn, hefur gengið ljómandi vel. Hann segir hljómsveitina ekki hafa orðið fyrir neinu aðkasti þrátt fyrir að margir útlendingar hafi tapað á falli íslensku bankanna.

„Listunnendur eru oftast vinstrisinnað og friðelskandi fólk sem lætur okkur alveg í friði, sérstaklega í Danmörku. Þeir gerðu alveg hrikalega vel við okkur og maturinn var góður. Tómatarnir og allt jukkið hefur farið í að fæða okkur," segir Mugison, spurður hvort einhverjum tómötum hafi verið fleygt í þá. „Það hefur alls staðar verið góður mórall. Fólk hefur talað við okkur um þetta ástand en þetta eru greinilega Íslandsvinir. Þeim finnst þetta ekta Ísland eitthvað, að taka allt með trompi og þetta líka."



**MUGISON** Icesave-túrinn hefur gengið ljómandi vel og hefur hljómsveitin ekki orðið fyrir aðkasti. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Á túrnum hefur Mugison spilað í Bretlandi, Hollandi, Þýskalandi og Danmörku. Hann segir að stemningin í Danmörku hafi komið skemmtilega á óvart. „Yfirleitt er rúmlega helmingur Íslendingar á tónleikunum í Icesave-löndunum en þeir voru eitthvað færri í Köben og á nokkrum öðrum stöðum og meira af „lókal" fólki.

Í Danmörku voru allir snargeðveikir og kunnu lögin en síðan vorum við að spila á listahátíð í Haag og þar vantaði gredduna í liðið."

Síðustu tónleikarnir í Icesavetúrnum verða í Sviss í kvöld. Eftir það heldur Mugison heim á leið og hvílir sig yfir jólin enda hefur hann spilað afar stíft á þessu ári. Mun hann einnig nota tækifærið og halda áfram vinnu við sína næstu plötu.

**- fb**

# Derrick er dáinn

Þýski leikarinn Horst Tappert, sem lék rannsóknarlögguna Derrick í samnefndum sjónvarpsþáttum, er látinn, 85 ára gamall. Þættirnir um Derrick og aðstoðarmann hans, Harry Klein, voru sýndir í Ríkissjónvarpinu á níunda áratugnum og nutu mikilla vinsælda. Alls var 281 þáttur framleiddur og voru þeir sýndir í yfir eitt hundrað löndum.

Tappert stundaði herþjónustu í síðari heimsstyrjöldinni og var honum haldið föngnum í stuttan tíma eftir stríðið. Eftir það hóf hann leiklistarferil sinn sem átti eftir að vera blómlegur. Í einu af síðustu viðtölunum sem tekin voru við Tappert í maí sagðist hann njóta þess að slaka á. „Mér finnst gott að vera einn með konunni minni. Ég hitti sjaldan gömlu kollegana enda eru flestir þeirra látnir. Ég hitti þá fljótlega.“



**DERRICK** Horst Tappert lék rannsóknarlögregluna Derrick í 281 þætti.

# Fóstbræður teknir út af Youtube

Aðdáendur Fóstbræðra uppgötvuðu sér til mikillar skelfingar að búið var að taka út allt efni sjónvarpsþáttanna af hinni vinsælu vefsíðu Youtube. Fyrir ofan myndböndin stendur skýrum stöfum: „This video is no longer available due to a copyright claim by SMAIS,“ eða „þetta myndband er ekki lengur til vegna kröfu af hálfu Smáís“.

Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri SMÁÍS, staðfesti í samtali við Fréttablaðið að þetta hefði verið gert í gærmorgun. „Við höfum yfirleitt látið svona sketsa í friði og litið á það sem kynningarefni en þarna var þetta orðið einum of mikið af hinu góða því fólk gat nálgast heilu og hálfu þættina í gegnum vefsvæðið,“ segir Snæbjörn en um var að ræða í kringum 140 sketsa úr þessum vinsælu grínþáttum sem tugþúsundir höfðu nálgast á undanförnum árum.

Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, var mjög afdráttarlaus í svörum. „Við látum fjarlægja allt réttindabundið efni, við höfum verið að vinna í þessu allt árið,“ segir Pálmi og staðfestir að brot úr Dagvaktinni og Næturvaktinni fari sömu leið. Notendur Youtube hafa getað séð glefsur úr þáttunum inni á vefsvæðinu. „Það að réttindavarið efni sé sett á netið ólöglega dregur úr DVD-sölu sem bitnar ekkert síður á leikurum, leikstjórum og öðrum aðstandendum en okkur.“

Sjónvarpsstöðin ætlar þó að nýta sér Youtube-tæknina og koma á fót vefsvæði Stöðvar 2 inni á Youtube þar sem notendur geta nálgast valið efni og kynningarmyndbrot úr væntanlegum og gömlum þáttum stöðvarinnar. - fgg



**VINSÆLIR** Fóstbræðra-sketstar voru vinsælir meðal íslenskra notenda Youtube en þeir eru nú farnir.



**SUPERGRASS** Rokkararnir í Supergrass hafa sagt skilið við Parlophone Records.

# Hættir hjá Parlophone

**Bresku rokkararnir í Supergrass hafa sagt skilið við útgáfufyrirtækið Parlophone Records, sem er í eigu EMI, eftir þrettán ára samstarf. Í staðinn hafa þeir stofnað eigið útgáfufyrirtæki, Supergrass Records.**

**Þar með fylgir hljómsveitin í fótspor Radiohead og Rolling Stones sem hafa báðar hætt samstarfi við EMI á árinu. „Parlophone hefur breyst svo mikið á undanförnu ári. Margir aðilar sem við berum mikla virðingu fyrir og hafa verið lengi hjá fyrirtækinu hafa hætt störfum,“ sagði bassaleikarinn Mickey Quinn. „Báðir aðilar komust að samkomulagi um að hætta samstarfinu.“**




**KIKI-OW OG CURVER** Áramótapartí Kiki-Ow og Curvers verður haldið í þriðja sinn á Nasa. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Áramótastuð í þriðja sinn

DJ Kiki-Ow og DJ Curver halda sitt árlega 90s-partí á skemmtistaðnum Nasa á gamlárskvöld. Þetta er í þriðja sinn sem þau halda partíið og hefur stemningin alltaf verið mjög góð. Nú seinast varð allt brjálað í haust þegar Haddaway spilaði á 90s-kvöldi á Nasa við góðar undirtektir og má því búast við miklu stuði um áramótin. „Við búumst við að þetta verði stærsta partíið til þessa því það var algjör geðveiki í kringum Haddaway,“ segir Curver. Miðasalan er hafin á Midi.is og í Spútnik og er miðaverð 3.500 krónur. Aldurstakmark er 20 ár.



## > Margrét Lára fær ekki níuna

Margrét Lára Viðarsdóttir fær ekki að spila í sínu vanalega númeri hjá Linköping í sænsku úrvalsdeildinni á næsta ári. Margrét hefur spilað í níunni hjá bæði Val og íslenska landsliðinu en í því númeri spilar sænska landsliðskonan Jessica Landström sem var markahæsti leikmaður Linköping-liðsins á síðasta tímabili. Margrét Lára mun spila í peysu númer 19 þegar hún spilar með Linköping.



**sport**

sport@frettabladid.is

KRISTJÁN FINNBOGASON MARKVÖRÐUR: LIGGUR UNDIR FELDI OG ÍHUGAR FRAMTÍÐINA Í FÓTBOLTANUM

# *Líklega spilað minn síðasta leik fyrir KR*

Kristján Finnbogason er ekki á leið til FH eins og orðrómur var um. Kristján sást á tveimur æfingum hjá FH um daginn en það átti sínar eðlilegu skýringar.

„Það vantaði einn markvörð á æfingu hjá FH og ég gerði Heimi vini mínum greiða með því að mæta. Get nú ekki neitað því að það var svolítið sérstakt að æfa með FH en samt gaman enda þekki ég marga stráka þarna," sagði Kristján við Fréttablaðið.

Samningur Kristjáns við KR rann út eftir síðasta tímabil sem hann eyddi nú meira og minna á bekknum. KR hefur ekki boðið Kristjáni nýjan samning.

„Ég hef líklega spilað minn síðasta leik fyrir KR. Það lítur út fyrir það. Ég er ekkert fúll út í KR eða neitt. Þeir eru með Stefán Loga sem er ekki farinn út og svo er Atli kominn aftur þannig að það er kannski eðlilegt," sagði Kristján sem veltir fyrir sér framtíðinni. Hvort hann ætli að halda áfram í fótbolta eða hreinlega hætta.



Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Þróttur sé á meðal þeirra félaga sem hafa borið víurnar í Kristján en hann vildi ekki staðfesta það.

„Það hafa komið nokkrar fyrirspurnir en ekkert sem ég vil tjá mig um. Sjálfur er ég líka bara að gera upp hug minn um hvort ég vilji spila áfram eður ei. Ég er bara að njóta lífsins og hátíðarinnar og ætla ekkert að ákveða mig fyrr en eftir áramót," sagði Kristján kátur.

Hann lofaði því fyrir allmörgum árum að klára feril sinn sem framherji hjá Gróttu en það er ekki á allra vitorði að Kristján er afar sprækur útileikmaður og öflug vítaskytta. Hann segir líklegt að hann efni það loforð.

„Maður lofaði þessu víst fyrir ansi löngu og ég verð að standa við það. Mun örugglega hafa samband við Ása þjálfara og athuga hvort hann geti ekki hjálpað mér við að efna loforðið. Það væri virkilega gaman," sagði Kristján Finnbogason sem hefur spilað 265 leiki í efstu deild á Íslandi og á þess utan 20 A-landsleiki að baki.



**SIGURÐUR RAGNAR** Hefur úr stórum hópi að velja fyrir EM. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Íslenska kvennalandsliðið:

## Fjörutíu geta komist á EM

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari kvennalandsliðsins, hefur valið 40 leikmanna undirbúningshóp fyrir lokakeppni EM sem fram fer síðari hluta næsta sumars.

Fyrstu æfingar hjá hópnum fara fram 3. og 4. janúar næstkomandi.

Hvorki fleiri né færri en 14 leikmenn koma frá Íslandsmeisturum Val. Átta leikmenn koma frá Breiðabliki og sjö frá KR.

Er ljóst að hart verður barist um farseðlana til Finnlands þar sem íslenskt A-landslið tekur í fyrsta skipti þátt í lokakeppni stórmóts. - hbg

# Haukar eru með ábyrgan rekstur

**Aron Kristjánsson, þjálfari handboltaliðs Hauka og framkvæmdastjóri félagsins, segir félagið hafa dregið saman seglin svo um munar en gamlar syndir geri félaginu erfitt fyrir. Hann hafnar ásökunum um að Haukar séu með óábyrgan rekstur. Leikmenn og þjálfari lækkuðu laun sín um 35 prósent fyrir tímabilið.**

**HANDBOLTI** Það er kreppa í íþróttaheiminum eins og annars staðar í þjóðfélaginu. Handknattleiksdeild Stjörnunnar hafa opinberlega greint frá sínum rekstrarvandræðum og Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að hjá öðrum liðum gangi reksturinn illa og að leikmenn hafi ekki fengið greitt síðustu mánuði.

Íslandsmeistarar Hauka standa í mestum fjárútlátum allra handboltaliða enda taka þeir þátt í fjárfrekri Evrópukeppni ofan á allt annað. Aron Kristjánsson, framkvæmdastjóri og þjálfari Hauka, segir að þrátt fyrir það sé engin óráðsía í rekstrinum þar sem seglin hafi verið dregin verulega saman.

„Leikmenn og þjálfarar meistaraflokkanna beggja tóku á sig 35 prósenta lækkun enda sáum við fram á að ná aldrei að kljúfa dæmið miðað við núverandi þjóðfélagsaðstæður. Aukatekjumöguleikar eru úr sögunni og svo sáum við líka fram á að fá ekki alla þá peninga sem búið var að semja um fyrirfram. Þess utan missti ég marga styrktarsamninga þegar allt fór á hvolf sem var synd því fólki leist mjög vel á það sem við vorum að gera og vildu vera með. Í kjölfarið förum við í þessar launalækkanir," sagði Aron og hann segir það hafa tekist að mestu að standa við þær skuldbindingar sem félagið sé með.



**Á UPPLEIÐ** Rekstur handknattleiksdeildar Hauka er á réttri leið eftir mikinn niðurskurð í rekstrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjárhagsstaða Hauka sem félags er ekki góð og aðalstjórn félagsins situr uppi með miklar skuldir og hefur óskað eftir frekari aðkomu bæjarins til að létta rekstur félagsins.

„Aðalstjórnin tók lán fyrir um tveimur árum til að gera upp skuldir. Það lán hefur stigið eins og öll erlend lán. Engu síður hefur okkur tekist að standa í skilum með lánið. Hvað varðar handknattleiksdeildina þá hefur hún verið að glíma við gamlar syndir en við náum samt að halda rekstrinum gangandi," sagði Aron sem segist hafa þurft að breyta miklu í rekstrinum.

„Þetta var orðið þannig að menn voru búnir að missa sjónar á pakkanum. Við skárum vel niður í rekstrinum fyrir þetta tímabil og ofan í það kemur launalækkunin núna. Svo erum við að horfa fram á að skera enn meira niður fyrir næsta tímabil. Það er því ekkert til í þeim staðhæfingum að Haukar séu með óábyrgan rekstur," sagði Aron en viðurkennir þó að handknattleiksdeildin hafi komið út í nokkuð stórum mínus eftir fyrsta rekstrarárið. Aron vonast til þess að koma út nálægt núllinu á þessu rekstrarári.

Þór Jónsson, formaður handknattleiksdeildar Stjörnunnar, sagðist vera á því að önnur félög í N1-deildinni væru í svipaðri stöðu og Stjarnan. Aron er ekki sammála því.

„Það er bara kjaftæði. Stjarnan er ekki með neina styrktaraðila en við erum með styrktaraðila og einstaklinga sem eru að borga í félagið. Hér er ágætt fjárstreymi mánaðarlega en það er ekkert slíkt í gangi hjá Stjörnunni," sagði Aron.

henry@frettabladid.is


Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni




Fréttablaðið stendur upp úr
Höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Capacent ág-okt 08

Notaðu mest lesna blað landsins
til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina
Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband
í síma 512 5448 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

FRÉTTABLAÐIÐ


Ince verður líklega sjötti stjórinn til að ganga plankann í ensku úrvalsdeildinni:

# Tekur Souness við Blackburn?

**FÓTBOLTI** Fátt virðist nú geta komið í veg fyrir það að Paul Ince verði látinn taka pokann sinn sem knattspyrnustjóri Blackburn eftir að félagið tapaði sínum sjöunda deildarleik í röð um helgina. Graham Souness hefur verið nefndur til sögunnar sem líklegur eftirmaður Ince í starfi en hann var áður knattspyrnustjóri hjá Blackburn á árunum 2000-2004.

Paul Ince tók við sem knattspyrnustjóri hjá Blackburn síðasta sumar og nú eftir aðeins sautján leiki á keppnistímabilinu hangir starf hans á bláþræði en félagið er sem stendur í nítjánda sæti eftir tap gegn Wigan um helgina og hefur nú tapað sjö deildarleikjum í röð. Raunar hefur Blackburn ekki unnið í síðustu ellefu leikjum sínum í deildinni eða síðan félagið lagði Newcastle að velli á útivelli, 1-2, hinn 27. september.

„Ég er að vonum ósáttur með enn eitt tapið. Sér í lagi vegna þess að mér fannst leikmennirnir leggja sig sérstaklega vel fram á æfingum í vikunni fyrir leikinn gegn Wigan. Þetta var mjög svekkjandi og mér þykir miður að svona hafi farið fyrir aðdáendur félagsins sem hafa stutt okkur frábærlega á tímabilinu og eru eðlilega ósáttir við gang mála," sagði Ince á blaðamannafundi um helgina.

Samkvæmt breskum fjölmiðlum mun Ince hafa verið boðaður á neyðarfund í gær þar sem hann átti að útskýra fyrir forráðamönnum félagsins hið slaka gengi upp á síðkastið en bandamenn hans í stjórn Blackburn eru nú sagðir ansi fáir. Ekki mun þó ríkja samstaða um hver eftirmaður Ince ætti að verða en eitt nafn kom þar strax í umræðuna, en það er Graham Souness, fyrrum stjóri félagsins.

Souness hefur verið án starfs síðan hann hætti hjá Newcastle árið 2006 en hann yfirgaf Blackburn til þess að taka við Newcastle á umdeildan hátt árið 2004 og ekki var talið að hann ætti afturkvæmt þangað í bráð. Nú virðist hins vegar allt vera gleymt og grafið og að gamlar syndir verði fyrirgefnar.

Hinn 55 ára gamli Skoti hefur jafnan farið ótroðnar slóðir á sínum ferli sem leikmaður og knattspyrnustjóri og er gríðarlega umdeildur og skrautlegur karakter.

Souness var til að mynda á meðal þeirra manna sem voru nafngreindir í skýrslu sem Stevens lávarður tók saman um spillingu innan ensku úrvalsdeildarinnar en hann var sakaður um ólöglegar greiðslur í félagsskiptum tveggja leikmanna til Newcastle á árunum 2004-2006. - óþ



**INCE** Er nú í tómu tjóni með Blackburn eftir aðeins sautján leiki við stjórnvölinn en félagið tapaði sínum sjöunda leik í röð í deildinni um helgina. NORDIC PHOTOS/GETTY



**SOUNESS** Er að mati breskra fjölmiðla talinn líklegasti kosturinn fyrir Blackburn ef Ince verður sparkað. NORDIC PHOTOS/GETTY



**EKKI Á FÖRUM** Valencia vill halda David Silva áfram á Mestalla-leikvanginum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fernando Gomez, Valencia:

## Villa og Silva ekki á förum

**FÓTBOLTI** Fernando Gomez, varaforseti Valencia, lét hafa eftir sér í gær að stjörnuleikmennirnir David Villa og David Silva væru ekki á förum frá spænska félaginu þegar félagsskiptaglugginn verður opnaður í janúar. Aðrir leikmenn gætu þó verið seldir ef rétt upphæð yrði borguð en Valencia eða „Los Che“ eins og það er gjarnan kallað er sagt vera í miklum fjárhagskröggum þessa dagana, eins og reyndar mörg önnur félög.

„Hvorki Villa né Silva munu fara frá okkur þar sem þeir eru lykilmenn hjá Valencia. Möguleiki er hins vegar fyrir hendi að leikmenn eins og Nikola Zigic og Hugo Viana séu á förum enda hafa þeir ekki náð að festa sig almennilega í sessi á þessari leiktíð,“ er haft eftir Gomez í El Confidencial í gær.

Villa hafði verið sterklega orðaður við Man. City og Silva var til að mynda orðaður við Man. Utd síðasta sumar. **- óþ**

Carles Puyol, Barcelona:

## Ekki afskrifa Real Madrid

**FÓTBOLTI** Carles Puyol, fyrirliði Barcelona, neitar að afskrifa Real Madrid úr titilbaráttunni í spænsku úrvalsdeildinni þrátt fyrir að Börsungar séu nú með tólf stiga forskot á erkifjendur sína úr höfuðborginni eftir 2-0 sigurinn í El clasico á Nývangi um síðustu helgi.

„Tólf stiga forskotið er vissulega ánægjulegt en það má ekki afskrifa Real Madrid því Madrídingar munu aldrei gefast upp,“ segir Puyol og minnir á að Börsungar séu ekki búnir að vinna neitt enn þá. **- óþ**



**EFTIRMAÐUR KEANES FUNDINN?** Brasilíumaðurinn Carlos Alberto Parreira er óvænt kominn í kapphlaupið um stjórastöðuna hjá Sunderland. NORDIC PHOTOS/AFP

Listi mögulegra eftirmanna Roys Keane lengist:

# Parreira nú sagður efstur á óskalista

**FÓTBOLTI** Breskir fjölmiðlar hafa látið gamminn geisa síðan Roy Keane sagði starfi sínu lausu sem knattspyrnustjóri Sunderland og listi „mögulegra“ eftirmanna hans í starfi er orðinn ansi langur. Síðasta nafnið til þess að bætast á þann lista er enginn annar en Brasilíumaðurinn Carlos Alberto Parreira.

Hinn 65 ára gamli Parreira er best þekktur fyrir að hafa stýrt Brasilíu til sigurs á heimsmeistaramótinu í Bandaríkjunum árið 2004 en hann hefur komið víða við á löngum ferli sínum sem knattspyrnustjóri og landsliðsþjálfari. Meðal félagsliða sem Parreira hefur verið knattspyrnustjóri hjá eru Fluminesnse, Sao Paulo og Corinthians í Brasilíu, Valencia á Spáni, Fenerbahce í Tyrklandi og MetroStars í Bandaríkjunum.

Parreira hefur alls verið landsliðsþjálfari fjögurra þjóða en hann sagði upp störfum sem landsliðsþjálfari Suður-Afríku í apríl á þessu ári. Hann er annar aðeins tveggja landsliðsþjálfara sem hafa afrekað að koma fjórum þjóðum á lokakeppni heimsmeistaramótsins en því náði hann með Kúveit (1982), Sameinuðu arabísku furstadæmunum (1990), Brasilíu (1994 og 2006) og Suður-Afríku (1998).

Í gær bættist Parreira í hóp þeirra knattspyrnustjóra sem hafa verið orðaðir við starfið hjá Sunderland en nafn hans bar á góma í mörgum ensku dagblaðanna í gærmorgun. Meðal þeirra sem hafa verið nefndir til sögunnar í þessu samhengi eru engin smá nöfn í knattspyrnuheiminum, Roberto Mancini, fyrrum stjóri Inter, Bernd Schuster, fyrrum stjóri Real Madrid, og Frank Rijkaard, fyrrum stjóri Barcelona. Áður höfðu Steve McClaren hjá FC Twente, Peter Reid, landsliðsþjálfari Taílands, Phil Brown, stjóri Hull, og Gerard Houllier, fyrrum stjóri Liverpool og núverandi ráðgjafi franska knattspyrnusambandsins, lýst því yfir að þeir hefðu ekki áhuga á starfinu.

Ricky Sbragia tók tímabundið við stjórastöðunni hjá Sunderland eftir að Keane hætti og félagið byrjaði þá á því að tapa naumlega gegn Englandsmeisturum Man. Utd en um helgina vanst svo 4-0 sigur gegn WBA og nokkur bresku dagblaðanna vilja meina að Sbragia sé nú einnig með í kapphlaupinu. **- óþ**

Jóhannes Karl hefur fulla trú á að Burnley haldi nú áfram á beinu brautinni:

# Allir þekkja sitt hlutverk vel

**FÓTBOLTI** Jóhannes Karl Guðjónsson átti sannkallaðan stórleik í 3-2 sigri Burnley á Southampton um helgina þar sem hann skoraði tvö mörk en sigurinn styrkir stöðu Burnley í toppbaráttu Championship-deildarinnar á Englandi. Í viðtali við staðarblaðið The Citizen í Burnley kvaðst Jóhannes Karl vera bjartsýnn á áframhaldandi frábært tímabil hjá félaginu og hvetur bestu leikmenn félagsins að vera áfram á Turf Moor.

„Ef heldur sem horfir þá stefnir í að við eigum eftir að uppskera veglega í lok yfirstandandi keppnistímabils. Það er því afar mikilvægt að Burnley nái að halda í sína bestu leikmenn þegar félagaskiptaglugginn verður opnaður í janúar. Leikmenn og þjálfarateymi Burnley ná mjög vel saman og allir njóta þess að vinna sína vinnu á hverjum degi og í rauninni sé ég ekki ástæðu fyrir því að menn ætti að vilja fara frá félaginu. Nema kannski ef Manchester United bankaði á dyrnar,“ segir Jóhannes Karl en bæði Chris Eagles og Chris McCann eru taldir vera undir smásjá félaga í ensku úrvalsdeildinni.

Eftir að nýlega var tilkynnt um tæplega tveggja milljón punda tap á rekstri félagsins er talið ólíklegt að knattspyrnustjórinn Owen Coyle fái pening til þess að styrkja leikmannahópinn í janúarglugganum en Jóhannes Karl telur núverandi leikmannahóp alveg nógu sterkan til þess að ná árangri.



**JÓHANNES KARL** Ánægður með spilamennsku Burnley upp á síðkastið og vonast til þess að félagið haldi áfram á sömu braut. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Við erum að mínu mati með mjög góðan leikmannahóp og allir þekkja sitt hlutverk í liðinu vel. Það skiptir engu máli hvað Burnley fær mikinn pening á leikmannamarkaðnum, þetta snýst bara um að við leikmennirnir verðum að halda áfram á sama striki og gera það sem knattspyrnustjórinn leggur upp með. Við erum búnir að setja okkur markmið um að vera í sæti í úrslitakeppninni og eins og við erum að spila í augnablikinu þá held ég að við getum vel náð því með núverandi mannskap,“ segir Jóhannes Karl vongóður. **- óþ**

SENDU JÓLAPAKKA
HVERT Á LAND SEM ER




Viðkomustaðir um allt land. Kynntu þér afgreiðslutíma og síðustu ferðir fyrir jól á vefsíðunni www.flytjandi.is.

800 KR. PAKKINN
EF ÞÚ GETUR BORIÐ HANN*

*Hámarksstærð pakka er 0.5 x 0.5 x 0.8m. Hámarksþyngd 50 kg. Á ekki við um kæli- eða frystivöru. Greiða verður fyrir pakkann á upphafsstað.

EIMSKIP
Flytjandi

Sími 525 7700
www.flytjandi.is

PIPAR • SÍA • 82710

> **Anthony Michael Hall**

„Það eru meira en tuttugu ár síðan ég gerði þessar kvikmyndir en þær eru stór hluti af því hver ég er og hvar ég stend í dag.“

Hall var unglingastjarna á níunda áratugnum og lék meðal annars í myndunum Weird Science, The Breakfast Club og Sixteen Candles. Hann leikur Jonny Smith í þáttunum The Dead Zone en Skjáreinn byrjar að sýna nýja þáttaröð í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON ÞRÍFST Á SMÁ JÓLAHRYLLINGI

# *Meiri hrylling fyrir hátíðarnar!*

Þegar jólaskapið er langt undan er fátt sem getur komið því á sinn stað frekar en þykkur hvítur snjór, hátíðleg tónlist og upprifjun á klassískum jólasögum. Í minningunni eru jólin alltaf tíminn sem börn lesa sorgleg ævintýri eða horfa á kvikmyndaðar útgáfur þeirra í sjónvarpinu á meðan þau bíða eftir að aðfangadagur renni loksins upp. Einhvern veginn virðast „macabre“-myndir alltaf vera viðeigandi á þessum tíma og sjónvarpsstöðvarnar duglegar að svala þörf okkar fyrir að sjá eitthvað dálítið skrýtið, óhugnanlegt og sorglegt. Smá „goth“ jafnvel. Klassísk jólaævintýri eins og litla stúlkan með eldspýturnar er auðvitað fullkomið dæmi um slíkt, einnig Jólasaga Charles Dickens, ævintýrið um Hamingjusama prinsinn eftir Oscar Wilde, Þegar trölli stal jólunum og svo allar myndir snillingsins Tims Burton. Það bregst ekki að sorgarsagan um



Edward Scissorhands er sýnd á hverjum jólum af einhverjum undarlegum en eflaust augljósum ástæðum. Hver man svo ekki eftir jólahryllingnum í Gremlins, þeirri skelfilegu mynd sem var markaðssett sem fjölskyldugaman? Atriðið þar sem jólatréð byrjar að skekjast og hristast til því það er uppfullt af ógeðslegum litlum skrímslum fer líka á blað sem ógeðfelld jólaklassík. Í síðustu viku rakst ég á bandarískan sjónvarpsþátt þar sem hress og vel tenntur fjölmiðlamaður var að útskýra hvað maður gæti keypt fyrir „that Goth relative on your Christmas list“. Það er víst af mörgu að taka – allt frá antik-líkkistum frá Viktoríutímabilinu upp í ljósmyndir af látnu fólki og hnífapörum með kirkjugarðsþema. Ætli þessi skrýtna tenging hins óhugnanlega tengist aðeins því að nóttin er aldrei lengri en á þessum ágætu vetrarsólstöðum sem við höldum upp á eftir viku?

## EKKI MISSA AF



▶ **19.10** Flensburg - RN Löwen, BEINT STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** Mæðgurnar SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** Innlit / Útlit SKJÁREINN



▶ **21.20** Burn Notice STÖÐ 2



▶ **21.35** Happy Hour STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.15 Mótorsport 2008** (e)
**15.45 Sportið** (e)
**16.15 Leiðarljós**
**17.00 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Bjargvætturin** (Captain Flamingo) (8:26)
**17.45 Latibær** (e)
**18.15 Verstu jól ævinnar** (The Worst Christmas of My Life) (2:3) (e)
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins 2008**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Mæðgurnar** (Gilmore Girls VII) (4:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar.
**20.55 Sannar sögur – Eiginmaður til leigu** (Äktemann uthyres) Finnskur þáttur. Ungur maður stofnar eiginmannsþjónustu sem einstæðar konur geta leitað til um ýmis viðvik.
**21.25 Viðtalið – Göran Persson**
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Dauðir rísa** (2:12) (Waking the Dead V) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst.
**23.20 Lögmál Murphys** (Murphy's Law IV) (2:6) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Draumalandið**
**10.00 Employee of the Month**
**12.00 London**
**14.00 Elizabethtown**
**16.00 Draumalandið**
**18.00 Employee of the Month**
**20.00 London** Áhrifamikil mynd um ungan mann sem reynir hvað hann getur til þess eins að vinna aftur ástir fyrrverandi kærustu sinnar.
**22.00 Happy Endings**
**00.10 Small Time Obsession**
**02.00 Die Hard II**
**04.00 Happy Endings**
**06.10 The Truth About Cats and Dogs**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli kanína og vinir, Jesús og Jósefína, Galdrabókin, Lalli og Ruff's Patch.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (214:300)
**10.15 The Complete Guide To Parenting** (2:6)
**10.55 America's Got Talent** (9:12)
**12.00 Numbers**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Seven Years in Tibet**
**15.25 Sjáðu**
**15.50 Saddle Club**
**16.13 Tutenstein**
**16.33 Ben 10**
**16.58 Stuðboltastelpurnar**
**17.23 Galdrabókin** (16:24)
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.30 The Simpsons** (21:25) Áttunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.
**19.55 Dagvaktin** (6:12) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.
**20.30 Worst Week** (1:13)
**20.55 How I Met Your Mother** (20:22)
▶**21.20 Burn Notice** (3:13) Njósnarinn Michael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda.
**22.05 Rescue Me** (4:13) Fjórða serían um Tommy Gavin og félaga hans á slökkvistöð 62 í New York.
**22.55 The Daily Show: Global Edition**
**23.20 Kompás**
**23.50 Grey's Anatomy** (8:24)
**00.35 Seven Years in Tibet**
**02.50 A Glimpse of Hell**
**04.15 Walking Tall**
**05.40 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**18.05 Gillette World Sport 2008** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
**18.35 Þýski handboltinn: Hápunktar** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
▶**19.10 Þýski handboltinn** Bein útsending frá leik Flensburg og RN Löwen. Með liði Flensburg leikur Alexander Petterson en með liði Löwen leikur Guðjón Valur Sigurðsson.
**20.40 Meistaradeild Evrópu** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
**21.10 Race of Champions – Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum frá Race of Champions-mótinu sem fram fór á Wembley.
**22.10 NBA Action** Í þessum þáttum sem slógu í gegn á árum áður, verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
**22.40 Þýski handboltinn** Útsending frá leik Flensburg og RN Löwen í þýska handboltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska 1. deildin** Útsending frá leik Chalton og Derby.
**14.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Stoke og Fulham.
**16.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Middlesbrough og Arsenal.
**18.00 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
**18.30 Coca Cola mörkin 2008/2009** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum markaþætti.
**19.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Portsmouth og Newcastle.
**20.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Chelsea og West Ham.
**22.20 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**23.15 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Aston Villa og Bolton.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.55 Vörutorg**
**17.55 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.
**18.40 America's Funniest Home Videos** (32:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)
**19.10 The Bachelor** (2:10) Raunveruleikaþáttur þar sem efnilegur piparsveinn leitar að stóru ástinni. (e)
**20.10 Survivor** (11:16) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Að þessu sinni fer leikurinn fram innan um villt dýr í frumskógum Gabon í Afríku. Kynnir er sem fyrr sjarmörinn Jeff Probst.
▶**21.00 Innlit / Útlit** (13:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Arnar Gauti koma víða við. Þau heimsækja skemmtilegt fólk og áhugaverð fyrirtæki. Sýndar verða hagnýtar og skemmtilegar lausnir fyrir heimilið sem þurfa ekki að kosta mikið.
**21.50 The Dead Zone** (1:12) Bandarísk þáttaröð sem byggð er á sögupersónum eftir Stephen King. Johnny Smith sér framtíð þeirra sem hann snertir og reynir að bjarga þeim sem þurfa á hjálp að halda. Johnny er að undirbúa jólin en þarf að fást við skyggna vinkonu, minnislausan jólasvein, þrjá munaðarlausa drengi og mjög óvenjulegan jólamat.
**22.55 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.45 CSI. New York** (17:21) (e)
**00.35 Vörutorg**
**01.35 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**21.00 Bæjarstjórnarfundur á Akureyri.**
**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30

### Worst Week – NÝTT



Hættulega fyndnir gamanþættir sem fjalla um seinheppinn náunga sem upplifir verstu viku ævi sinnar þegar hann heimsækir tilvonandi tengdaforeldra sína til að tilkynna þeim að dóttir þeirra sé ólétt og að hann ætli að giftast henni. Til að gera langa sögu stutta þá fer nákvæmlega allt úrskeiðis sem getur farið úrskeiðis.



▶ **VIÐ MÆLUM MEÐ**

### Viðtalið – Göran Persson

**Sjónvarpið kl. 21.25**

Í þessum aukaþætti af Viðtalinu ræðir Bogi Ágústsson við Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar. Persson flutti erindi hér á landi fyrir skömmu þar sem hann fjallaði um efnahagsörðugleikana sem Svíar gengu í gegnum á tíunda áratugnum. Í viðtalinu er hann meðal annars spurður um reynslu Svía og hvað Íslendingar geti lært af þeim.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Músík og mas
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Það á að dansa
**15.30** Miðdegistónar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Útlínur
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (81:260)
**16.30 Hollyoaks** (82:260)
**17.00 Seinfeld** (10:24)
**17.30 Ally McBeal** (3:24)
**18.10 How I Met Your Mother** (19:22)
**18.35 Happy Hour** (2:13)
**19.00 Hollyoaks** (81:260)
**19.30 Hollyoaks** (82:260)
**20.00 Seinfeld** (10:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullur og hann sjálfur.
**20.30 Ally McBeal** (3:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
**21.10 How I Met Your Mother** (19:22) Önnur þáttaröð þessara bráðskemmtilegu og rómantísku gamanþátta .
▶**21.35 Happy Hour** (2:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
**22.00 Men in Trees** (11:19)
**22.45 Journeyman** (10:13)
**23.30 The Unit** (20:23)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Ólafur Ragnar Grímsson forseti er gestur á Hrafnaþingi. Rætt er um hvernig og hversu fljótt þjóð í sárum getur rétt úr sér.
**21.00 Hugspretta** Þáttur um nýsköpun í umsjá Andra Heiðars Kristjánssonar og Stefaníu Sigurðardóttur.
**21.30 Guðjón Bergmann** Í leit að lausnum. Guðjón Bergmann fær til sín góðan gest.

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Pigeliv **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** SPAM **15.30** Spiderman **15.55** Bror Fjot **16.00** Nissernes Ø **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Nissernes Ø **19.00** Hammerslag **19.30** Verdens vildeste passagerfly **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Stjernen **22.30** Torsdag den 12. **00.05** Boogie Mix

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Stolthet og fordom **13.00** NRK nyheter **13.05** Niklas' mat **13.35** Tracey Ullmans USA **14.00** NRK nyheter **14.03** Fra 7-ende til 8-ende **14.30** Absalons hemmelighet **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.30** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Røst **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Den magiske krystallkulen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen. En naturlig helaften **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Extra-trekning **20.40** Postkort fra livet **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** Bleak House **23.40** Maze kommer tilbake

## SVT 1

**12.05** Annas eviga **12.35** Lille Fridolf och jag **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Lilla sportspegeln **16.00** Jultomtens lärling **16.10** Slut för idag... tack för idag **16.25** Jane och draken **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Packat & klart **19.30** Kattgalen **20.00** Dom kallar oss artister **20.30** Morgonsoffan **21.00** En dag för fred **22.25** Kulturnyheterna **22.40** Water **00.35** Sändningar från SVT24




## NÝJU JÓLASVEINARNIR

Sá fimmti, Hannes Smára,
var skrítið kuldastrá.
orkunni vild'ann stela
og græða helling á.

Hann vildi bréfum redda,
í vonlausu FL-grúbb.
en einhver spillti plottinu
og milljarðar hurfu – blúbb!



# Ríkir Rússar rífa út dýrar merkjavörur

„Það gerðist bara hérna á laugardaginn að einhver ríkur Rússi gekk út með pelsa og jakkaföt fyrir hátt í milljón,“ segir Páll Kolbeinsson, einn eigenda tískuvöruverslunarinnar Sævar Karl í Bankastræti. Svo virðist að með falli krónunnar hafi skapast markaður fyrir vel stætt fólk að utan að koma hingað og kaupa sér dýr föt og annan lúxusvarning. Armani-jakkaföt og aðrar munaðarvörur sem þjóð í kreppu lætur sig bara dreyma um þessa dagana er pakkað niður í ferðatöskur og rata á fataslár erlendra auðmanna.

Páll viðurkennir að hann hefði fyrirfram gert ráð fyrir því að þegar efnahagslægðin tæki öll völd myndi verslun með dýrar merkjavörur verða nánast sjálfhætt. Sú hefur ekki reynst raunin. Því moldríkir Rússar og Norðmenn rífa merkjavörurnar út og kaupa sér smekkleg jakkaföt fyrir hátt í milljón í hvert skipti. Heilu rárnar séu stundum bara rifnar út. „Þessir tveir hópar eru langfyrirferðarmestir en Danir hafa líka verið duglegir,“ segir Páll.



**FYRIR Á AÐRA MILLJÓN** Að sögn Svövu hefur það gerst að útlendingar hafi keypt sér föt fyrir vel á aðra milljón.

Svava Johansen, framkvæmdastjóri NTC, hafði sömu sögu að segja. Útlendingar, þá sérstaklega Norðmenn og Rússar, hafi farið hamförum í kaupum á dýrum merkjavörum skömmu eftir hrun. Eitthvað sé þó að draga úr því núna. „Í þeirra augum hefur merkjavaran náttúrlega bara verið á hálfvirði. Þetta var alveg rosalega mikið í byrjun en það hefur aðeins hægt á því,“ segir Svava og minnist þess að einu sinni hafi einn einstaklingur keypt föt fyrir vel á aðra milljón. Verslunarstjóri Hugo Boss vildi ekkert tjá sig um þetta þegar Fréttablaðið leitaði eftir því. - fgg



**MERKJAVÖRUR VINSÆLAR** Viðskiptavinir Sævars Karls eru að mestu leyti ríkir Rússar og Norðmenn en þeim þykir lítið tiltökumál að punga út hundruðum þúsunda fyrir merkjavöru.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** fugl, **6.** íþróttafélag, **8.** bekkur, **9.** sár, **11.** tveir eins, **12.** mjólkurafurð, **14.** skrautsteinn, **16.** rás, **17.** sigti, **18.** óðagot, **20.** tveir eins, **21.** auma.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ákaflega, **3.** í röð, **4.** nennuleysi, **5.** sigað, **7.** lastmæli, **10.** eiturlyf, **13.** blaður, **15.** hanga, **16.** iðka, **19.** 2000.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** erla, **6.** fh, **8.** set, **9.** und, **11.** tt, **12.** rjómi, **14.** ópall, **16.** æð, **17.** sía, **18.** fum, **20.** ff, **21.** arma.

**LÓÐRÉTT: 1.** ofur, **3.** rs, **4.** letilíf, **5.** att, **7.** hnjóður, **10.** dóp, **13.** mas, **15.** lafa, **16.** æfa, **19.** mm.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1 Skónum sínum.
2 Í 80 ár.
3 Sigrún Brá Sverrisdóttir.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

GUNNAR ÞÓR NILSEN: BJARGVÆTTUR Á RÉTTUM STAÐ

# Íslendingur bjargar lífi Dana eftir alvarlegt bílslys

„Ég var í hálfgerðu sjokki eftir á en mér líður strax betur núna,“ segir ljósmyndarinn Gunnar Þór Nilsen. Hann sýndi mikið snarræði á miðvikudaginn í síðustu viku þegar hann bjargaði lífi ungs drengs eftir alvarlegt bílslys í Horsens í Danmörku. Drengurinn liggur nú á spítala og er mjög illa slasaður en að öllum líkindum hafa rétt viðbrögð Gunnars komið í veg fyrir að ekki fór verr.

Gunnar fluttist til Árósa fyrir skömmu og starfar sem ljósmyndari þar. Hann hyggst halda jólin þar ytra ásamt börnunum sínum en hann hefur varla getað gefið danskri fjölskyldu betri jólagjöf; sjálfa lífgjöfina.

„Ég var bara að keyra í mínum mestu makindum rétt hjá Horsens þegar ég sé vörubíl á miðjum vegi og gamla Toyota Corollu úti í kanti,“ útskýrir Gunnar. Við bílinn stóð nokkur skari af fólki og horfði á dreng í farþegasætinu sem sat fastur í flaki Toyotunnar en hún var illa leikin eftir árekstur við vörubifreiðina. Vörubíllinn hafði reynt að taka fram úr með þessum skelfilegu afleiðingum.

Aðkoman var ansi ljót. Farþeginn var illa slasaður, allar tennur voru brotnar og hvert bein. Gunnar var engu síður undrandi á aðgerðarleysi vegfarenda og vatt sér út úr bílnum, reif upp hurðina farþegamegin og varð þess fljótt áskynja að viðkomandi átti erfitt með andardrátt. Nokkrar tennur höfðu fest í hálsinum á honum og Gunnar brást skjótt við og náði þeim upp úr kokinu. Við það náði hinn slasaði aftur andanum. Gunnar var síðan heppinn að vera með fjöldann allan af teppum í bílnum sínum og gat því haldið á hinum slasaða hita þar til sjúkraliðar komu á vettvang. „Þá var manni bara ýtt til hliðar.“



**BJARGVÆTTUR** Gunnar Þór Nilsen ljósmyndari bjargaði lífi ungs Dana þegar hann sýndi hárrétt viðbrögð við bílslysi sem hann keyrði fram á.

Gunnar skildi hins vegar eftir skilaboð á sjúkrahúsinu og skömmu síðar hringdi pabbi stráksins. „Hann grét nánast í símann og sagði að ég hefði bjargað lífi sonar síns.“ Hann hefur í hyggju að hitta strákinn og pabbann þegar sá fyrrnefndi útskrifast af sjúkrahúsi en það verður eflaust ekki fyrr en eftir einn og hálfan mánuð.

Gunnar þakkar fyrstuhjálparnámskeiðum hjá Rauða krossinum fyrir rétt viðbrögð. Gunnar áréttar að ökumaður bílsins hafi komist frá bílslysinu með smávægileg meiðsl, einhverjar skrámur og smávægileg beinbrot. Hann hafi verið í bílbelti en farþeginn ekki.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Óhætt er að fullyrða að einn vinsælasti maður landsins, og þótt víðar væri leitað, er **Hemmi Gunn** útvarpsmaður. Og nú, þegar enginn er maður með mönnum nema á Facebook sé, blómstrar Hemmi sem aldrei fyrr. Auk aðdáendasíðna á Facebook á hann, þegar þetta er skrifað, heila 2.895 vini þar og fer þeim fjölgandi. Einn er þó sá maður sem toppar Hemma á þessu sviði og heitir hann **Sigfús Sigurðsson** handboltakappi, sem á 3.990 vini. Báðir eru þeir Valsarar eins og kunnugt er og má spyrja hvort verið geti að þeir séu vinsælli en aðrir menn?



**Sveinn Jóhannesson Kjarval** er eini maðurinn í símaskránni sem ber hinn vafasama titil (nú á dögum) „útrásarvíkingur“. Hann hefur reyndar getið sér gott orð á netinu sem leynibloggarinn Hnakkus en það kom fram á athugasemdakerfi síðu annars afkastamikils bloggara sem er Hildur Lilliendahl ljóðskáld. Sú athugasemd hefur reyndar verið fjarlægð af síðunni en eftir stendur afhjúpunin.
- jbg



TILBOÐ DAGSINS
Fiskfars 199kr/kg
Fiskibollur 499kr/kg
Á meðan byrgðir endast
XL humar - humarsúpa prinsinns
úrval fiskrétta
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200
Reykjavíkurvegi 68 • 220 Hafnarfirði • s: 5557220
www.hafid.is

# Jóhannes eftirherma og fjármálaséní

„Já, svo segja þeir,“ segir Jóhannes Kristjánsson eftirherma spurður hvort hann sé það fjármálaséní sem af er látið.

Fyrir um mánuði birti tímaritið Séð og heyrt frétt þess efnis að Jóhannes hafi á ákveðnum tímapunkti tekið út allt sitt fé, keypt evrur og komið þeim fyrir í bankahólfi og þar hafi féð orðið að milljónum.

„Já, þeir hringdu í mig, lásu fyrir mig fréttina og sögðu að hún myndi birtast,“ segir eftirherman hlæjandi og hafði lítið um það að segja. „Þetta voru einhverjir hundrað þúsund kallar sem hafa tvöfaldast og vel það. Ég tók þetta út fyrir ári. Sá þetta allt fyrir.“

Ekki er það svo að mikið hafi verið um það að fólk hafi leitað til Jóhannesar hvað varðar fjármálaráðgjöf þó svo að skemmtikrafturinn segist ekki liggja á kunnáttu sinni á því sviði. Hann gerir reyndar ráð fyrir því að hið opinbera, fjármálageirinn og bankar muni setja sig í samband en líklega verði það ekki fyrr en kreppan hefst. Sem er í júní á næsta ári. „Þetta byrjar þá. Það er engin kreppa núna. En þá verða allir boðnir upp. En ég myndi veita þeim ráðgjöf fyrir ekki neitt. Jú, kannski grautarskál.“ Aðspurður hvert leyndarmálið sé að baki velgengni hans á fjármálasviðinu segir Jóhannes það vera að spara. „Herða sultarólina, aldrei kaupa neitt nema eiga fyrir því – ekki svo mikið sem tyggjópakka, banna bílainnflutning og svona ýmislegt.“ Jóhannes er þegar byrjaður að safna í hlöður og búa sig undir efnahagslega ísöld.



**FJÁRMÁLASÉNÍ** **Jóhannes** mun ekki taka nema grautarskál fyrir fjármálaráðgjöf til handa hinu opinbera.

- jbg

Þriðjudagstilboð

# 15% afsláttur

## af snyrtivörum og dömuundirfötum

Þriðjudagstilboð gildir ekki með öðrum tilboðum







DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





**Gesthús Dúna**

Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is





**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur


## *Ljómi sjálfsblekkingarinnar*

Vilji maður trúa á hæfni einhvers þarf ekki nema ein meðmæli til að fullvissa mann um gæði viðkomandi. Fari einhver í taugarnar á manni getur heill skjalaskápur af lofi hins vegar ekki sannfært mann um kosti manneskjunnar. Það sama á við um það sem við höldum um okkur sjálf. Við blekkjum okkur óméðvitað til að sannfæra okkur um eigin mannkosti sem og þeirra sem við kunnum vel við. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar sem leiða þessa annmarka veruleikasýnar okkar í ljós. Ein skemmtilegasta bók um mannshugann sem held að hafi verið þýdd á íslensku er bókin Hnotið um hamingjuna en í henni er raunveran og þær breytingar sem hún tekur í huga okkar reifaðar á bráðskemmtilegan hátt.

**MÉR** hefur verið hugsað til þessarar bókar og þeirrar visku sem hún hefur að geyma að undanförnu. Hún varpar ljósi á hvers vegna einarðir stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins geta sagt að hér á landi sé allt í allra besta lagi, bestu menn haldi um stjórnartaumana og við þeim megi ekki hrófla. Það séu fífl sem haldi öðru fram. Speki persónunnar Altúngu í sögunni Birtíngi um að allt í veröldinni sé eins og best sé á kosið er þægileg sýn á heiminn.

**FULLYRÐINGAR** um að stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins hafi orðið landinu til góðs og íbúar þess séu ekkert í svo hrikalega slæmum málum hljómar nú eins og brandari. Innst inni langar mann auðvitað að trúa því að sannleikskorn leynist í slíkum málflutningi, en þá getur maður ekki annað en rifjað upp eldri viðbrögð íslenskra ráðamanna við hrakspám erlendra sérfræðinga. Þær þóttu ekki svaraverðar.

**MIKIÐ** kemur á óvart að þrátt fyrir allt sem á undan er gengið í íslensku samfélagi virðist heimssýn íslenskra stjórnmálamanna hafa haldist óbreytt. Á sama tíma virðist jafnvel Alan Greenspan, fyrrverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna og einn helsti trúboði frjálshyggjunnar síðustu áratugi, hafa gengið af sinni trú þegar skjalaskápar uppfullir af sannindum um að trú hans á heiminn væri röng hrönnuðust upp. Einlæg trú verður þó ekki alltaf afruglúð en það verður hálf kjánalegt að fylgjast með slíku. Svona rétt eins og að fylgjast með helsta kvennaljóma gagnfræðaskólans slá um sig í skjóli gamalla vinsælda á bekkjarmóti.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 16. desember, 351. dagur ársins**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.18 | 13.23 | 15.29 |
| Akureyri | 11.34 | 13.08 | 14.42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


OFURDAGUR BENSÍNORKUNNAR




FÁÐU ÞÉR ÖRSMÁAN LYKIL AÐ MIKLU MEIRI SPARNAÐI

**Í dag er Ofurdagur á Orkustöðvunum**

# -5 kr.

**af dæluverði á öllum stöðvum fyrir handhafa Orkulykla**

DYNAMO REYKJAVÍK

**Fáðu þér lykil að sparnaði**

**Alltaf 2 króna afsláttur**
af dæluverði Bensínorkunnar sem kannanir sýna að er lægra en hjá öðrum aftur og aftur og enn aftur!




**Vertu með og veldu sparnað.** Pantaðu nýja Orkulykilinn á **www.orkan.is** eða í síma **533 5123** og við sendum hann um hæl þér að kostnaðarlausu með innbyggðum **2 króna** afslætti og **5 króna** afslætti við fyrstu áfyllingu og á Ofurdögum Bensínorkunnar. **Vertu bleikari og fáðu ódýrara eldsneyti!**

Á Ofurdögum gilda ekki aðrir afslættir. Viðskiptavinur fær ávallt þann afslátt sem hagstæðastur er hverju sinni.

ORKAN BENSÍN
SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!